

26–27

28–29

30–31

Hefur tekið við nær 63.000 tonnum af lífrænum úrgangi á áratug

Gríðarlegir möguleikar og framtíðin björt

Íslenskir sauðfjárbændur tilbúnir að takast á við verkefni framtíðarinnar beinir í baki

Bændablaðið

8. tölublað 2019 • Fimmtudagur 2. maí • Blað nr. 537 • 25. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Fyrir marga er það nær ófrávikjanlegur hluti fyrsta sumardags að leggja leið sína að Reykjum í Ölfusi á opið hús Garðyrkjuháskóla Landbúnaðarháskóla Íslands. Um þessar mundir er því fagnað að 80 ár eru liðin frá upphafi garðyrkjunenntunar á Reykjum. Því var vel við hæfi að fyrrverandi skólustjóri Garðyrkjuháskólans, Grétar J. Unnsteinsson, sem er bæði fæddur og uppalinn á Reykjum, hlyti heiðursverðlaun. Fjölmenni lagði leið sína í Ölfusið í blíðskaparveðri og fékk þar fjölbreytta innsýn inn í starfsemi tengda garðyrkju á Íslandi. Meðal annars gátu gestir spreytt sig í trjáklifri hjá Orra arborista hjá Trjáprýði. – Sjá nánar bls. 4 og 7.

Mynd / ghp

Aukinn útflutningur á mjólkurafurðum

Mjólkurframleiðslan á Íslandi hélt áfram að aukast á síðasta ári samkvæmt tölum MAST samhliða umtalsvert auknum útflutningi. Heildarframleiðslan 2018 nam 152.501.074 lítrum, eða rúmlega 152 þúsund tonnum.

Var framleiðslan komin í 152.501.074 lítra árið 2018 og nam aukningin í fyrra 1.296.373 lítrum, eða 0,86%. Suðurland var með mesta mjólkurframleiðslu á landsvísu 2018. Þar var framleiðslan í fyrra 57.093.799 lítrar.

Það vekur athygli að samkvæmt tölum frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM), sem MAST vísar til, voru fluttir út sem nam rúmum 7,3 milljónum lítra af mjólk umreiknaðri í fitu, sem er 124,9% aukning frá árinu 2017. Þá voru fluttir út ríflega 22,8 milljónir lítra umreiknað í prótein á árinu 2018, sem er 33,14% aukning frá fyrra ári. Á sama tíma hefur heildarsala á fitugrunni staðið í stað á innanlandsmarkaði en minnkað talsvert hvað varðar sölu á próteingrunni.

Heildarsala mjólkurvara frá aðildarfélögum SAM, mælt í kílóum og lítrum, minnkaði um 2,2% frá árinu 2017 til 2018, eða um 1.290 tonn. Mestur var samdráttur í sölu léttmjólkur, um 1.170 tonn. Á sama tíma jókst innflutningur mjólkurvara á fitugrunni um 12,4%. /HK/

Halldór Runólfsson, fyrrverandi yfirdýralæknir, segir óhjákvæmilegt að frumvarp um dýrasjúkdóma verði að lögum: Mest hættu stafar af innflutningi lifandi dýra en einnig af húsdýraáburði og ferðamönnum

— segir hættu á að svínapest berist til landsins með innflutningi ferðamanna á matvælum og þar þurfi að herða reglur

Halldór Runólfsson, fyrrverandi yfirdýralæknir og skrifstofustjóri í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, segir óhjákvæmilegt að Alþingi samþykki í öllum meginatriðum frumvarp til laga um dýrasjúkdóma.

Í umsögn vegna frumvarpsins rekur hann áhættuþættina og mótvægisáðgerðir sem gert er ráð fyrir. Hann segir þó jafnframt að Ísland hafi staðið frammi fyrir því að ef matvælalöggjöf ESB yrði ekki innleidd með viðunandi hætti, þá væri hættu á því að ESB gerði fisk frá Íslandi að þriðju ríkja vöru.

Verið að fórna minni hagsmunum fyrir meiri

„Því varð að fórna minni hagsmunum fyrir meiri og þessi áhætta er í raun enn til staðar, ef ofangreint frumvarp nær ekki fram að ganga,“ segir Halldór m.a. í umsögn sinni.

Mest hættu varðandi innflutning lifandi dýra

Að mati Halldórs eru áhættustigin samt nokkur. Þar er m.a. um að ræða innflutning lifandi dýra sem hann segir vera mestu áhættuna og nauðsynlegt sé að standa vörð um áframhaldandi bann við innflutningi á lifandi dýrum.

Líklegt að leyfa þurfi innflutning á húsdýraáburði í frjálsu flæði

Þá nefnir Halldór að innflutningur á húsdýraáburði og rotmassa sem í er húsdýraáburður, sé talinn næst hættulegastur. Í frumvarpinu sé gert ráð fyrir áframhaldandi banni við þessum innflutningi.

„En það eru blíkur á lofti, því ESB hefur gefið út nýja reglugerð um áburð, sem gildir líka um lífrænan áburð, það er að segja um húsdýraáburð og rotmassa. Þar sem Ísland hefur tekið upp samræmdar

reglur um áburð við gildistöku EES-samningsins, þá verðum við að innleiða þessa nýju reglugerð og leyfa húsdýraáburð í frjálsu flæði, nema að Ísland muni berjast fyrir að fá ákveðnar undanþágur frá slíku,“ segir Halldór. Hann hefur unnið sérstakt áhættumat fyrir ráðuneytið um þetta mál og þar er lagt til að Ísland verði að krefjast þess að fá ákveðnar undanþágur frá því að „lífrænn áburður yrði í frjálsu flæði“.

Svínapest gæti borist til landsins með hrápylsnum

Halldór nefnir einnig mikla áhættu sem stafi af ferðamönnum.

„Smygl á matvælum sem unnin eru úr afurðum af heimaslátruðum eða villtum dýrum. Sem dæmi má nefna hrápylsur úr villisvínum, þar sem hættu er á að þau hefðu verið sýkt af afrískri svínapest, sem nú breiðist út í Evrópu. Ef þessum pylsum væri hent, þar sem svín á

Íslandi kæmst í þær, gæti illa farið og sjúkdómurinn breiðst út hér á landi. Eftirlit með þessu máli á Keflavíkurflugvelli og Seyðisfirði hefur alls ekki verið nægjanlegt,“ segir Halldór.

Frárennismál ekki í lagi víða á ferðamannastöðum

Hann telur jafnframt að erlendir ferðamenn geti borið með sér sjúkdómsvaldandi og sýklalyfja-ónæmar bakteríur. Ef frárennismál eru ekki í lagi, sem er nokkuð víða á landsbyggðinni, þá geta þessar bakteríur borist í dýr og fólk. Sem dæmi nefnir hann að rétt eftir aldamótin 2000 hafi greinst slíkar bakteríur í frárennsli frá þekktum viðkomustað ferðamanna á Suðurlandi.

Nauðsynlegt að herða reglur

„Varðandi áhættuna af komu

ferðamanna, þá er bráðnaðsynlegt að innleiða reglugerð (EB) nr. 206/2009 um innflutning ferðamanna á dýraafurðum til einkaneyslu. Það er löngu tímabært að innleiða þessa reglugerð, en það hefur reynt erfitt meðan hráa kjöts-bannið hefur verið í gildi. Með þessari reglugerð verða hertar reglur um eftirlit með farþegum við komu til landsins og þá sérstaklega frá löndum utan EES, svo sem með notkun hunda sérhæfðum í að finna smygl á kjöti og aukinni notkun á tækjabúnaði til að gegnumlýsa töskur. [...]

Það er einnig áhætta sem fylgir innflutningi á hráu ófrystu kjöti og hráum eggjum og ostum sem eru unnir úr ógerilsneyddri mjólk. En það er í raun og veru ekki ykja mikill munur á frystu og ófrystu hráu kjöti hvað varðaði sjúkdómsvaldandi og sýklalyfja-ónæmar bakteríur, nema hvað varðaði alifuglakjöt mengað af kamfýlóbakter,“ segir Halldór m.a. í umsögn sinni. /HK/

FRÉTTIR



Ingvi Stefánsson er áfram formaður Félags svínabænda. Mynd / HKr.

Félag svínabænda:

Ingvi áfram formaður

Aðalfundur Félags svínabænda var haldinn á Hótel Sögu föstudaginn 26. apríl. Ein breyting varð í stjórn félagsins, en Guðný Tómasdóttir á Ormsstöðum fór úr stjórn og inn kemur Sveinn Jónsson á Minni Vatnsleysu. Ingvi Stefánsson, Teigi er áfram formaður og Geir Gunnar á Vallá með honum í stjórn.

Að sögn Ingva var á fundinum varið talsverðum tíma í umfjöllun um frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem liggur fyrir Alþingi, en það heimilar meðal annars innflutning á hráu, ófrystu kjöti. /smh

Flutningur á grænmeti: Að fullu kolefnisjafnaður

Sölufélag garðyrkjumanna og Kolviður hafa undirritað samning sem felur í sér að flutningur á grænmeti frá grænmetisbændum í Sölufélagi garðyrkjumanna í verslanir verður kolefnisjafnaður að fullu.

Íslenskt grænmeti er því orðið enn grænna en áður og neytendur fá tryggingu fyrir því að kolefnisfótspor á flutningi grænmetisins eru jöfnuð að fullu af vottuðum aðilum.

Samningurinn felur m.a. í sér að haldið er sérstakt kolefnisbókhalda til að reikna út kolefnisfótspor í flutningum frá bónda og í verslanir. Út frá þeim gögnum er trjámet plantað á tilgreindum svæðum og eru þau vernduð í 60 ár. Þannig er allur akstur vörunnar kolefnisjafnaður.

Kolviður er sjóður sem starfar samkvæmt skipulagsskrá samþykkt af stjórnvöldum 2006 og lýtur eftirliti Ríkisendurskoðunar. Stofnendur sjóðsins eru Skógræktarfélag Íslands og Landvernd með stuðningi ríkisstjórnar Íslands, en markmið hans er binding kolefnis í gróðri og jarðvegi til að draga úr styrk koltvívíxíðs (CO₂) í andrúmslofti.

Viðskipajöfnuður hagstæður

Á tímabilinu janúar til mars 2019 voru fluttar út vörur fyrir tæplega 174 milljarða króna en inn fyrir 173,5 milljarða (185,7 milljarða króna cif). Því var jöfnuður á vöruskiptum við útlönd sem nam 493,9 milljónum króna reiknað á fob verðmæti. Á sama tíma fyrir ári voru vöruskiptin óhagstæð um 30,3 milljarða á gengi hvors árs.

Á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019 var verðmæti vöruútflutnings tæplega 36,3 milljónum króna herra en á sama tímabili árið áður, eða 26,4% á gengi hvors árs. Iðnaðarvörur voru 44,4% alls útflutnings og var verðmæti þeirra 5,1% herra en á sama tíma árið áður. Sjávarafurðir voru 36,2% alls vöruútflutnings og var verðmæti þeirra 15,7% herra en á sama tíma árið áður. /HKr.

Samband garðyrkjubænda, ASÍ, fræðimenn og 9 fyrrum ráðherrar vara við orkupakka 3

Samband garðyrkjubænda (SG) sendi nefndarsviði Alþingis umsögn vegna þriðja orkupakkans. Í umsögninni er áréttuð hörð andstaða við samþykkt orkupakkans sem ítrekað hefur reyndar komið fram í viðtölum við formann SG á undanförunum mánuðum. Í umsögn SG segir m.a.:

Samband garðyrkjubænda leggst gegn því að framangreind tillaga til þingsályktunar verði samþykkt og leggur áherslu á eftirfarandi:

- Ekki skal ganga til frekari innleiðingar á tilskipunum í orkumálum meðan ekki liggur fyrir óbyggjandi og staðfest túlkun á því að Íslendingar fari með fullt forræði yfir raforkumálum hérlendis.
- Nauðsynlegt er að meta hver áhrif af innleiðingu framangreindra breytinga hefði á Íslandi.
- Umræða síðustu mánaða hefur leitt í ljós að mikill ágreiningur er uppi um möguleg áhrif og túlkun á því hver raunverulega fari með forræði orkumála hérlendis á öllum stigum.
- Að ekki verði gengið til þess að tengja Ísland við raforkukerfi annarra landa og að stuðningur við ákveðnar framleiðslugreinar t.d. í formi raforkuniðurgreiðslna til garðyrkju verði áfram heimill samkvæmt lögum.
- Ekki skal flytja orku út um sæstreng, sem um hverja aðra hrávöru væri að ræða, líkt og gert er ráð fyrir í áformum sem birtast m.a. á vefsíðu Landsvirkjunar.
- Innlenda orku skal nota til innlendra framleiðslu og styrkja þannig samkeppnisstöðu innlendra vara og þjónustu. Mikilvægt er að sá virðisauki sem felst í úrvinnslu afurða og nýtingu orkunnar verði eftir hérlendis.
- Íslensk garðyrkja þarf að búa við hagfellda innviði og raforkuverð til ylræktar er þegar of hátt. Hækkun á raforkuverði hefði alvarlegar afleiðingar fyrir greinina.



Gunnar Þorgeirsson, formaður Sambands garðyrkjubænda. Í umsögn SG til nefndarsviðs Alþingis um orkupakka 3 segir m.a. að innlenda orku skuli nota til innlendra framleiðslu og styrkja þannig samkeppnisstöðu innlendra vara og þjónustu. Mikilvægt sé að sá virðisauki sem felst í úrvinnslu afurða og nýtingu orkunnar verði eftir hérlendis.

Þá skorar Samband garðyrkjubænda á íslensk stjórnvöld að láta þegar af áformum og breytingum á íslenskum lögum sem greiða fyrir þeim hugmyndum sem uppi eru um lagningu sæstrengs milli Íslands og annarra landa og flutningi orku um hann.

„Enginn þarf að velkjast í vafa um að lagning sæstrengs er raunveruleg fyrirætlan og nægir þar að benda á upplýsingar á vefsíðu Landsvirkjunar“, segir meðal annars í umsögninni.



Drífa Snædal, forseti ASÍ.

Alþýðusamband Íslands gegn orkupakka 3

Alþýðusamband Íslands hefur einnig sent umsögn til Alþingis vegna þingsályktunartillögu utanríkisráðherra um þriðja

orkupakkann. Drífa Snædal, forseti sambandsins, skrifar undir umsögnina og bendir hún á að málið hafi verið afar umdeilt meðal þjóðarinnar og kjörinna fulltrúa og verði ekki slitið úr samhengi við umræðuna um hvaða grunnstoðir eigi að vera í samfélagslegri eigu og undanskildar markaðslögmálum.

„Rafmagn er undirstaða tilveru okkar í dag og það er samfélagsleg ábyrgð að tryggja framleiðslu og flutning til allra, sú ábyrgð er of mikil til að markaðurinn fái að véla með hana enda hefur markaðsvæðing grunnstoða yfirleitt ekki bætt þjónustu, lækkað verð né bætt stöðu starfsfólks. Það er forsenda fyrir áframhaldandi uppbyggingu lífsgæða að eignarhald á auðlindum sé í samfélagslegri eigu og að við njótum öll arðs af nýtingu auðlindanna og getum ráðstafað okkar orku sjálf til uppbyggingar atvinnu hér á landi“, segir í umsögn Alþýðusambandsins.

Áður höfðu verkalyðsforingjar lýst andstöðu við áform um innleiðingu orkupakka 3. Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, sagði m.a.: „Hin ofsafengnu viðbrögð þekktra hagsmunaafla við réttmætum spurningum og gagnrýni gefa svo sannarlega tilefni til að staldra við. [...] Það er mikið undir fyrir félagsmenn okkar og fyrirtækin. Hærrí orka þýðir herra vöruverð og lægri kaupmátt



Verkalyðsforingjarnir Ragnar Ingólfsson, formaður VR, og Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalyðsfélags Akraness og varaforseti ASÍ, hafa báðir lýst yfir andstöðu við innleiðingu á orkupakka 3.

og lakari samkeppnishæfni. Herra orkuverð dregur úr möguleikum okkar til meiri sjálfbærni.“

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalyðsfélags Akraness og varaforseti ASÍ, sagði:

„Ég er sannfærður um að þessir orkupakkar eru vegvisar að því að við sem þjóð missum hægt og bitandi yfirráðarétt okkar yfir okkar mikilvægustu auðlind sem eru orkuauðlindirnar.“

Bakarar, fyrrum ráðherrar og fjöldi fræðimanna leggiast gegn orkupakkaáformum

Landssamband bakameistara leggst einnig gegn innleiðingu orkupakka 3. Jóhannes Felixson, formaður Landssambands bakameistara, telur að innleiðing þriðja orkupakkans muni leiða til hækkunar á raforkuverði og veikja þar af leiðandi samkeppnisstöðu bakaríá sem og íslensks iðnaðar.

Þá hafa níu fyrrverandi ráðherrar í ríkisstjórn Íslands lýst andstöðu sinni við þessa innleiðingu, Davíð Oddsson, Guðni Ágústsson, Hjörleifur Guttormsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Jón Bjarnason, Páll Pétursson, Sighvatur Björgvinsson, Tómas Ingi Olrich og Ögmundur Jónasson. Einnig fjöldi sérfræðinga, tæknimanna og vísindamanna á ýmsum sviðum, eins og Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar. Sveitarfélagið Skagafjörður, sem og lögfræði- og sérfræðilít úr ýmsum áttum, bæði innlend og erlend, vara einnig við þessari innleiðingu. /HKr.

Skoðanakönnun MMR:


Meirihluti vill ekki heimila innflutning á fersku kjöti

MMR birti á mánudaginn niðurstöður úr könnun á skoðun Íslendinga á innflutningi á fersku kjöti frá löndum á Evrópska efnahagssvæðinu. Þar kemur fram að 55 prósent fólksins sem tók afstöðu er andvíg slíkum innflutningi, en 27 prósent er honum fylgjandi.

Könnunin var gerð dagana 11.–14. mars 2019. Alls kváðust 38% aðspurðra mjög andvíg því að slíkur innflutningur verði heimilaður, 18% kváðust frekar andvíg, hvorki fylgjandi né andvíg sögðust 17 prósent vera, 15 prósent frekar fylgjandi og 12 prósent mjög fylgjandi.

Andstaða eykst með auknum aldri

„Karlar (37%) reyndust líklegri en konur (17%) til að segjast fylgjandi því að innflutningur á



fersku kjöti frá löndum af Evrópska efnahagssvæðinu verði heimilaður en 63% kvenna kváðust andvíg slíkum innflutningi, samanborið við 48% karla. Andstaða gegn innflutningi jókst með auknum aldri en 70% svarenda á aldrinum 68 ára og eldri kváðust frekar eða mjög

andvíg því að innflutningur verði heimilaður, samanborið við 52% þeirra 18–29 ára og 49% þeirra 30–49 ára. Stuðningur við innflutning reyndist mestur á meðal svarenda á aldrinum 30–49 ára (34%) en minnstur hjá þeim 18–29 ára (20%).

Þá reyndust svarendur búsettir á landsbyggðinni líklegri til að segjast andvíg innflutningi á fersku kjöti (69%) heldur en íbúar höfuðborgarsvæðisins (47%) en yfir helmingur landsbyggðarbúa kváðust mjög andvígur (55%). Svarendur af höfuðborgarsvæðinu reyndust hins vegar líklegri til að segjast fylgjandi því að innflutningur verði heimilaður (33%) heldur en þeir af landsbyggðinni (17%)“, segir í frétt á vef MMR.

Í úrtaki voru einstaklingar 18 ára og eldri, valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR. Alls svöruðu 1.025 einstaklingar spurningum MMR. /smh

Vinningar í hverri viku – Happdrætti DAS



Taktu þátt!

Með þátttöku sinni í Happdrætti DAS hefur fólkið í landinu lyft grettistaki í málefnum aldraðra. Öldruðum fjölgar og biðlistar lengjast svo þörfin á nýjum úrræðum er mikil.



Fleiri vinningar og hærri upphæðir en nokkru sinni fyrr

Bygging hjúkrunarheimilis, þjónustumiðstöðvar og leiguíbúða fyrir aldraða við Sléttuveg er vel á veg komin. Gert er ráð fyrir verklokum á árinu 2020.

Nýtt happdrættisár fram undan með enn glæsilegri skattfrjálsum vinningum

- Sex 30 milljóna króna vinningar á tvöfaldan miða eða 15 milljónir króna á einfaldan miða
- Drögum út meira en 51 þúsund vinninga á árinu

➤ Kaupu miða núna á das.is eða í síma 561 77 57



Fylgstu með okkur á Facebook og á das.is

Miðaverð er 1.700 kr. á mánuði fyrir einfaldan miða og 3.400 kr. fyrir tvöfaldan miða



can-am



**TÆKI SEM ÞÚ
GETUR TREYST Á**



OUTLANDER

650 FB 6X6

VERÐ ÁN VSK

2.250.000.KR

VERÐ MED VSK

2.790.000.KR



TRAXTER

HD5 4X4

VERÐ ÁN VSK

1.930.000.KR

VERÐ MED VSK

2.390.000.KR

ELLINGSEN

FISKIÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1-3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

BRP@ELLINGSEN.IS

LÍF & STARF



Börnum gafst kostur á að taka þátt í ratleik sem leiddi þau um undraveröld Garðyrkjuháskólans. Hér höfðu þessar vinkonur ratað á Bóbó apa á bananaknippi í hitabeltisgróðurhúsinu. Myndir/ghp

Sumarstemning á Reykjum

Fyrir marga er það nær ófrávikjanlegur hluti fyrsta sumardags að leggja leið sína að Reykjum í Ölfusi.

Ár hvert opna starfsfólk og nemendur Landbúnaðarháskólans á Reykjum dyr sínar að þeirri skemmtilegu veröld sem skólabyggingar og umhverfi þess eru. Gestir gátu þar kynnt sér starfsemina, gætt

sér á heimaræktuðum afurðum, farið á hestbak, klifrað í trjám, virt fyrir sér landbúnaðarvélur og farið í ratleik svo eitthvað sé nefnt.

Veðrið lék við Reyki og gestir því að vonum í sumarskapi eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.



Veðrið lék við gesti á Reykjum. Þessi dreypu á ketilkaffi skógarhöggsmanna með bestu lyst.



Garðyrkjufélag Íslands kynnti starfsemi sína og fróðlegar bækur um garðyrkju.



Karllakór Hveragerðis undir stjórn Örlýgs Atla Guðmundssonar hóf upp raust sína í skemmtilegum snarskara (e. flash mob) við upphaf hátíðardagskrár.



Forsetahjónin ásamt forstöðukonu Landbúnaðarháskólans á Reykjum, Guðríði Helgadóttur. Mynd/Björgvin Eggertsson

MÆLT AF MUNNI FRAM

224

Þeir frændur, Höskuldur Einarsson frá Vatnshorni og Sigurbjörn Kristjánsson frá Finnsstöðum, fylltu síðasta vísnaþátt. Ögn gekk af úr vísium Höskuldar, sem harmur er að hafa ekki í þættinum. Á sauðburði gerði vorhret á Vatnshorni. Höskuldur orti Drottni óskabrag:

Vemdu Drottinn freðin frá fram til innstu dala. Láttu sól og blíðan blæ blómin vekja af dvala.

Veittu þína vernd og hlíf verði kaldar nætur, þegar nýfætt lítið líf langar að rísa á fetur.

Glóeyjar við geislabrá grænki skógarrunninn, líka vaxi lítil strá og lambagras í munn.

Til bernsku sinnar á Finnsstöðum orti svo Höskuldur:

Sporin gleymast, munir mást, manna eimist gengi. Sporin heima, æskuást ýmsa dreymir lengi.

Sviðamessa er jafnan haldin í Dölum vestur hvert haust. Þangað er boðið hagröðingum, og þykir Dalafólki slægur í Péttri Péturssyni þar á palli. Á síðasta hausti, 26. október, reisti Pétur vestur, og var vel búinn vísium. Um sig sjálfan orti hann:

Karlinn bermáll einatt er, ódæll verið getur. Kosti mera klókur sér, kallast Stera-Pétur.

Það þykir ómissandi að hagröðingarnir yrki hver öðrum einhverja umsögn. Pétur orti þá, og var óvanalega blíðmáll:

Þeir vísur einatt góðar gera en gjarnan versta leir. Samt mér þykir sæmd að vera á sama palli og þeir.

Til Jóhannesar á Gunnarsstöðum orti Pétur, og þar má þekkja innreitið sem hann elur frekast:

Nýtist Jóa nokkuð flott að narta í æru mína. Hamslaus yrkir háð og spott hann um vini sína.

Helgi á Snartarstöðum sat á palli. Á hann sóaði Pétur hringhendu:

Kynlífs-spatt hann kyndir glóð, kveðskap startar glóðum. Hann er smart og heillar fljóð Helgi á Snartarstöðum.

Fyrir var lagt, að yrkja um ótíðina á Suður- og Vesturlandi síðasta sumar. Pétur orti svo:

Syðra fátt sálina gleður í síðustu og verstu hrinu. Þar ríkir viðbjóðslegt veður til viðbótar öllu hinu.

Fyrir norðan ríkti hins vegar sælutíð með ærinni uppskeru þess sumars. Norðmenn voru reyndar í heyleysi, og seldu birgir bændur þeim gnótt af heyi. Pétur orti um það:

Þeir sem arðinn engan fá úrlausn sjá nú góða, því norskra bænd neyð hér má nýta sér til gróða.

Hvílum nú Pétur að sinni. Afmælisvísur hafa lengi verið ortar til afmælisbarna, ungra sem aldinna. Í fimmtugsafmæli mitt og Áslaugar Önnu, bónda í Arnesi í Aðaldal, mætti frændi okkar, Baldur Ófeigur Einarsson, frá Ófeigsstöðum. Hann færði okkur til afmælis hvíta plastfötu, tóma með öllu, en þessa frumlegu vísu með:

Þótt eflaust núna ætti að gefa blóm, og eitthvað gott til málanna að leggja; er fatan sem í fyrstu virðist tóm full af hamingju til ykkar beggja.

Umsjón: **Árni Geirhjórtur Jónsson** kotabyggd1@gmail.com



Rússneski Terem-kvartettinn spilar í Hörpu

Rússneski Terem-kvartettinn er væntanlegur hingað til lands til tónleikahalds 12. maí nk. í Hörpu í Reykjavík ásamt söngvurunum Diddú og Ólafi Kjartani.

Terem-kvartettinn var stofnaður í Pétursborg árið 1986 og er þekktur víða. Tónlistarmennirnir eru heiðurslistamenn í sínu heimalandi en þeir komu fram á Íslandi árið 2005 og aftur 2007. Árið 2008 var gefinn út geisladiskur með Terem og Diddú sem inniheldur m.a. lög eftir Sigfús Halldórsson o.fl. lagahöfunda. Sveitin mun flytja þekkt erlend verk ásamt valinkunnum íslenskum verkum.

Það er Oddfellowstúkan Þórsteinn sem stendur fyrir stórtónleikum hins rússneska Terem-kvartetts ásamt gestasöngvurunum Diddú og Ólafi Kjartani. Allur ágóði af tónleikunum rennur óskertur til lífnarmála.

Tónleikarnir eru þann 12. maí nk. og hefjast kl. 16.00. Miðasala fer fram á harpa.is og tix.is.



Rússneski Terem-kvartettinn heldur tónleika í Hörpu 12. maí nk. ásamt söngvurunum Diddú og Ólafi Kjartani.

FRÉTTIR



Mæltist umboðsmaður til þess að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra gerði ráðstafanir, í samræmi við þau sjónarmið sem fram koma í álitinu, til að rétta hlut ullarframleiðenda.

Umboðsmaður Alþingis: Ráðherra óheimilt að setja afturvirk ákvæði um ullargreiðslur

Umboðsmaður Alþingis hefur sent frá sé álit vegna uppgjors á ullargreiðslum vegna máls sem umboðsmaður lauk nýverið eftir að sauðfjárbóndi hafði kvartað yfir breytingum sem gerðar voru á uppgjörstímabili greiðslna árið 2017 til bænda vegna ullarnýtingar samkvæmt búvörusamningi.

Í kvörtuninni var bent á að greiðslur til ullarframleiðenda hefðu lækkað verulega umrætt ár frá því sem orðið hefði ef fyrri framkvæmd hefði verið viðhöfð þar sem umsamin heildarfjárhæð samkvæmt búvörusamningi fyrir ullina hefði skipst niður á meira magn ullar vegna lengra tímabils.

Ráðherra óheimilt að setja afturvirk ákvæði

Niðurstaða umboðsmanns var að ráðherra hefði ekki verið heimilt að setja með afturvirkum hætti ákvæði til bráðabirgða í reglugerð og lengja uppgjörstímabili vegna ullarnýtingar um tvo mánuði frá því sem tíðkast hafði um árabíl. Það fyrirkomulag sem viðhaft var hefði ekki samrýmst þeim reglum sem viðhafa þurfi við breytingar á stjórnsýsluframkvæmd. Breytingin hafi farið gegn réttmætum væntingum ullarframleiðenda sem hefðu lagt inn ull á því tímabili sem fyrri framkvæmd tók til. Að auki hafi bráðabirgðaákvæði í reglugerðinni sem sett var, falið í sér afturvirka lagasetningu en það

var birt tveimur mánuðum eftir að því uppgjörstímabili sem áður hafði verið miðað við lauk.

Mælt til að ráðherra rétti hlut ullarframleiðenda

Mæltist umboðsmaður til þess að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra gerði ráðstafanir, í samræmi við þau sjónarmið sem fram koma í álitinu, til að rétta hlut viðkomandi og annarra ullarframleiðenda sem lagt hefðu inn ull á umræddu tímabili. Jafnframt að ráðuneytið gætti framvegis að þessum sjónarmiðum við breytingar á stjórnsýsluframkvæmd og útgáfu reglugerða af því tilefni.

Nauðsynlegt að kynna breytingar vel

Í frétt á heimasíðu umboðsmanns Alþingis um málið segir meðal annars að þegar stjórnvald breytir stjórnsýsluframkvæmd sem tíðkast hefur um lengri tíma án þess að lagabreyting komi til reynir á þá óskráðu reglu, sem mótast hefur m.a. í dómum Hæstaréttar, um að stjórnvald þurfi að kynna hana með þeim hætti að þeir sem eiga hagsmuna að gæta geti gætt réttar síns. Við slíkar breytingar getur einnig reynt á réttmætar væntingar hlutaðeigandi og að slík breyting sé í reynd ekki gerð með afturvirkum hætti til dæmis við birtingu reglna.

VH

Sótt um vernd fyrir afurðarheitið „Íslensk lopapeysa“

Framleiðendahópur á handþrjónuðum íslenskum lopapeysum hefur sótt um vernd fyrir afurðarheitið „Íslensk lopapeysa“ til Matvælastofnunar. Það er Handþrjónasamband Íslands sem er í forsvari fyrir umsókninni.

Umsóknin var send inn 1. júní á síðasta ári en Matvælastofnun tilkynnti um umsóknina á vef sínum í dag. Sótt er um vernd á afurðarheitið „Íslensk lopapeysa“ á grundvelli laga um vernd afurðarheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu. Lögin voru samþykkt á Alþingi í lok desember 2014, en markmið þeirra er að veita þeim afurðum sem uppfylla kröfur og skilyrði nauðsynlega lagalega vernd – auk þess að stuðla að aukinni neytendavernd og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti.

Í tilkynningu Matvælastofnunar kemur fram að samkvæmt lögnum er heimilt að andmæla fyrirhugaðri



Íslensk lopapeysa. Mynd / Icelandic lamb Mynd / Icelandic lamb

skráningu á þessu afurðarheiti og afurðarlýsingu áður en endanleg ákvörðun er tekin um skráningu. Skal það gert innan tveggja mánaða frá birtingu auglýsingar um hana, sem er fyrir 29. júní 2019. Andmælum skal skila skriflega til Matvælastofnunar á netfangið mast@mast.is. Umsóknina og afurðarlýsinguna er að finna á vef Matvælastofnunar.

Áður hefur Matvælastofnun samþykkt „Íslenskt lambakjöt“ sem verndað heiti, en það var gert 12. febrúar 2018.

/smh

Norrænu matarverðlaunin verða afhent 1. júní í Hörpu í Reykjavík:

Sjö tilnefndir til Embluverðlaunanna

Norrænu Emblu-matarverðlaunin verða afhent í Reykjavík 1. júní næstkomandi. Búið er að velja þá sjö keppendur sem taka þátt fyrir Íslands hönd í jafnmörgum keppnisflokkum. Auglýst var eftir tilnefningum á öllum Norðurlöndunum og alls bárust 320 tilnefningar, þar af rúmlega 50 hér á Íslandi.

Embluverðlaunin voru fyrst veitt í Kaupmannahöfn árið 2017. Þau eru norræn matarverðlaun sem er ætlað að hampa norrænni matarmenningu.

Þeir sem tilnefndir eru til Embluverðlauna fyrir Ísland eru:

Matvælaíðnaðarmaður Norðurlanda 2019

Rjórnabúið á Erpsstöðum. Þorgrímur E. Guðbjartsson og Helga E. Guðmundsdóttir.

Hráefnisframleiðandi Norðurlanda 2019

Vogafjós / Vogabúið í Mývatnssveit.

Embluverðlaun fyrir mat fyrir marga 2019

Veitingadeild IKEA í Garðabæ.

Miðlun um mat / Matarblaðamaður Norðurlanda 2019

Gísli Matthías Auðunsson matreiðslumaður

Mataráfangastaður Norðurlanda 2019

Traustholtshólmi í Þjórsá

Matvælafrumkvöðull Norðurlanda 2019

Íslensk hollusta

Embluverðlaun fyrir mat fyrir börn og ungmenni 2019

Matartíminn



Veitingasvið IKEA er einn fjölsóttasti veitingastaður landsins um þessar mundir. Mynd / HKR.



Á Erpsstöðum í Dölum eru framleiddir ostar og fleiri mjólkurvörur. Mynd / Erpsstaðir

Fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum munu koma saman í lok maí og dómnefndir velja sigurvegarana. Verðlaunin sjálf verða svo veitt í Hörpu í Reykjavík í samvinnu við Norrænu kokkasamtökin sem halda ársþing sitt á sama tíma í höfuðstaðnum.

Embluverðlaunin eru haldin af norrænum bændasamtökum með stuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar. Bændasamtök Íslands sjá um framkvæmd Embluverðlaunanna í ár en þau eru haldin á tveggja ára fresti. Upplýsingar um þá sem eru tilnefndir eru aðgengilegar á vefsíðunni www.



Gísli Matthías Auðunsson matreiðslumaður er tilnefndur til Embluverðlaunanna fyrir starf sitt við að boða fagnaðarindið um íslenskan mat og matarhefðir. Mynd / gislimatt.is



Vörur frá Íslenskri hollustu eru seldar víða um heim. Mynd / IH



Í Vogafjósinu geta gestir snætt þjóðlegan mat af heimaslóð undir vökulu auga þeirra sem sjá veitingahúsinu fyrir mjólkinni. Mynd / Vogafjósíó



Í Traustholtshólmi í Þjórsá er gestum boðið upp á einstaka upplifun. Nýveiddur lax á borðum og gist í mongólskum tjöldum. Mynd / th.h.is



Matartíminn er fyrirtæki í eigu Sölufélags garðyrkjubænda sem hefur náð undraverðum árangri við að auka veg grænmetis og annarra íslenskra búvara í leik- og grunnskólum. Markmið fyrirtækisins er að auki að minnka sóun.

emblafoodawards.com. Nánar eru til Embluverðlaunanna í næstu verður fjallað um þá sem tilnefndir eru til Embluverðlaunanna í næstu Bændablöðum. /TB



Úrval af vinnufatnaði fyrir sumarið

ENNEINN / SÍA / N193189

Vandaður fatnaður sem klæðir þig vel

Hlý fót, vatnsheld, vattfóðruð, lípur, þægileg, í hentugum litum og mörgum stærðum. Með hettu, hliðarvösum, rassvösum, stroffi – eða án. Þitt er valið. Við bjóðum vinnufatnað sem hentar til flestra starfa bæði úti og inni.

DIMEX
TOIMIVA TYÖVAATE

FRISTADS



Vandaðu valið – það fer enginn í skóna þína

Hvort sem þú þarft léttu vinnuskó, slitsterka og hitaþolna öryggisskó eða endingargóð stígvél með höggdeyfi þá er úrvalið hjá okkur.

DUNLOP **COFRA**

ejendals
jalas



Vinnandi hendur þurfa vörn og umhyggju

Góðir vinnuhanskar eru nauðsynlegir í öllum bústörfum. Þarftu leðurhanska í girðingavinnu eða nitrilhanska í jarðvinnu? Hjá okkur finnur þú hentuga hanska fyrir hvert starf.

TEGERA



Verslanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • Blönduós s. 440 1339 • Húsavík s. 440 1448 • Höfn s. 478 1940
Ísafjörður s. 456 3574 Klettagarðar s. 440 1330 • Ólafsvík s. 436 1581 • Patreksfjörður s. 456 1245
Reyðarfjörður s. 474 1293 • Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127

Alltaf til staðar



FRÉTTIR

Þjóðfáni Færeyinga 100 ára

— Héldu upp á daginn 25. apríl, sama dag og Íslendingar héldu upp á sumardaginn fyrsta

Sendistofa Færeyja á Íslandi efndi til hátíðar á Kjarvalsstöðum sumardaginn fyrsta, 25. maí, til að halda upp á að þá voru liðin 100 ár frá því færeyski þjóðfáninn var fyrst dreginn að húni.

Høgni Hoydal, sjávarútvegsráðherra Færeyja, hélt ræðu á hátíðinni og lýsti sögu fánans fyrir gesti af stakri snilld á þrem tungumálum, færeysku, íslensku og ensku. Þá var sunginn fánasöngur Færeyinga, og söng Evi Tausen þrjú lög í kjölfarið af sinni nýjustu plötu. Þá sýndu Færeyingar hvernig á að dansa færeyskan keðjudans og fengu gesti til að taka þátt og vakti það mikla lukku. Í kjölfarið buðu Færeyingar gestum að smakka á færeyskum matvælum og bjór, þar á meðal skerpukjöti, spiki og þurruðu reyðarhvalskjöti sem góður rómur var gerður að.

Fengu innblástur af fullveldi Íslands

Høgni Hoydal sagði að færeyski fáninn ætti sér nú 100 ára sögu og hefði sérstaka merkingu í sjálfstæðisbaráttu Færeyinga. Saga fánans væri nátengd sterkum tengslum við Ísland og íslensku sjálfstæðisbaráttuna. Innblásturinn að færeyska fáninum hafi komið eftir fyrri heimsstyrjöldina og þegar Íslendingar fengu sitt fullveldi 1918.

Færeyska fáninum var fyrst flaggað í Kaupmannahöfn og í Fámjin á Suðurey

„Færeyski fáninn [merkið] var í fyrsta sinn settur upp af færeyskum stúdentum í Kaupmannahöfn fyrir hundrað árum og hann var í fyrsta sinn notaður í Færeyjum í brúðkaupi heima í Færeyjum [22. júní] árið 1919 í þorpinu Fámjin á Suðurey. Eftir þetta var, eins og með íslenska fánann, háð langt og mikið stríð til að fá viðurkenningu fyrir notkun hans sem siglingafána Færeyinga.

Sem þjóðir hafsins og sem siglingafólk eru Íslendingar og Færeyingar með sömu hagsmunum. Færeyski fáninn var í fyrsta sinn notaður á færeyskum skipum í íslenskrí lögsögu árið 1923. Þá var færeyski fáninn notaður á færeyskum skipum sem komu að landi á Austurlandi.“



Föngulegir Færeyingar íklæddir þjóðbúningum við Kjarvalsstaði á hátíð færeyska fánans 25. apríl. Talið frá vinstri: Høgni Hoydal, sjávarútvegsráðherra Færeyja, Petur Olivar í Hoyvík, Ludvík við Stein, Atli Johansen og Jón Nónklett.

Fáninn var viðurkenndur af Bretum 25. apríl 1940


„Það var þó ekki fyrr en í seinni heimsstyrjöldinni að færeyski fáninn fékk virðingavott frá Bretum, eða breska flotamálaráðuneytinu. Það tilkynnti þá í gegnum ríkisútvarpið BBC [25. apríl 1940] að öllum færeyskum skipum væri heimilt að nota færeyska fánann. Öll stríðsárin sigldu færeysk skip í íslenskar hafnir undir færeyska fáninum og fluttu fisk til Bretlands.“

Færeyski fáninn varð til í náinni samvinnu Færeyinga og Íslendinga

„Færeyski fáninn varð því til í nánum tengslum og samvinnu milli Færeyja og Íslands. Við þökkum hjartanlega fyrir það og erum stolt af því. Við

Flöggun færeyska fánans á Þingvöllum 1930 olli diplómatskri kreppu

„Árið 1930, á hinn stóru afmælishátíð Alþingis á Þingvöllum, var Edward Mitens, þingforseta færeyska lögbingsins [Føroya lögting], boðið sem gesti að halda ræðu. Þá drógu Íslendingar færeyska fánann að húni sem olli mikilli diplómatskri kreppu á þeim tíma.“



Høgni Hoydal í ræðustól.



Fyrsti færeyski fáninn sem flaggað var í Færeyjum var dreginn að húni í brúðkaupi í Fámjin á Suðurey þann 22. júní 1919.

Fámjin á Suðurey

vonum að færeyski fáninn verði í framtíðinni ímynd áframhaldandi samstarfs og samvinnu á milli Færeyja og Íslands.

Færeyska „merkið“ blaktir samt ekki enn á öllum sviðum fyrir frjálsu og fullvalda ríki, en við erum svo nálægt því núna í uppbyggingu færeyskrar sjálfstæðisbaráttu að það verður fljótlega að veruleika,“ sagði Høgni Hoydal.

Hæfustu siglingamennirnir sem fundu Færeyjar, hina rak til Íslands

Høgni sló undir lok ræðu sinnar á léttari strengi og sagði að bæði Færeyingar og Íslendingar ættu uppruna sinn að rekja til flótta fólks undan ægivaldi og skattaáþjám

norskra konunga. Sigldu menn þá á haf út í leit að nýju landi.

„Íslendingar segja að þegar skip þeirra náðu til Færeyja, þá hafi sjóveikir í hópnum og þeir sem voru ekki alveg tilbúnir að verða sjálfstæðir, farið í land og sest þar að. Þeir sem vildu vera sjálfstæðir hafi svo siglt áfram til Íslands. Kannski eru einhver sannindi í þessu, en við höldum því aftur á móti fram að veruleikinn hafi ekki verið alveg svona.

Þegar forfeður okkar fóru frá Noregi voru þeir allir að leita að Færeyjum til að setjast þar að. Það voru þó einungis bestu siglingamennirnir sem fundu eyjarnar. Hinir þvældust um hafid, en á endanum rak þá upp að strönd Íslands.“

/HKr



Petur Olivar í Hoyvík kennir gestum á Kjarvalsstöðum hvernig eigi að dansa færeyskan keðjudans.



Gestir að smakka færeyskan mat.



Færeyska söngkonan Evi Tausen, sem heitir fullu nafni Evi Tommysdóttir Djurhuus, söng nokkur lög fyrir gesti á Kjarvalsstöðum.



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Gerður - 107 m²

Gerður er stórt og glæsilegt, 107 m² einingahús. Húsið er vel skipulagt, mjög rúmgott og einkar fallegt.

Sjá verð,
teikningar og
skilalýsingu á
husa.is

Einingahús

Vönduð hús á ótrúlega góðu verði

Húsasmiðjan hefur áratuga reynslu af sölu einingahúsa og byggingarefna á Íslandi og býður til sölu falleg, vönduð einingahús. Húsin eru hönnuð af íslenskum arkitektum og byggingatæknifræðingum fyrir íslenskar aðstæður og að sjálfsögðu í samræmi við íslenska byggingareglugerð.

Mjög einfalt og fljótlegt er að reisa húsin en þau afhendast í einingum, tilbúin til uppsetningar. Húsasmiðjan er í nánú samstarfi við hönnuði húsanna og vísar fúslega á þeirra þjónustu sé óskað frekari ráðgjafar við hönnun, skil á teikningum til sveitarfélaga o.þ.h. Við leggjum okkur fram við að ferlið sé einfalt og í góðu samráði við kaupanda. Allar einingar afhendast samsettar með hurðum og gluggum. Þakstál, flasningar, þakkantaefni og festingar fylgja með. Vandaður frágangur og hús sem hentar vel íslenskum aðstæðum.

Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar í Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar á netfanginu serverkefni@husa.is eða í síma 525 3000. Verð, teikningar, skilalýsingu og fleira má finna [wwá husa.is](http://www.husa.is).



Frígg 27 m²

Frígg er fallegt 27 m² einingahús með einu svefnherbergi.



Freyja - 40 m²

Freyja er fallegt 40 m² einingahús með einu svefnherbergi.



Sif - 60 m²

Sif er rúmgott og fallegt 60 m² einingahús með tveimur svefnherbergjum.



Gígja - 80 m²

Gígja er mjög rúmgott og fallegt 80 m² einingahús með þremur svefnherbergjum.



Byggjum á betra verði

FRÉTTIR

Græn skref í ríkisrekstri:

Á fjórða tug stofnana skila grænu bókhaldi

Þrjátíu og fjórar stofnanir skila nú grænu bókhaldi og hafa þær aldrei verið fleiri. Þar með talin eru öll ráðuneytin. Bókhaldið, sem byggir á upplýsingum um umhverfisáhrif ríkisstofnana nær til u.þ.b. 10.000 starfsmanna ríkisins.

Grænt bókhald er hluti af verkefninu Græn skref í ríkisrekstri en í bókhaldinu eiga ríkisstofnanir að fylgjast með helstu umhverfisþáttum í rekstri sínum, greina tækifæri til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og setja sér markmið. Umhverfisstofnun, sem vistar verkefnið, bendir á að verkefnið eru fjármöggnuð af umhverfis- og auðlindaráðuneyti og eru því ríkisstofnunum að kostnaðarlausu. Innifalið í skrefunum eru leiðbeiningar við gerð græns bókhalds og innleiðing aðgerða



til að draga úr umhverfisáhrifum með Grænum skrefum með aðstoð og ráðgjöf frá Umhverfisstofnun. Um gullið tækifæri er að ræða til að taka umhverfismálin föstum tókum. Umhverfisstofnun hvetur ríkisstofnanir til að kynna sér verkefnið á vefsíðunni www.graenskref.is /MHH



Borðeyri við Hrutafjörð.

Mynd / HKr.

Hluti Borðeyrar verður verndarsvæði í byggð

– Ráðherra staðfestir tillöguna

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur staðfest tillögu sveitarstjórnar Húnaþings vestra um að hluti Borðeyrar verði verndarsvæði í byggð. Byggðaráð Húnaþings vestra fagnar staðfestingu ráðherra vegna menningarsögulegs gildis og ásynðar verzlunarstaðarins, en staðfestingin mun vernda sérkenni byggðakjarnans í komandi skipulagsvinnu, segir í fundargerð sveitarstjórnar.

Svæðið sem um ræðir er tæplega einn og hálfur hektari og stendur á landspildu sem kallast Borðeyrantangi. Markmiðið með verndarsvæðinu er að viðhalda og styrkja byggð á Borðeyri með þeim hætti að söguleg arfleifð kaupstaðarins fái notið

sín og gildi hennar undirstrikað gagnvart heimamönnum jafnt sem aðkomufólki en þó ekki síst gagnvart komandi kynslóðum.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti 19. maí 2018 að hluti Borðeyrar yrði verndarsvæði í byggð vegna menningarsögulegs gildis og ásynðar svo auðveldara yrði að vernda séreinkenni byggðakjarnans í komandi skipulagsvinnu. Í lok maí sama ár óskaði sveitarfélagið eftir staðfestingu mennta- og menningarmálaráðherra eins og kveðið er á um í lögum að þurfti að gera. Tíu mánuðum seinna barst loks staðfesting en þá hafði Húnaþing vestra átalíð seinagang ráðherra varðandi málið og hvatt til að ljúka því sem fyrst. /MPP

Hagstofa Íslands:

Fækkun í 26 sveitarfélögum af 72

Hagstofa Íslands hefur birt nýjar tölur um íbúafjölda í einstökum sveitarfélögum og þær breytingar sem orðið hafa á tímabilinu frá 1. desember 2018 til 1. apríl 2019.

Íbúum Skorradalshrepps fjölgaði hlutfallslega mest, eða um 6,9%, en þó er aðeins um fjóra íbúa að ræða, þeir voru 58 talsins en nú 62. Íbúum fækkaði hlutfallslega mest í Arneshreppi, um 5%, og í Borgarfjarðarhreppi og Þingeyjarsveit um 2,8%.

Alls fækkaði íbúum í 26

sveitarfélögum af þeim 72 sem eru í landinu á umræddu tímabili. Íbúum hefur fækkað í tveimur landshlutum á tímabilinu, á Norðurlandi vestra fækkaði um 18 íbúa og á Vestfjörðum um 3. Íbúar á Vestfjörðum voru alls 7.061 1. apríl síðastliðinn. Hlutfallslega var mest fjölgun íbúa á Suðurlandi, þar fjölgaði um 277 íbúa, eða 0,9%. Íbúum höfuðborgarsvæðisins fjölgaði um 1.483 íbúa, 0,7%, og á Suðurnesjum fjölgaði um 212 íbúa, sem er 0,8% fjölgun. /MPP



Blábankinn á Þingeyri hlaut Landstólpann að þessu sinni, frá vinstri Eva Pandora, Arnildur Lilý og Andri Þór. Mynd / Byggðastofnun

Samfélagsviðurkenning Byggðastofnunar:

Blábankinn hlaut Landstólpann

Blábankinn á Þingeyri hlaut samfélagsviðurkenningu Byggðastofnunar, Landstólpann, en alls bárust 12 tilnefningar vegnar viðurkenningarinnar og komu þær víðs vegar að af landinu. Landstólpinn var afhentur á ársfundi Byggðastofnunar og er þetta í níunda sinn sem viðurkenningin er veitt.

Blábankinn rekur öflugan ímyndarherferð sem leggur áherslu annars vegar á fjölbreytni og gildi mannlífs og náttúru Dýrafjarðar og hins vegar á möguleika og framtíð staðarins. Blábankinn er sameiningartákn og hreyfiafl í samfélaginu. Fjöldi viðburða og

funda er haldinn innan veggja hans í hverjum mánuði en bæði heima- og aðkomufólk nýta sér aðstöðuna sem vinnurými, sköpunarrými, samfélagsmiðstöð og margt fleira.

Hefur áhrif á atvinnumynstrið

Þegar Blábankinn var stofnaður haustið 2017 voru um 80 störf á Þingeyri, en ekkert þeirra dæmigert skrifstofustarf. Nú vinna að jafnaði 3–6 aðilar hverju sinni innan veggja Blábankans, bæði tímabundið og til frambúðar, í skapandi greinum, stjórnsýslu og frumkvöðlastarfi. Á fyrstu 12 mánuðum starfseminnar dvöldu

í Blábankanum 70 skapandi einstaklingar og unnu samtals 900 vinnudaga, m.a. gegnum nýsköpunarhraðal og vinnustofur. Þessir einstaklingar taka jafnan virkan þátt í því samfélagi sem fyrir er og hefur Blábankinn því á tiltölulega skömmum tíma og með líttli fjárfestingu haft töluverð áhrif á atvinnumynstur staðarins.

Viðurkenningargripurinn í ár er listmunur úr rekavið af Skaga, sem er nesið á milli Húnaflóa og Skagafjarðar, hannaður og útskorinn af Erlendi Magnússyni, listamanni á Skagaströnd, en hann er m.a. þekktur fyrir skúlptúr úr stuðlabergi úr Spákonufelli. /MPP

Starfsemi Byggðastofnunar hefur aukist undanfarin ár

– Græn lán kynnt til sögunnar á næstu vikum

Starfsemi Byggðastofnunar gekk mjög vel á liðnu ári og skilaði góðum afgangi. Verkefnum stofnunarinnar hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár og starfsemin aukist að umfangi í samræmi við það.

Þetta kom fram í máli Aðalsteins Þorsteinssonar, forstjóra Byggðastofnunar, á ársfundi sem haldinn var á Siglufirði á dögunum. Hann sagði sveiflur í útlánastarfsemi haldast í hendur við umsvif í atvinnulífi landsbyggðanna sem henni er ætlað að þjóna. Hann kynnti til sögunnar svokölluð „Græn lán“ sem er nýr flokkur útlána á hagstæðum kjörum með það að meginmarkmiði að styðja við verkefni tengd nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og bættu orkunýtingu. Þessi lánaflökkur verður kynntur betur á næstu vikum.

Árni Freyr Stefánsson, sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, kynnti nýja stefnumótun um kerfi almenningsgangna fyrir allt landið þar sem leitast er við að skilgreina almenningsgangur sem eitt samþætt leiðakerfi fyrir flug, ferjur og almenningsvagna á öllu landinu. Vífill Karlsson, dósent og atvinnuráðgjafi, og Margrét Björk Björnsdóttir, forstöðumaður Markaðsstofu Vesturlands, kynntu niðurstöður fyrirtækjakönnunar um stöðu og væntingar fyrirtækja í landsbyggðunum, og Hilmar Janússon, forstjóri Genís á Siglufirði, velti fyrir sér spurningunni um það



Ársfundur Byggðastofnunar var haldinn á Siglufirði en þar kom fram að verkefnum stofnunarinnar hefur fjölgað og starfsemin aukist jafnt og þétt undanfarin ár.

hvort verðmætasköpun á landsbyggðunum lyti öðrum lögmálum en á höfuðborgarsvæðinu.

Íslensk þátttaka í verkefnum Nordurslóðaáætlunar

Að lokum voru kynnt þrjú verkefni með íslenskrum þátttöku í Nordurslóðaáætlun Evrópusambandsins. Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, kynnti verkefnið SmartFish sem er samstarfsverkefni Norður-Írlands, Finnlands og Íslands, um þróun og hagnýtingu snjallstrikamiða sem tryggja rekjanleika og vöktun matvæla frá framleiðanda til neytanda.

Hildigunnur Svavarsdóttir, framkvæmdastjóri á Sjúkrahúsinu á Akureyri, kynnti verkefnið Making it Work, sem er samstarfsverkefni Skotlands, Svíþjóðar, Kanada, Noregs og Íslands. Samstarfið fólst m.a. í því að þróa og hanna líkan sem

nýttist við að takast á við áskoranir sem felast í því að ráða og halda í sérhæft heilbrigðisstarfsfólk í dreifbýli. Að lokum kynnti Sveinbjörg Pétursdóttir, atvinnuráðgjafi hjá SSNV, verkefnið Digi2Market.

Auk Íslands eru þátttakendur frá Írlandi, Finnlandi og Norður-Írlandi. Meginmarkmið verkefnisins er að þróa stafrænan markaðs- og söluhugbúnað fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

Ný stjórn

Á fundinum kynnti ráðherra stjórn Byggðastofnunar 2019–2020. Stjórnarformaður verður Magnús B. Jónsson, Skagaströnd. Aðrir stjórnarmenn eru þau Sigríður Jóhannesdóttir, Svalbarðshreppi, Gunnar Þorgeirsson, Grímsnes- og Grafningshreppi, Halldóra Kristín Hauksdóttir, Akureyri, Karl Björnsson, Reykjavík, María Hjálmarisdóttir, Eskifirði og Gunnar Þór Sigbjörnsson, Egilsstöðum. /MPP

Frelsi

... TIL AÐ VAXA MED NÁTTÚRUNNI

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 5. JÚNÍ.

**SNÚÐU VAXANDI
ÁSKORUNUM Í
UMHVERFISMÁLUM OG
MATVÆLAFRAMLEIÐSLU
ÞÉR Í VIL**

Nýting náttúrunnar, verndun hennar og viðhald er mál sem snertir okkur öll og með nýrri þekkingu og frumkvöðlastarfi má gera hlutina á arðbæran hátt. Nám við Lbhí er tilvalið fyrir þá sem hafa áhuga á náttúru Íslands, umhverfismálum, sjálfbærni, búvísindum, skipulagi, hönnun og matvælaframleiðslu.

Náttúran er einstök.



BÚFRÆÐI



GARÐYRKJA



BÚVÍSINDI



SKÓGRÆÐI



NÁTTÚRU- OG
UMHVERFISFRÆÐI



UMHVERFIS-
SKIPULAG



HESTAFRÆÐI



SKIPULAGSFRÆÐI



RANNSÓKNIR

WWW.LBHI.IS / LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS / Sími 433 5000

ergo

Heypyrla?

Við hjá Ergo erum engir sérfræðingar í heyverkun en við fjármögnum hins vegar heypyrlur.

Við fjármögnum flest milli himins og jarðar.

Kynntu þér möguleikana á ergo.is

HLUNNINDI & VEIÐI



María Rós Arnfinnsdóttir með fyrstu tófu ársins.

Fyrsta tófan á þessu ári

Það eru margir sem stunda tófuveiði víða um land og ein af þeim er María Rós Arnfinnsdóttir, sem fer á tófu ásamt föður sínum og gjarnan vestur á firði.

„Við þabbi skelltum okkur vestur þar sem það hafði spáð hlýju veðri og við höfðum stoppað stutt við á Laugabóli til að fá okkur kaffisopa í góðum félagskap,“ sagði María Rós Arnfinnsdóttir í samtali við okkur.

„Síðan héldum við okkar leið í leit af refum og við urðum hissa á því að við höfðum ekki rekist á neitt til að byrja með. Svo kom þessi frábæra tilviljun að þabbi ákvað að fara ekki upp slóðina sem við höfðum farið niður sem var algjört drullusvað. Við fórum á gamlan þurran veg og viti menn, þar var ein tófa á harðahlaupum. Við keyrðum í rólgeitum á eftir

henni þar sem hún hljóp inn dalinn. Þar ókum við yfir litla hæð þar sem við rákum augun í hana þar sem hún var stopp. Eg fór þá út og skaut hana á 80 metra færi, sem var bara stutt og laggott. Þetta var stór og mikill steggur en furðulega léttur, held að hann hafi bara verið svona hárrúður.

Í þessari ferð fengum við sex tófur og níu minka sem okkur þótti mjög óvenjulegt. Á árum áður voru minkaveiðar stundaðar skipulega með hundum á þessu svæði, en ekki lengur virðist vera. Svo núna er allt vaðandi í mink og til þess að áréttu þetta vorum við ekki að fara þarna til að veiða mink. Við ætluðum eingöngu að veiða refi en þessir minkar voru einfaldlega að þvælast fyrir okkur,“ sagði María Rós enn fremur.



Við Norðurá í Borgarfirði fyrir nokkrum dögum, mikið vatn var í áni en hún verður opnuð 4. júní. Mynd / G.Bender

Vorveiðin hefur farið vel af stað:

Veiðimenn vonast eftir góðu sumri

Gunnar Bender
gunnarbender@gmail.com



Vorveiðin hefur farið vel af stað þrátt fyrir misjafnt veðurfar á köflum í vor, sjóbirtingsveiðin hefur gengið ágætlega og veiðimenn hafa farið víða til veiða, allt frá Varmá í Hveragerði og austur á Kirkjubæjarklaustur.

„Við erum kominn með 24 fiska á stöngina á fyrstu vakt, 11 við brúna og 13 fyrir neðan garðinn,“ sagði Didi Carlsson, sem var á veiðislóðum við Klaustur. Hún var að renna fyrir fisk í Geirlandsá en veiðin hefur gengið vel þar, eins og víða þar um slóðir.

Skömmu áður var veiðimaður

í Tungulæk og veiddi vel. Tungulækur hefur gefið á milli 600 og 700 fiska núna í vor. Nokkru innar á svæðinu var Selma Björk Ísabella Gunnarsdóttir að renna fyrir sjóbirting og fékk nokkra. Með henni var sjóbirtingsbaninn Ólafur Guðmundsson.

Það stýttist í laxveiðina en fyrstu árnar verða opnaðar í júní. Reyndar byrjar Þjórsá aðeins fyrr og þar getur ýmislegt gerst þegar veiðimenn mæta á árbakkann. Veiðin í fyrria var frábær í Þjórsánni.

„Maður byrjar í Langá á Mýrum, eins og venjulega, og það er alltaf ákveðin spenna fyrir þá opnun á hverju ári,“ segir Jógvan Hansen og var viss tónn í röddinni eins og oft vill verða hjá honum. – „En biðin stýttist,“ segir Jógvan enn fremur.

Já, það er rétt, stóri laxinn fer

að skriða upp Hvítá í Borgarfirði á allra næstu dögum, Norðurá verður opnuð 4. júní og þar var lítið að sjá fyrir skömmu, nema nokkra skógarprestir og eina og eina rjúpu við ána, laxinn var ekki mættur, enda heldur snemmt. Það vissu flestir, kannski ekki allir.

En hvernig veiðin verður veit enginn, ekki einu sinni fiskifræðingarnir. En hún verður vonandi góð og smálaxinn kemur í bland við stærri laxinn.

„Held að þetta verði bara gott sumar,“ segir Þróstur Elliðason. Vonandi rætist það enda eru veiðimenn að gera sig klára.

„Ég held bara að þetta verði fint sumar og ég ætla sjálfur að veiða á nokkrum stöðum eins og venjulega,“ segir Ingólfur Kolbeinsson verslunarmaður.

Vilborg Halla Jónsdóttir veiddi sinn fyrsta fisk þriggja ára

Margir ungir veiðimenn byrja snemma að veiða fisk, eins og hún Vilborg Halla Jónsdóttir, sem hefur veitt nokkra fiska, þrátt fyrir ungan aldur.

Henni finnst gaman að renna fyrir fisk eins og fleiri ungum veiðimönnum. Við tókum smá viðtal við hana á veiðislóðum.

„Ég heiti Vilborg Halla Jónsdóttir og ég er 8 ára.“

– Hvenær veiddir þú fyrsta fiskinn þinn?

„Ég var 3 ára. Þabbi kastaði fyrir mig og setti í fiskinn en ég dró hann inn.“

– Hvaða tegund af fiski var það?

„Það var bleikja sem ég veiddi í Vatnsdalsvatni í Vatnsfirði.“

– Á hvað veiddir þú hann?



Vilborg Halla Jónsdóttir með flottan fisk.

„Á maðkinn, minn fyrsta fisk í vatninu.“

– Hefurðu veitt marga fiska?

„Já, fleiri en ég get talið, já, marga fiska.“

– Hefurðu farið í veiðitúr og veitt ekki neitt?

„Já, nokkrum sinnum.“

– Hefurðu veitt lax?

„Já, í fyrria þegar ég var 7 ára í Elliðaá og hann tók maðk.“

– Hefurðu misst fisk?

„Já, nokkra. Leiðinlegast fannst mér að missa lax í Ytri-Rangá síðasta haust, því hann var svo stór.“

– Ætlarðu að veiða mikið í sumar?

„Já, ég er búin að fara í Hólaá og ætla að fara eins oft og hægt er. Ég er með bókað tvisvar í Elliðaár,“ segir Vilborg Halla Jónsdóttir.

KÆLI- & FRYSTI-
BÚNAÐUR

KLEFAR

Kæli- & frystiklefar í miklu úrvali.

Vottaðir gæðaklefar með mikla reynslu á Íslandi. Einfaldir í uppsetningu.

HILLUR

fyrir kæli- & frystiklefa.

Mikið úrval og auðvelt að setja saman. Sérhannaðar fyrir matvæli.



Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

KAPP ehf

VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI

Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is

Gengur vel að selja veiðileyfi

„Mér líst vel á sumarið og sala veiðileyfa hefur gengið vel hjá okkur,“ sagði Einar Lúðvíksson, framkvæmdastjóri Veiðifélags Eystri-Rangá, er við heyrðum í honum með stöðuna fyrir sumarið.

Það stýttist í að veiðisumarið byrji fyrir alvöru. Einar er með ýmislegt á sinni könnu, Eystri-Rangá, Þverá í Fljótshlíð og Affallið, auk þess líka Tungufljótið.

„Veiðin gekk vel hjá okkur í fyrria og við erum alltaf að auka verulega sleppingar í veiðiárnar sem við erum með á leigu. Við viljum að veiðimenn fái góða veiði hjá okkur,“ sagði Einar í lokin.



Sigurður Garðarsson með stóran lax úr Eystri-Rangá síðasta haust.

Mynd / Dagur

Rúlluplast

VISQUEEN POLYCROP

5 LAGA
RÚLLUPLAST



		Staðgreiðsluverð án vsk	Greiðslufrestur*) Tveir gjalddagar Verð án vsk
75 cm x 1500 m	Hvít	9.900,-	10.300,-
75 cm x 1500 m	Ljósgrænt	10.200,-	10.610,-
75 cm x 1500 m	Svart	10.100,-	10.500,-
50 cm x 1800 m	Hvít	8.300,-	8.630,-

Net og bindigarn

		Staðgr. án vsk	Greiðslufrestur*) 2 gjalddagar Verð án vsk
Piippo Magic Blue Rúllunet	1,23 m x 3.090 m	21.900,-	22.780,-
Piippo Magic Blue Rúllunet	1,30 m x 3.090 m	22.400,-	23.300,-
Piippo HYBRID rúllunet	1,23 m x 4.000 m	22.500,-	23.400,-
Piippo HYBRID rúllunet	1,23 m x 4.600 m	29.500,-	30.680,-
Piippo HYBRID rúllunet	1,30 m x 4.000 m	27.800,-	28.910,-
Piippo Stórbyggagarn	110 m/kg (10,5 kg hnota)	4.040,-	4.200,-
Piippo Stórbyggagarn	130 m/kg (9 kg hnota)	3.380,-	2.990,-
Piippo Stórbyggagarn	145 m/kg (9 kg hnota)	3.380,-	2.990,-
Piippo Baggagarn	400 m/kg (5 kg hnota)	1.920,-	2.000,-
Piippo Rúllugarn	1000 m/kg (5 kg hnota)	1.970,-	2.050,-

PIIPPO



*) Gjaldfrestur - 2 gjalddagar: 50% greiðist 15. júlí 2019 og 50% greiðist 16. september 2019
Allt verð er tilgreint án virðisaukaskatts, 24,0%

Afhendum frítt á afgangi Samskipa-Landflutninga um land allt ef pöntun er staðfest fyrir 15. maí 2019 (Lágmark 10 rúllur)



PÓR

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Baldursnes 8
Sími 568-1555

Vefsíða og
netverslun:
www.thor.is

Bændur standa saman

Aðild að Bændasamtökunum borgar sig

Meginverkefni BÍ er að gæta hagsmuna stéttarinnar. Félagsleg samstaða er dýrmæt og öflug starfsemi samtakanna eykur slagkraft bænda. Með aðild að BÍ njóta félagsmenn ýmissa réttinda.

Þinn ávinningur:

- BÍ vinna að þínum hagsmunum og eru málsvari stéttarinnar
- Allt að 30% afsláttur af forritum BÍ
- Réttur til að taka þátt í atkvæðagreiðslum og könnunum á vegum samtakanna
- Aðgangur að starfsmenntasjóði og velferðarsjóði
- Ráðgjöf um réttindi og um málefni sem snerta bændur
- Bændaafláttur á Hótel Sögu og orlofsíbúð á höfuðborgarsvæðinu

Upplýsingar um félagsaðild

Sími 563-0300
Netfang bondi@bondi.is
www.bondi.is

Fulltrúar í þjónustuveri BÍ svara fyrirspurnum í síma 563-0300 og í netfangið bondi@bondi.is. Á bondi.is er hægt að skrá sig í samtökin.



BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS



Fylgstu með bændum á
 Bændasamtök

STEEKUR

Veðrið er sígilt umræðuefni

Veður er það fyrirbæri sem bændur og sjómenn eiga allt sitt undir. Um veðurfar og orsakir breytinga á veðri hefur verið deilt um aldir, en nú um stundir er upphaf og endir nær allra umræðu í þessa veru gróðurhúsaáhrif af mannavöldum og aukíð magn koltvísýrings CO₂ í andrúmsloftinu. Þessi umræða er þó síður en svo ný af nálíni.

Á vef Veðurstofu Íslands er skemmtileg samantekt um þessi mál eftir Trausta Jónsson. Þar er m.a. vísað í gamlar heimildir og segir þar m.a.:

„Á þriðja áratug 20. aldar gerðist það nefnilega að veðurfar hlýnaði meira en menn höfðu séð dæmi um eftir að hitamælingar hófust. Fyrst meðalhiti gat hækkað hér á landi um nærri eina og hálfu gráðu á tíu árum (1920 til 1930) gat hann þá ekki hafa lækkað að minnsta kosti svipað á síðmiðöldum?

Jarðvísindamenn voru, eins og vænta mátti, fljótir að átta sig á því að eitthvað óvenjulegt var á seyði. Þegar árið 1940 var farið að bendla hlýnunina við aukin gróðurhúsaáhrif. Hlýnunin varð langmest á norðurlóðum, norðan við 50. breiddargráðu, en annars mun minni.

Nokkuð misjafnt var hvenær hlýjast varð á hverjum stað, sums staðar strax um 1920, en annars staðar ekki fyrr en á sjötta áratugnum.

Breytingin hér á landi var svo mikil að köldustu ár árunum 1930 til 1940 voru álfka hlý og þau allra hlýjustu frá um 1850 til þess tíma. Jöklar um nær allt norðurhvel tóku að hörfa, þar á meðal hér á landi.

Fyrstu hitamælingar hérlendis voru gerðar á Bessastöðum á árunum 1749 til 1752. Heimildir benda til þess að síðan hafi hitamælingar verið stundaðar flest ár, en því miður virðist mikið af þeim hafa glatast. Mælingar eru þó til á stangli frá 1776, nokkur ár milli 1780 og 1790 samfelld og sömuleiðis mestallan tímenn frá 1798 og fram yfir 1820.

Vandi er þó að samræma eldri og yngri mælingar. Meira er vitað um mæliástandur frá því um 1830 og áfram og því má telja að upplýsingar um hitafar á landinu síðustu 180 árin eða svo séu nokkuð áreiðanlegar.

Mikil fylgni er á milli hita í hinum ýmsu landshlutum þannig að mánaðameðaltöl frá einum stað gefa mjög miklar upplýsingar um hita á öðrum. Stundum bregður þó út af.

Sé veður óvenju hægviðrasamt er talsvert kaldara inn til landsins á vetrum en hlýrra á sumrin.

Sé hafis við land verður líka kalt við sjóinn fyrir norðan og almennt samband milli hita á Norður- og Suðurlandi raskast.

Á sumrin ráða vindáttir miklu um hitafar, á þeim tíma árs er sambandið milli landshluta verst. Í sunnanáttarsumrum er þungbúið syðra en hlýtt nyrðra, séu norðanáttir ríkjandi er mjög kalt nyrðra en skárri syðra o.s.frv.

Hámarks- og lágmarkshiti eru stundum teknir sem sérstakir veðurþættir. Lágmarksmælingar hafa verið gerðar hér um mjög langt skeið en hámarksmælingar voru mjög óvída fyrr en undir 1930.

Sjávarhiti er mikilvægur veðurþáttur, en mælingar við ströndina eru oft truflaðar af tilviljanakenndu rennsli ferskvatns af landi og sömuleiðis hafa hafnarframkvæmdir raskað mælistöðum.“

/HKr.

NYTJAR HAFSINS

Úlfar hafsins eða hundar faraós

Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is



Steinbítur hefur sérstöðu meðal botnfisktegunda. Hann sker sig meðal annars úr fyrir þá sök að megnið af aflanum er tekið á línu og smábátar veiða óvenjuhátt hlutfall af honum. Tæpur helmingur aflans kemur á land á Vestfjörðum.

Steinbítur veiðist víða í Norðurhöfum en hvergi í miklu magni. Íslendingar eru stærsta veiðipjóð steinbíts í heiminum. Á almanaksárinu 2018 veiddust hér við land rúm 9.600 tonn af steinbít og er aflaverðmætið rúm 1,2 milljarðar króna, samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofunnar en þangað eru tölulegar upplýsingar í þessari grein sóttar nema annað sé tekið fram.

Útflutningur á steinbít og steinbítsafurðum héðan nam rúmum 5 þúsund tonnum að verðmæti rúm 2,5 milljarðar króna á síðasta ári. Þótt steinbíturinn sé mikilvæg nytjategund, sérstaklega á Vestfjörðum, þá vegur hann ekki þungt í heildarmyndinni. Útflutningstekjur sjávarafurða námu alls tæpum 240 milljörðum árið 2018. Útflutningur steinbíts er því aðeins rúm 1% af heildinni.

Hverjir veiða steinbítinn?

Eitt af því sem einkennir steinbítsveiðar eins og að framan greinir er hve hátt hlutfall er tekið á línu í samanburði við aðrar helstu botnfisktegundir, svo sem þorsk og ýsu. Á árinu 2018 voru veidd um 5.660 tonn af steinbít á línu sem eru tæp 60% af heildinni. Í öðru sæti er dragnót með um 2.185 tonn og botnvarpa með rúm 1.690 tonn. Sókn í steinbítinn með botnvörpu jókst á árunum 1999 til 2008 en hefur síðan þá farið minnkandi.

Þá er einnig óvenjulegt miðað við aðrar botnfisktegundir hvað krókaafلامarksbátar, þ.e. smábátar, veiða mikið af steinbítum. Þeir veiddu um 4.685 tonn í fyrra sem er tæpur helmingur ársaflans. Engin önnur botnfisktegund er veidd í jafnmiklum mæli hlutfallslega af smábátum eins og steinbíturinn.

Krókabátarnir eru að jafnaði með tæp 40% af úthlutuðum steinbítskvóta á hverju fiskveiðarári en þeir geta aukíð hlutdeild sína í veiðunum með svonefndri línuvildun, nýtingu byggðakvóta og leigu á aflaheimildum frá stærri bátum.

Fríða Dagmar ÍS efsti bátur

Að framansögðu kemur ekki á óvart að krókaafلامarksbátar raða sér í efstu sæti yfir aflahæstu báta í steinbít. Af 10 aflahæstu bátunum árið 2018 eru 7 smábátar en aðeins 3 stærri skip í aflamarkskerfinu, að því er sjá má á vef Fiskistofu.

Aflahæsti báturinn á árinu er smábáturinn Fríða Dagmar ÍS frá Bolungarvík með um 564 tonn. Þar á eftir kemur annar smábátur frá Bolungarvík, Einar Hálfðans ÍS, með um 407 tonn. Aflahæsti báturinn í stóra kerfinu er Hvanney SF frá Hornafirði með um 391 tonn en Hvanney veiðir steinbítinn í dragnót.



Steinbítur (*Anarhichas lupus* – Atlantic wolffish).

Mynd / Wikipedia



Tæpur helmingur steinbítsaflans 2018 kom á land á Vestfjörðum. Vestfirðingar hafa líka sérstakt nafn yfir þennan fisk og kalla hann sladda og er það nafn þeim jafnvel tamara á tungu en steinbítur. Bolungarvík er langstærsta löndunarhöfnin fyrir sladdann.

Mynd / HKr.

Bolungarvík hæsta löndunarhöfnin

Steinbíturinn er vertíðarfiskur. Aðalveiðin er frá mars og fram í júní. Á síðasta ári kom mest á land í apríl, um 2.145 tonn sem er umtalsverður hluti ársaflans.

Steinbítur finnst við allt land en bestu veiðisvæðin eru vestur af landinu, frá Breiðafirði og alveg norður að Horni. Miðin á Vestfjörðum eru gjöfulust. Tæpur helmingur steinbítsaflans 2018 kom á land á Vestfjörðum. Vestfirðingar hafa líka sérstakt nafn yfir þennan fisk og kalla hann sladda og er það nafn þeim jafnvel tamara á tungu en steinbítur.

Bolungarvík er langstærsta löndunarhöfnin fyrir sladdann. Þar komu á land tæp 2.650 tonn í fyrra, eða um 27% heildaraflans á árinu. Í öðru sæti er Suðureyri með um 730 tonn. Þar á eftir koma Ólafsvík og Grundarfjörður með 590 tonn og tæp 530 tonn.

Frakkland trónir á toppnum

Þrjú lönd eru áberandi þegar tölur um útflutning á steinbítsafurðum eru skoðaðar. Þar trónir Frakkland á toppnum en þangað fóru steinbítsafurðir fyrir 938 milljónir króna í fyrra. Þar á eftir kemur Þýskaland með 589 milljónir og Bretland er í þriðja sæti með 303 milljónir. Samanlagt gáfu þessi þrjú lönd rúma 1,8 milljarða, eða 37% af heild.

Fersk steinbítsflök og bitar eru verðmætasta afurðin og skiluðu 1,2 milljörðum í fyrra. Aðrar afurðir

steinbítsgóma, blámaður, bjargræði, gonta, stemsí, horslæpa og Vestfirðingur.

Steinbíturinn lifir á 10 til 500 metra dýpi en er algengastur á 40 til 180 metrum og kann vel við sig á leir- eða sandbotni. Hann hrygnir við Ísland á haustin. Hjá steinbít á sér stað innri frjóvgun og eftir hrygningu klappar hrygnan eggjunum saman í stóran kökk á stærð við handbolta. Hængurinn annast hrognin í nokkra mánuði eins og greint var frá í rammagrein í síðasta pistli greinarhöfundar í Bændablaðinu sem fjallaði um rauðmagann.

Um hrygningartímann missir steinbíturinn tennurnar og er tannlaus um tíma og tekur ekki til sín fæðu og verður oft mjög rýr. Eftir að nýjar tennur taka að vaxa fer steinbíturinn upp á grunslóð í leit að æti. Fæða hans á þeim tíma eru ýmiskonar botndýr eins og ígulker, sniglar, öðuskel og kúfiskur. Auk þess fúlsar hann ekki við loðnu sé hún til staðar. Steinbíturinn hefur gríðarlega sterka kjálka og þurfa. Í raun svo sterka að sjómenn þurfa að meðhöndla hann með varúð.

Allir sem séð hafa steinbít vita að hann er ófrýnilegur útlits. Um það bera erlend heiti hans vitni. Á nokkrum erlendum tungumálum er hann kallaður úlfur hafsins, þýska nafnið er Seewolf, það franska Loup de mer og það enska Catfish eða Atlantic Wolffish.

Lítill nýliðun

Veði á steinbít á Íslandsmiðum hefur sveiflast nokkuð í árunum 1997 til 2006 var aflinn frá tæpum 12 þúsund tonnum á ári og upp 16.500 tonn. Frá 2007 hefur aflinn dalað og hefur haldist undir 10 þúsund tonnum frá fiskveiðarárinu 2012/2013. Haftrassóknastofnunin metur stofninn þó stóran í sögulegu samhengi. Nýliðun hefur hins vegar verið lítil frá árinu 2006 miðað við tvo áratugi þar á undan. Því er ekki búist við því að veiðistofninn stækki á næstu árum.

Hráefni í tiskuvarning

Ekki er hægt að minnst á steinbítinn án þess að nefna að roð hans hefur verið nýtt til margra hluta í gegnum aldirnar. Það var haft til matar en einnig þurrkað og sniðið í skó sem þóttu níðsterkir.

Í seinni tíð hefur roð steinbíts, og einnig frænda hans hlýrans og reyndar fleiri tegunda, verið sútað og búið til úr því „sjávarleður“ sem er eftirsótt í ýmsa smávöru og til fatagerðar. Vestfirski sladdinn getur þannig endað sem eftirsótt hráefni í tiskuvarning.

SUMARTILBOÐ

10% sumarafsláttur af öllum

GARÐHÚSUM af verðum á heimasíðunni okkar

Einnig eru valin gestahús á sérstöku sumartilboði, sjá nánar á heimasíðunni

www.volundarhus.is



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²


Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri GESTAHÚS og GARÐHÚS á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.



Staðgreiðslu

VISA Lán
HAGSTEDDAR AFBORGANIR

ÍSTEKA

Tekjumöguleiki - Blóðsöfnun úr fylfullum hryssum

Ísteka óskar eftir samstarfi við bændur um söfnun á blóði úr hryssum.

Miklir tekjumöguleikar fyrir bændur sem eiga eða geta komið sér upp hrossastóði.


Sauðfjárbændur athugið að hér gæti verið tækifæri til að fækka fé og fara í hrossarækt.

Lítill upphafskostnaður.

Ísteka veitir stuðning og ráðgjöf.

Frekari upplýsingar fást hjá Ísteka í síma 581-4138
eða með fyrirspurn á netfangið blodsofnun@isteka.com

Hjá Ísteka ehf. er unnið við þróun og framleiðslu á próteinlyfjum (biologics) og mælisetnum (diagnostic kits) fyrir erlenda markaði. Starfsemin er GMP vottuð og framleiðsluferlar og starfshættir samþykktir af lyfjastofnunum út um allan heim, m.a. af FDA í USA. Ísteka er á lista Creditinfo um framúrskarandi fyrirtæki.



Dæmi um kortlagningu nokkurra afrétta á Suðurlandi. Friðuð svæði eru öll þau svæði sem sauðfé gengur ekki á, meðal annars vegna girðinga Landgræðslunnar og landfræðilegra aðstæðna.

Mynd / GróLind

Kortlagning beitolanda hjá GróLind

Verkefnið GróLind hófst árið 2017 og var sett á laggirnar eftir búvörusamninga 2016 og hefur það hlutverk að meta og vakta gróður- og jarðvegsauðlindir landsins. Á undanföllum mánuðum hefur verið unnið að kortlagningu beitolanda á Íslandi undir formerkjum GróLindar og er söfnun gagna langt komin sem hefur farið fram í góðri samvinnu við bændur og landeigendur.

Á vef verkefnisins, grolind.land.is, er gerð grein fyrir framvindu kortlagningarinnar.

„Markmið kortlagningarinnar er að fá heildarsýn yfir hvaða landsvæði eru nýtt til búfjárbætur. Fyrst um sinn verður einkum horft á sumarreit sauðfjárland en beit annarra dýra verður tekin fyrir á seinni stigum verkefnisins. Kortlagninguna verður síðar

hægt að tengja við ástandsmat GróLindar og mun þannig nýtast landnotendum, stjórnvöldum og öðrum við að skipuleggja landnotkun og hafa yfirsýn yfir ástand beitolanda“, segir í tilkynningunni.

Þakkar starfsfólk fyrir hjálpsemi bænda og jákvæðar undirtektir þeirra sem hafa verið beðnir um aðstoð við kortlagninguna.

GróLind er í umsjá Landgræðslunnar en að verkefninu standa að auki Bændasamtök Íslands, Landsamtök sauðfjáraðgjafna og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og er verkefnið til tíu ára. Markmið verkefnisins er að skila með reglubundnum hætti heildarmati á ástandi gróður- og jarðvegsauðlinda landsins og þróa sjálfbærniáætla fyrir nýtingu þessara auðlinda. /smh

Bændablaðið
Kemur næst út **16. maí**



Mikko Kaukosen er sigurvegarinn í Kokkur ársins í Finnlandi árið 2019.

Mynd / Santeri Stenvall – Elo-säätiö

Íslenska lambið í aðalhlutverki á Kokkur ársins í Finnlandi

Íslenska lambkjötið var í aðalhlutverki í matreiðslukeppninni Kokkur ársins í Finnlandi sem haldin var í byrjun apríl. Lambalærið og hryggvöðvinn var aðalhræfnið í keppninni.

Andrés Vilhjálmsson, útflutningsstjóri hjá markaðsstofunni Icelandic lamb, segir að sala á íslensku lambkjöti til Finnlands hafi staðið yfir síðan í ársbyrjun 2018 og hann hafi fylgt verkefninu eftir frá byrjun. „Fyrst var það í starfi mínu hjá Kjarnafæði sem seljandi kjötsins en nú fyrir hönd Icelandic lamb og nýlega gerðum við leyfissamning við finnska heildsalann Wihuri Oy Aarnio Metro – sem er kaupandi kjötsins – um notkun á markaðsefni Icelandic lamb og við munum vinna þétt með honum í að markaðssetja íslenska lambkjötið enn frekar í Finnlandi. Þessi sala varð til þess að íslenska lambkjötið var notað í þessa keppni í ár, sem er frábær viðurkenning og gleðifréttir.

Ég tel Finnland vera spennandi markað fyrir íslenskt lambkjöt



Andrés Vilhjálmsson, útflutningsstjóri hjá markaðsstofunni Icelandic lamb.

Mynd / smh

og getur vonandi orðið stöðugur markaður í framtíðinni. Tíminn verður að leiða það í ljós.

Fer á veitingastaði og í verslanir

Að sögn Andrésar dreifir Wihuri Oy Aarnio Metro kjötinu aðallega inn á veitingastaði en er einnig með það til sölu í sínum verslunum. „Það sem gerir þetta einnig að góðri sölu er



Keppnin var tvískipt; annars vegar þrjú mismunandi „street food“ réttir þar sem hræfnið var grænmeti, fiskur og skelfiskur og hins vegar réttur af „gamla skólanum“ þar sem aðalhræfnið var íslenskt lamb. Hér er sá síðarnefndi úr smíðju sigurvegarans Mikko Kaukosen.

Mynd / Santeri Stenvall – Elo-säätiö

að þarna er um að ræða flesta bita úr skrokknum; læri í heilu, heilir frampartar, hryggir, kótelettur, hryggvöðvar, „ribeye“, skankar og innralæri. /smh

Ert þú ferðafær?

Toyota Land Cruiser 150 sameinar betur en flestir bílar eiginleika rúmgóðs fjölskyldubíls og dugandi fjallabíls. Með AT33 lausninni getur Arctic Trucks gert bílinn þinn að öflugum ferðabíl sem opnar þér nýja möguleika til ferðalaga og veitir þér tækifæri til að njóta íslenskrar náttúru á þægilegri máta. Ekki skemmir fyrir að bíllinn verður bæði glæsilegri og kraftalegri útlits!



Arctic Trucks býður einnig stærri lausnir fyrir Land Cruiser 150, svo sem AT35, AT38 og AT44. Nánar á www.arctictrucks.is.

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

ARCTIC TRUCKS ÍSLAND EHF.
KLETTHÁLSI 3
110 REYKJAVÍK

SÍMI: 540 4900
NETFANG: info@arctictrucks.is
www.arctictrucks.is



Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðgjafi, Brynja Davíðsdóttir ráðgjafi, Ragnhildur Helga Jónsdóttir, safnstjóri Landbúnaðarsafns Íslands, og Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands.

Mynd / Rósa Björk Jónsdóttir – Lbhí

Hlaða Halldórsfjöss hýsir fræðslusýningu

Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðgjafi opnaði fyrsta áfanga Gestastofu friðlands fugla í Landbúnaðarsafni Íslands á Hvanneyri síðasta vetrardag, 24. apríl, og staðfesti verndaráætlun svæðisins. Í þessum áfanga er gert ráð fyrir fræðslusýningu um fuglafriðlandið í Andakíl, sem komið var á árið 2011, og þýðingu þess.

Ragnhildur Helga Jónsdóttir er safnstjóri Landbúnaðarsafns Íslands og í ávarpi hennar við opnun Gestastofuáfangans kom fram að henni þætti vera ákveðinn sjarmi yfir því að hlaða Halldórsfjöss hýsti Gestastofuna – því hún ætti sér sögulega tengingu við nýtingu landsins í kringum hana.

„Hér var vetrarforðinn af þessum miklu engjum hér fyrir neðan og síðar túnunum úti á múrunum til suðausturs varðveittur, þannig að kýr skólans gætu lifað veturinn af.

Og það er líka góð tenging að í ár eru 130 ár frá því að búnaðarfræðsla hófst hér á Hvanneyri og því er ágætt að geta komið formi utan um næsta þrep í fræðslustarfsemi hér á stað.“

Hún sagði að langþráðu marki væri náð en öllum mætti vera ljóst að einungis lítið skref væri nú stigið á þeirri leið sem vonast væri eftir að vera farin á næstu árum. Einhvers staðar þurfi að byrja og rétt væri að grípa tækifærið til að gleðjast saman.

Um leið og formleg opnun fyrsta áfanga er orðin að veruleika eru lögd drög að öðrum áfanga. Gengið var formlega frá ráðningu Brynju Davíðsdóttur náttúru- og umhverfisfræðings um ráðgjöf við næsta áfanga á viðburðinum síðasta vetrardag.

Fyrsti áfangi Gestastofunnar hefur notið styrkja, meðal annars frá Uppbyggingarsjóði Vesturlands, umhverfisráðuneyti, Borgarbyggð og Skorradalshreppi. /smh

Áburðardreifingar



AMAZONE ZA-X 1402 Perfect

Tvær dreifiskifur - meiri nákvæmni
1400 lítra - hægt að stækka í 1700 lítra

- 1400 lítra (2ja sekkja)
- Kögglasigt
- Ryðfríar skifur
- Vinnslubreidd: 10 - 18 m
- Mekanísk stilling
- Jaðarbúnaður
- Yfirbreiðsla



AMAZONE ZA-M 1001 Special

Tvær dreifiskifur - meiri nákvæmni
1200 lítra - hægt að stækka í 1700 lítra

- 1200 lítra (2 sekkja)
- Kögglasigt
- Ryðfríar skifur
- Vinnslubreidd: 10 - 16 m
- Tölvustýrður.
- Jaðarbúnaður
- Yfirbreiðsla



Verð aðeins
Kr. 750.000,-
án VSK

AMAZONE
áburðardreifingar
til afgreiðslu strax



Verð aðeins
Kr. 1.090.000,-
án VSK

PÓR H F

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Baldursnes 8
Sími 568-1555

Vefsíða og
netverslun:
www.thor.is



Til sjóðfélaga í Lífeyrissjóði bænda

Öllum greiðandi sjóðfélögum hefur verið sent yfirlit um skráð iðgjöld hjá Lífeyrissjóði bænda fyrir tímabilið ágúst 2018 til apríl 2019.

Skorað er á sjóðfélaga að bera yfirlitin saman við launaseðla og gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Jafnframt er sjóðfélögum bent á að hafa tafarlaust samband við sjóðinn, hafi þeir ekki fengið yfirlit frá sjóðnum en telja að vinnuveitandi hafi átt að skila iðgjöldum til sjóðsins.

Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits eða birtingu auglýsingar, sé það síðar, og sjóðnum hefur ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd.

LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA
Stórhöfða 23 - 110 Reykjavík

Bændablaðið
Auglýsingar 56-30-300

Vegna mikillar eftirspurnar lengjum við vortilboðið til **10. maí**

110
100x57 frá sökkli



130 cm sökkull
GRÁR - 298 þúsund
með lugt og vasa 368 þúsund

INNIFALIÐ :
FRÍR FLUTNINGUR
GRAFSKRIFT
UPPSETNING Á N-LANDI OG
HÖFUÐBORGARSVÆÐI

101
100x57 frá sökkli



150 cm sökkull
GRÁR - 298 þúsund
með lugt og vasa 368 þúsund

113
41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull
GRÁR - 149 þúsund

103
76x55 cm frá sökkli



120 cm sökkull
GRÁR - 245 þúsund
með lugt og vasa 325 þúsund

103M
68x47 cm frá sökkli



80 cm sökkull
GRÁR - 198 þúsund

STEINSMÍÐJA
AKUREYRAR

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnimerki.is minnimerki.is



Purrkar ollu breskum kartöflubændum miklum vandræðum í fyrra.

Döpur staða kartöflubænda í Bretlandi: Kartöflubirgðir í marslok voru þær minnstu í fimm ár

Kartöflubirgðir hjá breskum bændum voru 26% minni í lok mars á þessu ári en í fyrra. Voru birgðirnar þá 980.000 tonn, sem er um 253.000 tonnum minni en á sama tíma 2018. Þá var staðan nú 148.000 tonn, eða 13% undir meðallagi síðustu fimm ára.

Er þetta versta staða síðan á árunum 2012–2013.

Purrkar í Bretlandi 2018 gerðu það að verkum að uppskeran varð sú minnsta síðan 2012 og var 12% minni en 2017. Það er jafnframt fjórða minnsta uppskera síðan 1960.

Það hjálpar þó upp á ástandið að meira framboð er nú af gæðakartöflum frá Skotlandi, en Skotar hafa verið að sækja í sig veðrið á Englandsmarkaði.

Vel hefur gengið að koma útsæði niður að undanförmu, en meiri óvissa er þó en oft áður varðandi það hversu mikið land breskir bændur leggja undir kartöflurækt í ár. Það

ræður einkum tvennt. Vandræði við kartöflurækt á síðasta ári og hátt verð á útsæði. Þá hafa menn verulegar áhyggjur af þurrkum og aðgengi að vatni til vökvunar. Samkvæmt breska Bændablaðinu Farmers Weekly munu án efa nokkur fjöldi bænda hætta kartöflurækt af þeim sökum. /HKr.

Bandaríkin: Eitursúpan í Flint

Enn er eitur að finna í drykkjarvatni í bænum Flint í Michigan, en fimm ár eru liðin frá því farið var að veita menguðu vatni úr ánni á svæðinu til að spara vatnsveitunni pening. Það hefur kosta fjölda mannlífa og valdið miklu heilsutjóni samkvæmt frétt í National Geographic.

Þann 25. apríl 2014 lyftu ráðamenn í Bænum Flint glösum og skáluðu í vatni þegar hætt var að dæla vatni inn á vatnsveitu bæjarins frá Detroit-svæðinu og þess í stað notast við vatn úr Flint-ánni sem rennur í gegnum þennan 100 þúsund manna bæ. Var þetta gert til að spara vatnsveitunni pening. Það gleymdist bara alveg að skoða gæði vatnsins og þá staðreynd að gamla lagnakerfið sem áður hafði fengið vatn úr Flint-ánni var með samsetningu úr blýi sem olli einnig eitrun drykkjarvatnsins. Þúsundir barna veiktust m.a. af völdum blýeitrunar úr vatninu og sum eru enn að drekka þetta mengaða vatn. Þá hefur fátækur almenningur einnig nýtt sér mengaðan fisk úr ánni til matar.

Flint-áin hefur þótt afbragðs ruslakista í gegnum tíðina. Í hana hefur aragrúi fyrirtækja í efnaiðnaði, timburframleiðslu og bílaiðnaði veitt hættulegum eiturfnum á nítjándu og alla tuttugustu öldina. General Motors var þar á meðal með fjölda verksmiðja og losaði sig við 10 milljónir gallona af skolpi og öðrum menguðum vökvum í ána á hverjum einasta degi. Þar á meðal var lítt meðhöndluð olía og efni eins og blásýra og baneitruð krómefnasambönd. Málshöfðanir eru enn í gangi vegna mengunarmála á svæðinu og sér ekki fyrir endann á þessum hörmungum. /HKr.

Krydd og íblöndunarefni fyrir heimavinnslu matvæla á netverslun vilko.is

Rósmarín 1 kg
Vörumeri: 14057
1.099 kr

Kristals salt 1 kg.
Vörumeri: 14141
1.388 kr

Vilko

Flóra
SÍÐAN 1935

CID LINES

KenocoxTM
VÖRN GEGN HNÍSLASÓTT OG E-COLI SMITI




Kenocox er breiðvirkt sóttþreinsiefni sem drepur sníkjudýr, hnísla, bakteríur, veirur og myglu. **Kenocox** er með einstaka einkaleyfisvarða formúlu. Hún er án fenóls og þar af leiðandi örugg fyrir notendur og dýr. Sóttþreinsun nauðsynleg til að koma í veg fyrir smit á hníslum.

- Hægt að nota á allt yfirborð
- Drepur hnísla (coccidiosis) sem valda hníslasótt
- Drepur saurgerla, e-coli og coli
- Drepur myglu
- Drepur veirur
- **Kenocox** hjálpar til við að draga úr sýkingarhættu í útihúsum
- Kemur í veg fyrir smit af sníkjudýrum eins og eimeria spp og cryptosporidium parvum sem eru mjög hættuleg fyrir ungvíði

Hníslar orsakast af einfrumungnum eimería. Þeir eru að verða æ algengari í sauðburði, sérstaklega ef stíur eru blautar og þröngar, einnig í þröngum högum, sérstaklega í votviðri. Hníslar geta lifað af frost 5-8°C í mánuði en þola ekki sóttþreinsun.

Einkenni smits eru:

- Lömb þrífast ekki og eru mjög kvalin
- Ef lömb fá blóðuga skitu þá er skaðinn orðinn
- Smit á milli lamba tekur 12-20 daga
- Lömbin eru varin gegn sýkingu, með mótefnum úr broddmjólkinni fyrstu 2-4 vikurnar



UTAN ÚR HEIMI

Alþjóðaorkustofnunin – Aukin raforkunotkun hefur leitt til stóru aukinnar koltvísyringsmengunar:

Nýtt met sett í loftmengun á síðasta ári m.a. vegna framleiðslu á raforku

– Aukning í endurnýjanlegri orku dugar ekki til og framleiðsla á raforku með jarðfnaeldsneyti, m.a. fyrir ökutæki, veldur mikilli orkusóun

Orkunotkun á heimsvísu árið 2018 jókst um tæplega tvöfaldan meðalvöxt frá árinu 2010 samkvæmt nýjustu tölum Alþjóðaorkustofnunarinnar (International Energy Agency – IEA). Aukin eftirspurn er eftir raforku og stendur fyrir meira en helmingi koltvísyringsaukningarinnar og er sú raforka að mestu leyti framleidd með gasi, olíu og kolum.

Orkuftirspurn jókst á heimsvísu um 2,3% á árinu 2018 samkvæmt tölum IEA. Er það nærri tvöföld meðalaukning frá árinu 2010.

Það virðist vera sem pólitísk ákvörðun um orkuskipti og að hraða raforkuvæðingu samgangna sé að valda mikilli orkusóun, þvert á fullyrðingar um hið gagnstæða. Ástæðan er sú að meiri orka fer í að framleiða raforku úr gasi og olíu en með beinni nýtingu þessara orkugjafa á samgöngutæki eins og bíla.

Gögn IEA er vart hægt að skilja á annan veg en að hröð rafbíla-væðingin samkvæmt pólitískum markmiðum víða um lönd um orkuskipti sé að valda mun meiri mengun á heimsvísu en henni er á pappírnum ætlað að draga úr.




Nýtt met var sett í útblæstri koltvísyrings á árinu 2018, þrátt fyrir göfug markmið og pólitíska stefnumörkun og ákvörðun um orkuskipti. Stóru aukin raforkuframleiðsla með jarðfnaeldsneyti til að mæta aukinni raforkueftirspurn leiðir til verri orkunýtni, mikilli orkusóun og aukinni loftmengun. Mynd / EPA

Raforkuframleiðsla með vindorku og öðrum endurnýjanlegum orkugjöfum dugar ekki til við að halda í við eftirspurnina samkvæmt gögnum IEA.

Koltvísyringslosun aldrei meiri

Vegna aukinnar orkunotkunar jókst orkuframleiðslutengd losun CO₂ um



1,7% og fór í 33,1 Gíгатonn af CO₂. Raforkuver sem brenna kolum eru nú næststærsti mengunarvaldurinn og standa fyrir um 30% af allri koltvísyringsmengun vegna raforkuframleiðslu í heiminum.

Metaukning í losun CO₂ vegna orkuframleiðslu

Eftirspurn eftir öllu eldsneyti jókst á síðasta ári samkvæmt tölum IEA og er mest aukning í jarðgasi,

jafnvel þótt tvöföldun hafi orðið í framleiðslu á sól- og vindorku. Orkunýtnin hefur farið versnandi. Vegna aukinnar orkunotkunar jókst CO₂ losun 1,7% á síðasta ári og er það nýtt met.

Orkunotkun um allan heim jókst um 2,3% árið 2018, tæplega tvöfaldur meðalvöxtur síðan 2010. Þá hefur verið aukin eftirspurn í sumum heimshlutum eftir raforku bæði vegna kælingar á húsum og vegna hitunar.

Hagvöxtur knýr eftirspurn og væntingar

Næri 70% af útblástursaukningunni stafar af aukinni orkuftirspurn í Kína, Bandaríkjunum og Indlandi. Virðist það nokkuð haldast í hendur við hagvöxt, því miklu minni eftirspurnaraukning hefur verið í Evrópu sem þó er með nærri 512 milljónir íbúa með um 1,9% hagvöxt, en Bandaríkin ríflega 312 milljónir með 2,9% hagvöxt (GDP) 2018. Reyndar var Kína með minnsta hagvöxt í mjög langan tíma, en hann var samt 6,6% á árinu 2018, en Indland var með 7,1% hagvöxt. Þá spá hagfræðingar minni hagvexti í ESB-löndunum á árinu 2019 en í fyrra og er það að hluta sagt stafa af ötta vegna útgöngu Breta úr Evrópusambandinu. Á vefsíðu Express í Bretlandi má m.a. sjá frétt um veikingu evrusvæðisins vegna samdráttar í Þýskalandi og á Ítalíu. Þar er hagvöxtur meðal 19 evruríkanna aðeins 1,3%. eru menn reyndar sagðir orðnir uppiskroppa með hugmyndir um hvernig eigi að keyra upp hagvöxtinn í ríkjum ESB.

Jarðfnaeldsneyti til að mæta aukinni raforkueftirspurn

Eftirspurn eftir öllu eldsneyti óx og jarðfnaeldsneyti stendur fyrir nær 70% af aukningu síðustu tveggja ára.

Met aukning er í notkun á jarðgasi og nam aukningin tæplega 45% af heildarorkueftirspurninni. Það eru þó vissulega betri tíðindi en að sú aukning hafi verið uppfyllt eingöngu með brennslu á olíu eða kolum. Um 10% aukning var í notkun á gasi í Bandaríkjunum á milli ára sem er mesta aukning síðan 1971.

Framleiðsla orku með endurnýjanlegum orkugjöfum, ekki síst vindorku, hefur verið að vaxa hratt, eða meira en 10%. Samt dugar sú aukning engan veginn til að mæta aukinni eftirspurn eftir raforku um heim allan samkvæmt skýrslu Alþjóðaorkustofnunarinnar. /HKr:

STOFNAÐ 1994
LOFTTÆKNI
25 ára
Afsmælis tilboð

Á VARMADÆLUM
Loft í VATN 12% afsláttur
Upplýsingar og verð á lofttaekni.is

Loft í LOFT 20% afsláttur

Panasonic
LOFTTÆKNI
STOFNAÐ 1994

Víkurhvarfi 2 • 203 Kópavogi • S: 546 9500 • lofttaekni.is
Umboðs og þjónustuaðilar um allt land

Uppboðsfyrirtækið Copenhagen Fur í Danmörku: Um fjórðungi starfsmanna sagt upp

– Búist við miklum samdrætti í skinnframboði á þessu og á næsta ári

Eftir nær samfelldar verðlækkanir á skinnmarkaði í nokkur ár og fyrirsjáanlegan samdrátt í framleiðslu hefur uppboðsfyrirtækið Copenhagen Fur nú neyðst til að segja upp um 130 til 150 starfsmönnum.

Í frétt bændablaðsins Landbrugsavísen í Danmörku kemur fram að uppboðshúsið hafi gefið út fréttatilkynningu um málið út fréttatilkynningu. Þar segir m.a. að Copenhagen Fur muni laga skipulag félagsins að minni framleiðslu sem búist er við á þessu ári og á næsta ári. Þetta þýðir meðal annars að félagið er nú að hefja ferli með það að markmiði að fækka starfsfólki, bæði í hópi fastráðinna starfsmanna og lausafólks.

Um 130 til 150 starfsmönnum í fullu starfi verður sagt upp. Það er um fjórði hver starfsmaður af þeim 520 sem unnið hafa hjá fyrirtækinu. Munu þeir því þurfa að leita sér að nýrri vinnu eftir sumarfrí.

Þriðjungur af verðinu 2013

Tage Pedersen, forstjóri Copenhagen Fur, greindi frá því fyrr á þessu ári að leitast yrði við að draga úr kostnaði. Það væri nauðsynlegt til að laga skipulag að þeirri stöðu sem uppi er á skinnmarkaði. Frá 2013 hefur skinnaverð fallið úr 600 dönskum krónum á skinn niður í 261 krónu. Þetta samsvarar því að verðið hafi fallið úr 12.300 íslenskum krónum í um 4.760 krónum miðað við gengi á Íslandi 2013 og 2019.

Áfram verður samt unnið að skipulagningu skinnuppboða og miðað við að húsið standi undir sér, að sögn Tage Pedersen á aðalfundi félagsins fyrr á þessu ári.

Þrátt fyrir uppsagnirnar nú og samdrátt í rekstri, þá skilaði Copenhagen Fur 17 milljónum danskra króna í hagnað 2018 eftir skatt. Það þykir kannski ekki mikið í veltu upp á 5,8 milljarða danskra króna og sagði Tage að þetta endurspegladi erfiða stöðu á skinnmarkaði.

Gríðarlegur samdráttur

Að mati Tage Pedersen er samt ekki tómt svartnætti fram undan. Búist er við að minkaskinum á uppboði á heimsvísu fækki um 10 milljónir á þessu ári og verði um 36 milljónir. Enn meiri samdráttur verði á árinu 2020 og þá verði ekki nema um 25 milljónir skinna í boði á heimsmarkaðinum. Sem dæmi þá var heimsframleiðslan á minkaskinum árið 2011 um 60 milljónir skinna og fór þá vaxandi. Samdrátturinn verður því um tveir þriðju frá því er best lét.

Áætluð heimsframleiðsla 2020 verður aðeins um 4 milljónum fleiri skinn en seld voru árlega hjá uppboðshúsi Copenhagen Fur einu og sér á árunum 2012 til 2014. Svo mikil minnkun á framboði skinna ætti samkvæmt eðlilegum markaðslögmálum að leiða til verðhækkana þannig að það fari að grilla í ljós við enda ganganna að mati Tage. /HKr:



Einna bestu baðstrendur Bretlandseyja eru við bæinn Bournemouth í Dorset-héraði á suðvesturströnd Englands. Reikna má með að þar verði vart hægt að þverfóta fyrir sólþyrstum Bretum á komandi vikum. Mynd / HKr.

Suður-England:

Búist við spænsku veðri fram í júlí

Bretar undirbúa sig nú undir áframhaldandi hitabylgju í landinu sem enst gæti fram í júlímánuð ef marka má þriggja mánaða spá bresku veðurstofunnar sem fjallað er um í Daily Mail.

Hitabylgjan, sem nefnd er „Spanis plume“, er flæði á 1.500 km breiðum loftstraumi frá Spáni sem búist er við að verði viðvarandi í langan tíma. Spár gera ráð fyrir að hitinn haldist að meðaltali í um 25 til 28 gráðum á Celsius eftir methita um páskana sem mældist 25,5 °C í Gosport í Hampshire-héraði.

Búist er við að best verði veðrið við suðurströnd landsins en á sama tíma verða íbúar í norðanverðu

landinu trúlega ekki eins heppnir og heldur ekki íbúar upp eftir vesturströndinni. Þar er gert ráð fyrir einhverri rigningu og talsverðum vindi.

Breska veðurstofan gerir ráð fyrir að hitinn verði fyrir ofan meðallag seinni helming maímánaðar, allavega við suðurströndina. Sumar spár gera reyndar ráð fyrir að í lok maí muni verða heitasti tími sumarsins á þessum slóðum. Ekki sé ólíklegt að hitinn verði um 28 gráður.

Á síðasta ári reyndist maímánuður vera sá heitasti í hundrað ár með meðalhita um 17 °C. Spár gera ráð fyrir að hitinn nú geti jafnvel orðið enn hærri. /HKr.

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot

- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfíð
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.

Háskólinn á Hólum

Þú finnur Hólaskóla bæði á Facebook og Twitter!



www.holar.is

Hagnýtt háskólanám

- Ferðamálafræði
- Stjórnun ferðaþjónustu og móttaka gesta
- Viðburðastjórnun
- Fiskeldisfræði
- Reiðmennska og reiðkennsla

Tækifærin eru í okkar greinum



Hólaskóli - Háskólinn á Hólum

Hólum í Hjaltadal 551 Sauðárkrókur
Sími 455 6300 holaskoli@holar.is www.holar.is

Háskólasamfélag með langa sögu
Hólar í Hjaltadal er í senn mikill sögustaður og útivistarparadis. Háskólinn á Hólum er litill en öflugur háskóli sem sinnir kennslu og rannsóknum á sviði ört vaxandi atvinnugreina.

SKRÚFUPRESSUR

Loftpressur af öllum stærðum og gerðum
Mikið úrval af aukahlutum

Smiðjuvegi 66 • 580 5800 • landvelar.is

LANDVÉLAR

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 16. maí



BJB-Mótorstilling býður upp á mikið úrval af öllum tegundum af dekkjum

Við bjóðum einungis gæða dekk á gæða verði



SAMEINUÐ GÆÐI



Heyfyrningum breytt í próteinríkt mjöl

Hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMÍ) á Keldnaholti hefur undanfarin tvö ár verið unnið að verkefni sem felst í að vinna prótein úr hey og öðrum trefjaríkkum lífmassa. Notast er við jarðvarma til að brjóta niður hráefnið og svo ensími, en síðan eru ger- og þráðsveppir ræktaðir í næringarsúpunni sem verður til í niðurbrotinu. Úr sveppunum er svo unnið próteinríkt mjöl.

Að sögn Magnúsar Guðmundssonar, fagstjóra á tæknisviði NMÍ, falla til nálægt 50.000 tonn á ári af heyfyrningum á landinu öllu, sem ekki nýtist sem fóður en er notað að einhverju leyti til landgræðslu. „Ef möguleiki væri að nýta þessar heyfyrningar til ræktunar á ger- eða þráðsveppum til framleiðslu á próteinríku mjóli, væri hægt að framleiða um 3.000 tonn af próteini úr hverjum 10.000 tonnum af heyfyrningum. Auk þess yrðu til ýmsar aukaafurðir eins og lífrænar sýrur (til dæmis sítrónusýra) og vel niðurbrotinn afgang lífmassi sem mætti nýta til landgræðslu. Próteinið sem þannig fæst má nýta til manneldis en hentar einnig vel til fiskeldis og í kjarnfóður fyrir búfénað.“

Svipað að gæðum og gott fiskimjöl

Að sögn Magnúsar má nýta ýmsan annan trefjaríkan lífmassa sem inniheldur lignín, hemisellulósa og sellulósa – og jafnvel trjákuril – til að framleiða prótein og önnur verðmæti með ræktun á ger- eða þráðsveppum. „Ferlið er þannig að heyið og trjákurlið er fyrst brotið niður með hjálp jarðhitavatsins við hátt hitastig í kringum 170 til 200 gráður og síðan með ensímum og fæst þá næringarrík súpá sem inniheldur margar sykurgundir og önnur næringarefni sem ger- og þráðsveppir geta nýtt sér. Það er hægt að rækta margar tegundir ger- og þráðsveppa í næringarsúpunni en í verkefninu hefur áherslan verið á tvær tegundir af ætt Yarrowia og Fusarium, sem báðar eru leyfðar til manneldis í Evrópu og



Hvarfatankur þar sem ræktunartilraunirnar á sveppunum hafa verið gerðar.

Bandaríkjunum. Eftir að ræktun lýkur þá eru gersveppirnir unnir áfram í próteinríkt mjöl og í tilvikum Yarrowia myndast einnig hátt hlutfall af olíu. Próteinmjólið er af svipuðum gæðum og gott fiskimjöl og olían sem Yarrowia myndar inniheldur mikið af lífsnauðsynlegri Omega-6 fitusýru (linoleic sýra).“

Huga þarf að fleiri aðferðum við próteinframleiðslu

„Próteinframleiðsla með fiskveiðum mun ekki aukast í framtíðinni þar sem hámarksnýting uppsjárstofna er þegar náð og hefur ekki verið aukning á heimsaflnum í áratugi, þess vegna þarf nauðsynlega að framleiða prótein af göðum gæðum með öðrum leiðum,“ útskýrir Magnús. „Jurtaprótein hafa verið notuð í stað fiskpróteins en eru ekki sambærileg að gæðum og koma því ekki að fullu í stað þeirra í fiskeldi og því er nauðsynlegt að huga að öðrum aðferðum við próteinframleiðslu til að sú grein þróist áfram. Prótein úr þráð- eða gersveppum er af mjög svipuðum gæðum og fiskprótein og gæti því komið í stað þeirra að stórum hluta.“

Þess má geta að 3.000 tonn af gersveppa-próteini samsvarar mjóli



Á hverju ári falla til nálægt 50.000 tonn af heyfyrningum á landinu öllu, sem ekki nýtist sem fóður en er notað að einhverju leyti til landgræðslu.

úr 16.500 tonnum af loðnuafli. Þannig gæti ger- og þráðsveppa-prótein komið í stað umtalsverðs magns af loðnu,“ segir Magnús.

Margir kostir við slíka próteinvinnslu

Verkefnið hefur, að sögn Magnúsar, sýnt fram á möguleika á vinnslu á vannýttu hráefni, með því að nota jarðvarma sem er víða og getur skapað störf í strjálbýli. „Hér væri einnig um að ræða innlenda afurð sem kæmi í stað innflutts próteins og hún myndi nýtast vel í fiskeldi og landbúnaði,“ segir Magnús og bendir á að rúm 15 þúsund tonn fóðurs vegna fiskeldis hafi verið flutt til Íslands fyrir árið 2016. „Næsta skref verkefnisins er að setja upp samfellda framleiðslu í smáum skala sem gæti gefið niðurstöður sem hægt væri að skala upp með auðveldum hætti. Unnið verður að því að tryggja fjármagn fyrir slíka áframhaldandi þróun á næstu mánuðum.“

Samstarf við Orku náttúrunnar

Magnús segir að um samstarfsverkefni sé að ræða milli NMÍ og Orku náttúrunnar með stuðningi



Magnús Guðmundsson leiðir verkefni hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem felst í því að breyta heyfyrningum í próteinríkt mjöl.

frá Tækniþróunarsjóði. „Ég vinn á deild sem heitir Efnis-, líf- og orkutækni og við snum alls kyns orkuverkefnum til dæmis í sambandi við jarðvarma, metan, lífdísil, vetni og metanólframleiðslu. Við aðstoðum fyrirtæki sem hafa áhuga á að vinna að slíkum verkefnum og einnig höfum við frumkvæði að

ýmsum verkefnum og reynum að fá fyrirtæki í samvinnu við okkur um þau.“

Þetta verkefni sem um ræðir og heitir „Notkun jarðvarma til vinnslu á „lignósellulósa“ er tilkomið að mínu frumkvæði. Hugmyndin var að kanna möguleika á að nýta vannýtt hráefni eins og heyfyrningar og svo jarðvarma sem ef til vill væri erfitt að nýta að öllu leyti til orkuframleiðslu, en skiljuvatn var til dæmis ekki fullnýt þegar verkefnið fór af stað og var 120–160 gráður.“

Við fórum síðan í samstarf við Orku náttúrunnar um verkefnið, meðal annars vegna þess að það falla til ýmsir orkustraumar (gufa og jarðhitavatn) sem er áhugavert fyrir ON að fullnýta og einnig eru þeir að undirbúa Orku garð á Helliðshöfði þar sem lítil sprotafyrirtæki og önnur stærri geta nýtt sér aðstöðu. Einnig komst ég að því í öðru verkefni um lífildsneyti að takmarkað framboð er á lífmassa sem væri hægt að nýta í orkuframleiðslu eða aðra vinnslu, en heyfyrningar eru stór hluti af þeim lífmassa sem mögulegt er að nýta og þess vegna fannst mér tilvalið að búa til verkefni sem nýtti þessar tvær auðlindir.“ /smh



Greiðslumark sem er óvirkt í þrjú ár samfellt frá 1. janúar 2017 eða síðar verður fellt úr gildi.

Greiðslumark í sauðfjarrækt: Aðilaskipti óheimil frá 1. sept. — ef stjórnarfrumvarp verður samþykkt

Búnaðarstofa Matvælastofnunar vekur athygli eigenda greiðslumarks í sauðfjarrækt á ákvæði í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar um stuðning við sauðfjarrækt nr. 1262/2018 um að greiðslumark sem er óvirkt í þrjú ár samfellt frá 1. janúar 2017 eða síðar, skuli fellt úr gildi.

Þann 1. janúar 2020 reynir fyrst á þetta ákvæði. Samkvæmt skráningu Búnaðarstofu eru alls 443 bú með óvirkt greiðslumark, alls um 20.331,2 ærgildi. Þar er miðað við 0,7 ásetningshlutfall og því eru þarna bú sem eru með lægra

ásetningshlutfall, en ná ekki 0,7 markinu.

Stjórnarfrumvarp liggur fyrir Alþingi í tengslum við endurskoðun á sauðfjarsamningi á þingskjali 1052-646. Mál og þar ákvæði um að aðilaskipti með greiðslumark í sauðfjarrækt verði óheimil frá 1. september og við tekur innlausnarfyrirkomulag. Fyrsti innlausnardagur verður væntanlega haldinn haustið 2019 þar sem greiðslumark verður innleyst, selt og boðið til sölu á innlausnarvirði í gegnum markað á hvert.

Hótelrúmföt og handklæði fyrir ferðapjónustuna



Allt lín fyrir:
Hótelíð • Gistiheimilið • Bændagistinguna
Airbnb • Veitingasalinn • Heilsulindina
Þvottahúsið • Sérverslunina





Starfsmannafatnaður
fyrir hótél og veitingahús

Eigum allt fyrir:

- Þjóninn
- Pernuna
- Kokkinn
- Vikapiltinn
- Gestamóttökuna
- Hótelstjórnandann

86 ára

EDDA
HEILDVERSLUN

Höfðabakka 9, 110 Reykjavík | sími 561 9200 | eddaehf@eddaehf.is | www.eddaehf.is

Lely Center Ísland



RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR FRÁBÆR VERÐ

John Deere	Ford
Zetor	Fiat
Case IH	New Holland
McCormick	Deutz-Fahr
Steyr	Massey Ferguson
Claas	

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Léttu þér lífið

Sláttu- ROBOT



S: 544-4656

SÁÐVARA SS 2019

Skoðið sáðvörulistann á www.buvorur.is



Sláturfélag Suðurlands svf.

Fossháls 1, 110 Reykjavík | S: 575-6070 | www.buvorur.is | buvorur@ss.is

VEISTU HVAÐ ER Á BORDUM Í SKÓLUM?

Verum upplýst.
Kynntu þér málið á
oruggurmaturur.is



HÓPUR UM
ÖRUGG
MATVÆLI

Lely Center Ísland

RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR FRÁBÆR VERÐ



John Deere	Ford
Zetor	Fiat
Case IH	New Holland
McCormick	Deutz-Fahr
Steyr	Massey Ferguson
Claas	

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

teno spin®

RÚLLUPLASTIÐ SEM BÆNDUR TREYSTA



Sláturfélag Suðurlands svf.

Fossháls 1, 110 Reykjavík | S: 575-6070 | www.buvorur.is | buvorur@ss.is

DANUBE

7inMac

Getum við orðið að liði?

Við erum með allar lausnir fyrir þvottahús,
Hótel, Gistiheimili og Sjúkrastofnanir.

þurrkarar

Þvottavélar



Strauvélar

Hótelin, þvottagrindur, taupokar ofl.



Kirkjustétt 2-6, 113 Reykjavík
Símar: 567 4577 / 892 8925
icefakta@icefakta.is / www.icefakta.is

ENDURNÝTING & NÁTTÚRUVERND

Jarðgerðarstöð Moltu í Eyjafjarðarsveit býr til verðmæti úr því sem annars væri urðað eða brennt:

Hefur tekið við nær 63 þúsund tonnnum af lífrænum úrgangi á áratug

Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is



Jarðgerðarstöðin Molta ehf. tók á móti ríflega 7 þúsund tonnnum af lífrænum úrgangi á liðnu ári og barst hann frá öllum sveitarfélögum við Eyjafjörð, Þingeyjarsveit, Skagafirði og Fljótsdalshéraði. Öllu þessu magni var í verksmiðju Moltu við Þveráreyrar í Eyjafjarðarsveit breytt í dýrmæta afurð sem nýtt er til landgræðslu, uppgræðslu, í garðyrkju, sem áburður í landbúnaði og skógrækt og fleira.

Nú síðar á þessu ári eru liðin 10 ár frá því starfsemi Moltu fór í gang og á þeim tíma hefur verið tekið á móti tæplega 62.700 tonnnum af úrgangi, sláturúrgangi, heimilis- og fyrirtækjaúrgangi sem og stoðefnum, einkum timbri og pappír.

Stórt framlag til loftslagsmála

Kristján Ólafsson, framkvæmdastjóri Moltu, segir að Jarðgerðarstöðin sé í raun ekki bara lausn þegar kemur að förgun úrgangs heldur og ekki síður stórt framlag til loftslagsmála. „Frá því að Molta hóf störf fyrir 10 árum hefur framleiðslan komið í veg fyrir losun sem nemur 100 þúsund tonnnum af koltvísýringi. Þetta magn samsvarar allri losun fólksbíla í Eyjafirði í tvö ár. Það er vissulega ánægjulegur áfangi sem við getum glaðst yfir. Starfsemi Moltu dregur þannig verulega úr losun en fær þó engan fjárhagslegan ávinning af því framlagi. Það er auðvitað svolítið sérstakt þegar hundruðum milljóna er varið í önnur loftslagsverkefni,“ segir Kristján.

Félagið Molta ehf. var stofnað í mars árið 2007, öll



Kristján Ólafsson, framkvæmdastjóri Moltu, segir að Jarðgerðarstöðin sé í raun ekki bara lausn þegar kemur að förgun úrgangs heldur og ekki síður stórt framlag til loftslagsmála. Hér er hann að handleika moltu á plani fyrirtækisins. Mynd / MPP

sveitarfélög í Eyjafirði tóku þátt í stofnun þess, sem eigendur félagsins Flokkunar ehf., auk stærstu matvælaframleiðenda á Eyjafjarðarsvæðinu. Nú er eignarhald félagsins þannig að Byggðastofnun á 30%, sveitarfélögin 53% og einkaaðilar eiga 17%. Framkvæmdir við byggingu Jarðgerðarstöðvarinnar hófust í ágúst 2008 og tilraunavinnslan hófst í júní árið á eftir, en



Jarðgerðarstöðin Molta ehf. tók á móti ríflega 7 þúsund tonnnum af lífrænum úrgangi á liðnu ári og hefur á áratug tekið á móti tæplega 63 þúsund tonnnum af lífrænum úrgangi og breytt í verðmætar afurðir. Mynd / Motta

formleg opnun verksmiðjunnar var í ágúst 2009.

Vélbúnaður Moltu er frá finnska framleiðandanum Preseco Oy og samanstendur af sex stórum tromlum með tilheyrandi móttökubúnaði, færriböndum og sniglum. Jarðgerðarstöð Moltu er sú stærsta í Evrópu sem nýtir tromluaðferðina við jarðgerð. Hver tromla tekur að jafnaði á bilinu 50 til 70 tonn af efni þannig að hverju sinni er framleiðsla upp á 4–500 tonn í gangi. Jarðgerðarblandan hitnar upp í að minnsta kosti 70 gráður í tromlunum, þannig að moltan telst hrein af óæskilegum sýklum og gerlum þegar vinnsluferli lýkur.

Ferlið tekur hálf ár

Hráefnið til vinnslunnar berst að sögn Kristjáns frá kjötvinnslum, sláturhúsum og eitthvað kemur frá fiskvinnslum, auk þess sem lífrænn úrgangur kemur frá heimilum af stóru svæði, öllum Eyjafirði, Skagafirði, Þingeyjarsveit og Fljótsdalshéraði. Allur úrgangurinn fer í gegnum



Molta að koma út úr verksmiðju. Efninu er síðan mokað upp í galta og þar heldur verkunin áfram. Galtarnir eru á stóru plani utan við verksmiðjuna. Liggur efnið í göltunum allt að 6 mánuði en þá telst moltan tilbúin til notkunar.

hakkavél og er stoðefni, timburkurl úr úrgangstimbri og pappír úr grenndargámum á Akureyri blandað saman við. Blandan er höfð í jarðgerðartromlunum í 5 til 10 daga þar sem niðurbrot á sér stað. Að því loknu er efninu mokað í galta og heldur verkunin áfram þar á stóru plani utan við verksmiðjuna í allt að 6 mánuði en þá telst moltan tilbúin til notkunar.

Moltan hefur reynst mjög vel

Kristján segir að æ fleiri hafi gert sér grein fyrir gæðum moltunnar og hefur hún verið nýtt með ýmsum hætti hin síðari ár.

„Það má nýta moltu á landi sem verið er að vinna til túnræktar, kornræktar eða til ræktunar einærra fódurjurta, en hún nýtist að auki líka vel til dreifingar á gróðurlendi



Hráefnið til vinnslunnar berst frá kjötvinnslum, sláturhúsum og fiskvinnslum auk þess sem lífrænn úrgangur kemur frá heimilum af stóru svæði, öllum Eyjafirði, Skagafirði, Þingeyjarsveit og Fljótsdalshéraði. Mynd / MPP



Pappír sem kallast stoðefni er blandað í lífræna úrganginn. Mynd / MPP



Bændur hafa dreift moltu yfir tún sín að haustlagi og hefur árangur af því verið góður. Mynd / Motta

og til uppræðslu eða skógræktar á lokuðum svæðum,“ segir hann og nefnir m.a. tilraun sem er í gangi á Hólasandi á vegum Skógræktarinnar og Landgræðslunnar þar sem bakkaplöntum hefur verið plantað úr í ákaflega rýran jarðveg. Annað dæmi er frá Melgerðismelum í Eyjafirði þar sem molta var dreift yfir svæði árið 2012 og skáru þau svæði sem moltan var borin á sig úr öðrum. „Moltan kemur víða að góðum notum, það er hægt að fullyrða að hún er góður jarðvegsbætir og getur nýst sem áburður. Þegar haft er í huga að hráefnið í moltuna er úrgangur sem fyrir örfáum árum var allur urðaður má segja að umhverfissvænni vöru er erfitt að finna, úrganginum er hér skilað beint til upprunans, þ.e. til móður jarðar,“ segir hann.

Kristján bendir á að ríkið hafi nú ákveðið að stórauka bæði skógrækt og landgræðslu sem framlag þess til loftslagsmála.

„Það hlýtur að vera keppikefli slíkra verkefna að nota sem minnst af innfluttum tilbúnum áburði sem hefur bæði neikvæð loftslagsáhrif og kostar dýrmætan gjaldeyri. Við eigum því von á stóru auknu samstarfi við meðal annars Skógræktina og Landgræðsluna á næstu árum,“ segir hann.

Reyna að fá fyrirtækin til að flokka meira

Heimilin á því svæði sem flokka lífrænan úrgang og skila til Moltu standa sig vel í söfnuninni að sögn Kristjáns, en fyrirtækin gætu gert betur að hans mati.

„Við sjáum að þar eru tækifæri fyrir okkur að fá inn meira magn, mér sýnist að t.d. víða hjá stórum fyrirtækjum,

hótelum, veitingastöðum og verslunum sé ekki flokkað nægilega vel, of mikið af matarafgöngum er sent um langan veg til urðunar. Það er miður og við þurfum með einhverjum hætti að vekja menn sem þar stjórna til vitundar. Verið er að skoða leiðir til að fá þessa aðila til að flokka og skila lífrænum úrgangi og hefur verið í umræðu að setja upp eins konar hvata, að þau fyrirtæki sem standi vel að flokkun og skili frá sér lífrænum úrgangi fái grænan stimpil eða eitthvað slíkt, en það á eftir að útfæra nánar,“ segir Kristján.

Verksmiðjan ekki fullnýtt enn

Afkastageta Moltu er um 10 til 12 þúsund tonn svo enn er hún ekki að fullu nýtt. Fari fyrirtækin að skila lífrænum úrgangi í auknum mæli gæti orðið breyting á en Kristján bendir einnig á að sláturhúsin í Eyjafirði, Þingeyjarsýslu og fyrir austan skili sínum úrgangi til vinnslu hjá Moltu. Það geri hins vegar sláturhúsin í Skagafirði og Húnavatnssýslu ekki. Ódýrara er fyrir þau að senda úrgang til urðunar á urðunarsvæðið við Stekkjarvík skammt frá Blönduósi.

„Það er auðvitað svolítið skrytið að vera í samkeppni við urðun, en svona hefur staðan verið. Það gæti orðið breyting á því síðar á þessu ári munu stjórnvöld setja urðunarskatt á alla urðun og ef til vill verður þá hagkvæmara að senda sláturúrgang í endurvinnslu fremur en að urða hann. Það hefur líka lengi verið talað um að banna eigi alla urðun á lífrænum úrgangi, en slíkt yrði til mikilla bóta þegar horft er til umhverfispátta og mun án vafa vera svo í framtíðinni,“ segir Kristján.

Fáðu heyrnartæki til prufu



Um árabil hefur Heyrnartækni veitt þjónustu víðs vegar um landið. Við bjóðum upp á mikið úrval vandaðra heyrnartækja í ólíkum verðflokkum. Kannaðu hvenær Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður næst í nágrenni við þig.



Akureyri | Akranes | Borgarnes | Egilsstaðir | Ísafjörður | Neskaupstaður
Reykjanesbær | Selfoss | Vopnafjörður

Bókaðu tíma í heyrnarmælingu í síma 568 6880



Heyrnartækni | Glæsibæ | Álftheimum 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðajónusta | Sími 568 6880 | www.heyrnartækni.is

Kerrur frá Ifor Williams í öllum stærðum og útfærslum



Mikið úrval varahluta í Ifor Williams og allar aðrar gerðir af kerrum, ásamt úrvals viðgerðarþjónustu

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is



Lely Center Ísland

VARAHLUTIR Í DRÁTTARVÉLAR



Case IH



Steyr



Zetor



Deutz Fahr



IMT

Útvegum varahluti í gömlu vélarnar



Fiat



New Holland



John Deere

Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 // Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600 – vbl.is



Finnþogi Magnússon, formaður Landbúnaðarklasans, er jafnframt framkvæmdastjóri Jötuns Véla á Selfossi. Hann segir að ef Íslendingar ætli að treysta að miklu leyti á innflutning matvæla þá kunnir illa að fara þar sem öfgar í veðri virðast færast í aukana. Meðan við getum sjálf búið til fóður fyrir okkar framleiðslu sé í raun ábyrgðarleysi að reyna ekki með öllum ráðum að auka innlenda ræktun og auka verulega stuðning og ráðgjöf við alla ræktun.

Mynd / HKr.

Landbúnaðarklasanum er ætlað að stuðla að aukinni arðsemi gegnum nýsköpun í landbúnaði:

Gríðarlegir möguleikar og framtíðin er björt

— segir formaðurinn Finnþogi Magnússon og vill að fylgt verði eftir góðu fordæmi í sjávarútvegsklasanum

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Finnþogi Magnússon, framkvæmdastjóri Jötuns Véla ehf. á Selfossi, er líka formaður Landbúnaðarklasans. Markmið Landbúnaðarklasans er að stuðla að aukinni arðsemi gegnum nýsköpun og fagmennsku í landbúnaði á Íslandi. Með verðmætari afurðum byggjum við upp arðbærar atvinnugreinar til framtíðar þar sem gæði og sjálfbærni eru höfð að leiðarljósi.

„Fæðuöryggi þjóðarinnar skiptir líka miklu máli sem og heilnæmi matvælnanna. Hreinleika okkar matvæla þurfum við að halda betur á lofti og gera betur á öllum sviðum framleiðslunnar,“ sagði Finnþogi í samtali við Bændablaðið.

Með Finnþoga í stjórn Landbúnaðarklasans eru reynsluboltar á ýmsum sviðum. Þetta eru: Sunna Gunnars Marteinsdóttir, sem kemur frá MS, sem er varaformaður, Berglind Hilmarsdóttir bóndi, Einar Gunnar Guðmundsson frá Arion banka hf., Oddný Anna Björnsdóttir, ráðgjafi, Tjörvi Bjarnason frá Bændasamtökunum og Þórir Haraldsson frá Líflandi ehf.

Finnþogi segir að gríðarlegir möguleikar séu í landbúnaði og framtíðin sé björt ef vel sé á spilum haldið. Hann segir það m.a. lýsa sér í því að bændur í dag horfi á landbúnaðinn í víðara samhengi en eingöngu framleiðslu á mjólk og kjöti. Það sé óumflýjanleg þróun að bændum í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt muni fækka. Aftur á

móti séu miklir möguleikar á öðrum sviðum landbúnaðar og tengdra greina sem geti komið í staðinn ef rétt sé á spilum haldið. Því eigi þessi fækkun framleiðenda í hefðbundnu greinunum ekki að þurfa að hafa í för með sér byggðaröskun ef samtök bænda og stjórnvöld verða búin að skapa grundvöll fyrir fólk til að nýta þessi tækifæri sem best.

Mikilvægt sé á þessum tímapunkti að landbúnaðurinn fari í heildstæða stefnumótun til næstu áratuga sem sé endurskoðuð á að lágmarki fimm ára fresti þannig að þeir sem reka bú í dag viti hver opinbera stefnan sé varðandi t.d. bústærð og sjálfbærni og geti þannig skipulagt framtíð sína betur. Mér finnst þessa heildarsýn vanta að miklu leyti í dag og hver búgrein sé svolítið að keyra sjálfstæða stefnu sem ekki endilega tekur tillit til heildarhagsmuna íslensks landbúnaðar eða þjóðarinnar. Í mínum huga er lyklatríði í að byggja hér upp enn öflugri landbúnað en nú er að við séum öll að róa í sömu átt og beitum áhrifum okkar saman en ekki sundruð í minni hópum.“

Markmiðið hlýtur að vera sjálfbærni

„Menn tala um að um 50–60 % af fóðri mjólkurkúnnna okkar sé innflutt. Við getum hæglega komið þessari tölu niður í 20–30% ef við setjum undir okkur hausinn. Það er líka nauðsynlegt ef við ætlum okkur að auka sjálfbærni sem hlýtur að vera markmið okkar sem sjálfstæðrar þjóðar.“

Við lifum í mjög hverfulum heimi og lítið þarf að fara úrskaiðis til að aðgengi að erlendum

mörkuðum truflist. Við sjáum þetta t.d. í Skandinavíu þar sem menn hafa upplifað mjög blautt sumar 2017 og síðan mjög þurrt sumar í kjölfarið. Þetta hafði í för með sér mjög umfangsmikinn fódurskort í viðkomandi löndum og mikið fjárhagslegt tjón fyrir bændur. Ein hliðarverkun af þessum öfgum er að í ár er mjög erfitt að nálgast sáðkorn af þeim yrkjum sem við sækjumst mest eftir og gæði þess eru minni en venjulega vegna uppskerubrestsins og því þurfa sumir bændur hérlendis að sætta sig við að kaupa sáðkorn af yrkjum sem ekki eru eins örugg til þroska.

Við erum á undanförunum árum búin að fylgjast með fréttum af mis umfangsmiklum uppskerubresti í korni og annarri ræktun sem eru að hafa veruleg áhrif á heimsmarkaðsverð og framboð.

Ef menn ætla að treysta að miklu leyti á innflutning þá kann illa að fara þar sem öfgar í veðri virðast færast í aukana. Meðan við getum sjálf búið til fóður fyrir okkar framleiðslu er í raun ábyrgðarleysi að reyna ekki með öllum ráðum að auka innlenda ræktun og auka verulega stuðning og ráðgjöf við alla ræktun. Ráðgjöf og almenn áhersla á ræktun okkar nytjajurta hefur því miður verið í hálfgerðu skötulíki undanfarna áratugi þannig að bændur sem hafa haft áhuga á eflingu ræktunar hafa því miður oft gefist upp.“

Köfnunarefnið fljótlega unnið úr lofti á búunum.

„Við erum að horfa á að innan fimm til tíu ára verði orðið raunhæft fyrir bændur að vinna sitt eigið köfnunarefni úr loftinu heima á bæ

og blanda því við skítinn á bænum og gera þannig köfnunarefni blandaðan skítinn að aðaláburðinum sem borinn er á tún og akra. Það eru þegar komin í gang nokkur prufuverkefni með þessari tækni sem virðast lofa góðu. Mér finnst þetta mjög heillandi framtíðarsýn og styðja sýn okkar um aukna sjálfbærni mjög vel.“

Aukin krafa um grasfóðrun dýra

„Ég heyri það í mínum ranni að í Ameríku er farið að bera meira á umræðu þar sem neytendur eru varaðir við að kaupa kjöt sem framleitt er að mestu með eldi dýra á korni og alls konar afgangsráefni. Ástæðan á að vera að hráefnið er misgott og getur innihaldið sveppaspora og önnur eiturefni vegna t.d. notkunar eiturefna við ræktun og lélegra geymsla sem verða eftir í kjöti dýrsins og setjast fyrir í okkur og geti valdið veikindum. Því sé betra að neyta einungis kjöts af dýrum sem eru grasfóðruð og í Ameríku er kjöt af skepnum sem er fóðrað nær eingöngu á grasi selt á veitingastöðum og verslunum sem grasfóðrað kjöt (grassfed beef) og selt mun dýrara en annað sambærilegt kjöt.“

Við sjáum mjög áhugaverðar tilraunir í Danmörku þar sem Seges er að gera fóðrunartilraunir á sláturgrísum. Þeir eru fóðraðir á grasi og smárablöndu í stað innflutts sojafóðurs sem er flutt um langan veg og er oft og tíðum erfðabreytt. Fyrstu niðurstöður þessara tilrauna benda til að vaxtarhraði grísanna sé sambærilegur og bragð sé eins. Ef þetta er raunin opnast miklir möguleikar hérlendis til ræktunar

túna í svínafóður í stað innflutts fóðurs.“

Eigum mikla möguleika í ræktun

„Við Íslendingar eigum mikið graslendi og eigum að leggja áherslu á að nýta það í okkar matvælaframleiðslu. Við getum ræktað gras, við getum ræktað smára, við getum ræktað bygg með ágætum árangri og sjáum að bændurnir á Sandhóli eru að ná frábærum árangri í hafrarækt og nepju. Kínóa, sem er mjög dýr og vinsæl korntegund, virðist líka mögulegt að rækta hér.“

Alaskalúpína er mögnuð planta sem við höfum nýtt of lítið. Við ættum að setja lúpínu sem víðast í örfoka land sem lið í kolefnisjöfnun og búa þannig til nýtt nytjaland á 20–30 árum sem hægt verður að nýta undir margvíslega ræktun. Þar er hugsanlega mögulegt að nota líka aðrar lúpínutegundir í sáðskipt sem henta sem fóður sem Alaskalúpínan gerir ekki og auka þannig próteinmagn í heimaafloða fóðrinu, auk þess sem lúpínan skilur eftir sig mikið af köfnunarefni fyrir næsta árs ræktun.“

Alls konar hugmyndir eldmóður og kraftur

Finnþogi segir að margvíslegt annað en hefðbundin kjöt- og mjólkurframleiðsla komi til með að skapa drifkraft í landbúnaði á komandi árum.

„Það getur tryggt að sveitirnar verði áfram fullar af lífi og þar myndist ekki eyðibýggðir. Það sem maður upplifir í tengslum við landbúnaðarklasann er að það er fullt

Guðfinna Harpa Árnadóttir, nýr formaður Landssamtaka sauðfjárbænda:

Íslenskir sauðfjárbændur tilbúnir að takast á við verkefni framtíðar beinir í baki

Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is



„Mín sýn á framtíð sauðfjárþúskaþar á Íslandi er björt. Við vitum að með rétttri meðhöndlun og framsetningu erum við með einstaka og eftirsóttu gæðavöru í höndunum,“ segir Guðfinna Harpa Árnadóttir, nýkjörinn formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, LS.

„Markaðssetning á vörunni, bæði hér á landi og erlendis, hefur verið að þróast til hins betra á undanförunum misserum. Sú þróun þarf að halda áfram og eflast í góðu samstarfi bænda og afurðastöðva. Sauðfjárbændur hafa lýst sig tilbúna til að takast á við krefjandi umhverfisverkefni, svo sem eins og verkefni tengd kolefnisjöfnun, í samstarfi við stjórnvöld og aðra fagaðila og ég sé fyrir mér að verkefni af því tagi verði samfin þróun atvinnugreinarinnar á komandi árum.“

Fædd á Straumi í Hrórastungu

Guðfinna Harpa er fædd árið 1982 á Straumi í Hrórastungu á Fljótsdalshéraði og er næstst fimm barna þeirra Guðnýjar Eiríksdóttur og Árna Þórarinssonar, bænda á Straumi. Faðir hennar, Árni, er fæddur og uppalinn á Straumi, en móðir hennar er frá Fjallseli í Fellum á Fljótsdalshéraði. Þau Árni og Guðný hafa stundað búskap á Straumi um árabil. Þórarinn, afi Guðfinnu Hörpu, kom að Straumi 8 ára gamall og tók á fullorðinsárum og að loknu búfræðiprófi frá Hvanneyri við búinu. Fósturforeldrar hans höfðu keypt jörðina árið 1915. Saga fjölskyldunnar er því samfin sögu jarðarinnar.

„Fjölskyldan hefur verið hér nokkuð lengi og fyrst og fremst höfum við búið með sauðfé. Foreldrar mínir voru einnig lengi vel með nautaelði með en hættu því nýlega,“ segir hún.

Um þessar mundir býr fjölskyldan með um 600 fjár á jörðinni. Guðfinna og foreldrar hennar reka hvort sitt búið þegar að bókhaldinu kemur en ganga sameiginlega til allra verka, hvort heldur sem það er dagleg hirðing, fjárrag, heyskapur, sauðburður, bókhald eða hvaða verkefni sem sauðfjárbændur þurfa að sinna. Systkinin eru á álagstímum einnig innan handar og rétta fram hjálparhönd þegar á þarf að halda.

Ætlaði að verða kennari en búvísindin togðu í

Guðfinna Harpa tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Egilsstöðum, en þangað fór hún til náms í beinu framhaldi af grunnskólaprófi.

„Eftir stúdentsprófið tók ég mér hlé frá námi um tveggja ára skeið og reyndi mig á vinnumarkaði. Ég var einhvern veginn svo ákveðin í því að verða kennari þegar ég lauk stúdentsprófinu að ég prófaði að vinna hvort sitt árið í leik- og grunnskóla. Að hluta til stefndi ég á kennaranámið vegna þess að ég hafði talið mér trú um að kennarastarfið hentaði vel á móti því að vera bóndi. Það var alveg frá því ég man eftir mér mitt draumastarf að verða bóndi,“ segir hún.

Þegar að því kom að sækja um nám við háskóla fann hún að búvísindanám við Hvanneyri togaði æ meira í sig. Hún kveðst lítið sem



Guðfinna Harpa Árnadóttir, nýkjörinn formaður Landssambands sauðfjárbænda.

Myndir / Úr einkasafni



Guðrún Katrín og Árni Elís huga að fénu úti á túni.

ekkert hafa kynnt sér það nám, enda stefnt að því að verða kennari, en þegar frestur til að sækja um námið var um það bil að renna út fór hún að lesa sér til.

„Ég þekkti ekki neitt til á Hvanneyri og það voru satt best að segja sárafaír héðan að austan sem voru við nám þar á þeim tíma. Fyrsta árið mitt í skólanum vorum við tvö að austan við nám á Hvanneyri, í umhverfis skipulagi og búvísindum. Ég lét bara vaða og sótti um nám í búvísindum og sé svo sannarlega ekki eftir því,“ segir hún, en námsárin á Hvanneyri voru á árunum 2004 til 2008.

„Ég lærði alveg heilmikið í þessu námi og kynntist mörgu frábæru fólki, m.a. fyrrverandi sambýlismanni mínum, en við komum í byrjun árs 2009 inn í búskapinn á Straumi með foreldrum mínum. Árin tvö þar á undan höfðum við komið okkur upp eigin húsnæði, byggt við fjárhúsin á bænum og breytt skipulagi þannig að við gætum fjölgað fénu og byggt þannig undir að við gætum verið með í búskapunum,“ segir Guðfinna, en leiðir hennar og sambýlismannsins skildi á árinu 2013. Þau eiga tvö börn, Guðrún Katrínu, sem fæddist árið 2009 og Árna Elís, sem fæddist 2011. Meðfram búskapnum hefur Guðfinna starfað sem ráðunautur, fyrst hjá Búnaðarsambandi Austurlands og síðan hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins frá stofnun hennar 2013.

Hef mikinn metnað fyrir sterkri og framsækinni sauðfjarrækt hér á landi

Guðfinna Harpa segir að hún hafi að einhverju leyti tekið þátt í félagsmálum frá því hún hóf búskap. Hún er í stjórn Búnaðarfélags Hrórastungu, í varastjórn Búnaðarsambands Austurlands og formaður Félags sauðfjárbænda á Héraði og Fjörðum. Þá gaf hún kost á sér á lista við síðustu sveitarstjórnarkosningar og er varabæjarfulltrúi á Fljótsdalshéraði og gegnir formennsku í umhverfis- og framkvæmdaneftnd sveitarfélagsins.

Hún segir að fólk sem hún virðir og treystir hafi hvatt sig til að bjóða sig fram í formennskustólinn hjá LS og hún látið slag standa.

„Ég hef mikinn metnað fyrir sterkri og framsækinni sauðfjarrækt á Íslandi,“ segir hún. „Eins fyrir öflugum félagskerfi í landbúnaði þar sem fjölbreyttar raddir sauðfjárbænda heyrast. Ég sá tækfæri mína í því að leggja mitt af mörkum og það var helsta ástæða þess að ég bauð mig fram. Mótframbjóðendur mínir eru feikilega öflugir menn með marga kosti og ég á von á því að þeir verði áfram sterkir liðsmenn í samtökunum,“ segir Guðfinna Harpa.

„Kannski var helsta ástæðan fyrir því að bjóða mig fram að ég losnaði við að gera upp á milli þeirra.“

Annasamur tími fram undan

Hún segir, spurð um helstu kosti sína í nýju embætti, að sér veitist auðvelt að ná yfirsýn, hún sé heiðarleg, dugleg og sjálfstæð í vinnubrögðum. Þá eigi hún gott með að vinna með fólki og virkja það með sér, en til þess sé kostur að hlusta á fjölbreytt sjónarmið og vera tilbúin til að miðla upplýsingum á milli og til fólks.

„Ég á alveg von á að þetta verði annasamt verkefni, formaður LS þarf að vera töluvert á ferðinni hér og hvar. Heilmikið þurfi að koma við í höfuðborginni þar sem unnið



Úr fjárhúsinu.

sé með stjórn og framkvæmdastjóra sem og öðru starfsfólki í verkefnum sem LS tekur þátt í. Þá þurfi að hitta og ræða við stjórnmalafólk, starfsmenn ráðuneyta og stofnana sem samtökin vinna náð með.

„En það þarf líka að sinna grasrótinni hringinn í kringum landið, stjórnarmenn LS hafa reynt að heimsækja aðildarfélögin með formlegum hætti einu sinni á ári og ég á ekki von á að nein breyting verði þar á. Svo fer heilmikill hluti þessa starfs fram með síma og á símafundum, enda er samstarfsfólkið dreift um allt land og því nauðsynlegt að nýta sér tækni þegar færi gefst á því,“ segir Guðfinna.

Fé hefur fækkað um 42 þúsund á liðnum árum

Hún segir að vissulega hafi staðan verið mjög erfið undanfarin fjögur ár þegar kemur að rekstri sauðfjárbúa. Afurðaverð lækkaði talsvert árið 2016 og tók svo snarpa dýfu niður á við ári síðar og hefur enn ekki komið til baka. Framleiðslukostnaður sé á sama tíma svipaður sem þýði að rekstur búanna sé víða erfiður. Guðfinna segir bændur m.a. hafa brugðist við stöðunni með fækkun fjár, frá árinu 2016 hafi vetrarfóðruðum kindum fækkað um 42 þúsund.

„Ástæður fyrir þessari þróun á afurðaverði eru tengdar breytingum á gengi með tilliti til útflutnings, stöðu ákveðinna markaða og miklum birgðum. Nú má segja að staðan gagnvart öllum þessum þáttum hafi breyst, mismikið þó. Birgðastaða er til að mynda gjörbreytt frá því sem var, framleiðsla hefur minnkað og mun áfram minnka næsta haust þegar



Guðfinna með börnum sínum tveimur, þeim Guðrúnu Katrínu og Árna Elis.



Guðfinna Harpa og foreldrar hennar, þau Guðný Eiríksdóttir og Árni Þórarínsson, reka um 600 kinda sauðfjábú í Straumi í Hrórastungu á Fljótsdalshéraði.

tekið er mið af fækkun fjár milli ára. Þessar breytingar gefa okkur góðar vonir um að við getum farið að spyrna okkur upp frá botninum og farið að nálgast jafnvægi. Það eru þó alltaf heilmiklir óvissuþættir inni í dæminu, sá stærsti um þessar mundir er hver áhrif innflutningur á ófrystu hráu kjöti mun hafa á innanlandsmarkaðinn. Ég er þó ekki mjög svartsýn hvað það snertir. Íslenskir neytendur eru meðvitaðir neytendur og velja vöru sem þeir treysta og þekkja af gæðum.“

Íslenskir sauðfjárbændur hafa sýnt þrautseigju

Guðfinna Harpa segir að hvaða atvinnugrein sem er þurfi tíma til að vinna sig út úr hremmingum í líkingu við þá sem sauðfjarræktin hefði gengið í gegnum; þar sem framleiðslukostnaður er miklu hærri en afurðaverð.

„Þegar svo kemur að því að viðsnúningur verður þarf að byggja reksturinn upp að nýju, en bændur hafa þurft að halda að sér höndum í viðhaldi eigna og endurnýjun rekstrarfjármuna. Að vera í stöðu sem þessari veldur þreytu en það er mitt mat að íslenskir sauðfjárbændur séu fullir þrautseigju og þeir eru tilbúnir að takast á við spennandi verkefni framtíðar beinir í baki.“



Lely Center Ísland STÍUGRINDUR

1,23m og 1,84m

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

GAS LYKKJUBYSSA

Hentar einkar vel fyrir girðinga-vinnu og aðrar framkvæmdir

Frekari upplýsingar má sjá á S-J.IS

SKÚLASON & JÓNSSON
SKÚLUVÖGI 6 · 104 REYKJAVÍK · SÍMI 568 6544

Eigum á lager MultiOne 6.3 SD liðléttinga

Um er að ræða frábærar fjölnotavélar með **1200 kg lyftiget**u og möguleika á ýmsum aukahlutum.

Á **MultiOne 6.3 SD** situr stjórnandi í aftari hluta þessara lipru og sveigjanlegu véla.

Vélararnar afhendast með **skóflu, 184 kg aukaballest** að aftan og taðgreip.

Hafðu samband við **Ívar Atla** í síma **590 5116** eða sendu línu á **iab@klettur.is** og kynntu þér þína möguleika.



ÍSLAND & ELDSUMBROT

Jarðeldur er uppi ...:

Hvers konar eldgos?

Meðaltímalengd milli eldsumbrota á undanförunum tveimur öldum hér heima er nálægt þrjú og hálf ár. Lengstu þekktu hlé ná þó áratugum.

Eldstöðvakerfin eru um 30 talsins, hvert með mörgum eldstöðvum. Flest bera eina eða fleiri megineldstöðvar. Það eru stóru eldfjöllin (flest með jökli), ýmist eldkeilur (t.d. Snæfellsjökull) eða fjallabákur með stórrri öskju (t.d. Askja og Katla). Þar gýs endurtekið. Langar gossprungur, sem gjósa jafnan einu sinni, eru líka öflugar eldstöðvar sbr. Lakagígaröðin. Gosefni eru hraun, gjóska og gastegundir í ólíkum hlutföllum. Gjóska berst fyrir vindi og getur fallið alls staðar á landinu. Því seigari og gasríkari kvika, þeim mun sprengivirkara er gosið. Sama gerist einnig ef vatn (fyrrum jökulís) eða sjór/ferskvatn á greiða leið í eldgíg. Gas- eða lofttegundirnar eru aðallega vatnsgufa, brennisteinsgas, klórgas, kolefnisgös, flúörgas og vetni. Hraun eru ýmist þykk og seigfljótandi eða þá þunnfljótandi leðja sem myndar þunn lög ýmist í þykkum eða þunnum hraunflákum. Hraun geta flætt yfir 100 km frá gosstað. Hraunbreiður ná menn ekki að stöðva en í eitt skipti hefur verið unnt að tefja hraunrennsli með ágætum árangri, á Heimaey.

Jökulhlaup

Sum jökulhlaup verða við að stíflur við jökla láta undan. Slík hlaup geta verið erfið viðureignar. Nú um stundir er þó mest lítið til hlaupa undan jökulís þar sem jarðhiti er öflugur (t.d. Skaftárhlaup) og hlaupa vegna eldsumbrota (t.d. Kötluhlaup). Vatnsmagnið getur leikið frá 5 til 10-földu rennsli Ölfúsar upp í 100-falt rennsli hennar. Aur, gjóska, grjót og ísjakar fylgja vatninu. Meðal eldstöðva sem eru kunnar fyrir illvíg hlaup eru Óræfajökull,



Stóra Holuhraungosið í upphafsfasa.

Mynd / Ari Trausti Guðmundsson

Grímsvötn, Bárðarbunga og Katla. Eyjafjallajökull og t.d. Hekla skila miklu minni hlaupum og loks framkölluðu forsöguleg gos í Snæfellsjökli líka jökulhlaup. Ekkert stenst meginála stórs jökulhlaups en unnt er að verjast þeim úti við jaðra þar sem vatnsgagnin er minni.

Náttúruvá og tjón

Náttúruvá á Íslandi stafar ekki einungis af eldvirkninni heldur líka af jarðskjálftum, snjóflóðum, skriðum, berghlaupum, ofsaveðrum, hækkandi sjávarborði og fleiru. Fyrirbyggjandi aðgerðir eru vel þekktar, rannsóknir margvíslegar og öflugt vöktunarkerfi er fyrir hendi, t.d. viðvíkjandi eldgosum og jarðskjálftum (sjá vedur.is). Ríkið heldur úti Ofanflóðasjóði, Viðlagatryggingum, og Bjargráðasjóði (ásamt Bændasamtökunum). Nú er unnið að einföldun þessa kerfis með Hamfarasjóði, skv. þingsamþykkt frá 2016. Tjónabætur eru afar

mikilvægar hér á landi vegna tíðra náttúruhamfara. Almannaþingur eru þaulskipulagt og fjölþætt aðgerðakerfi sem virkjað er í mismiklum mæli eftir því hvað er á seyði (almannaþingur.is). Orð eru uppi um að AV þurfi að efla enn frekar og vinna endurbætur á kerfinu um leið og ný/endurbætt stjórnstöð stækkar við Skógarhlíð í Reykjavík.

Varúðarráðstafanir – almennar

Í eldgosinu í Eyjafjallajökli reyndi skamma hríð á brottflutningsáætlun á landsvæði næst eldfjallinu. Brottflutningur fólks er hart, fyrsta viðbragð við mikilli náttúruvá. Hún getur farið fram mjög staðbundið, t.d. vegna snjóflóðahættu, eða lotið að stóru landsvæði, t.d. á Suðurlandi, ef hætta er á Kötluhlaupi í norðvestur og vestur frá Mýrdalsjökli. Ef jökulþakið eldfjall er bratt og búseta nálægt rótum þess, sbr. Óræfajökul, er brottflutningstími mjög stuttur. Á Reykjanesskaga



Eldgos í Eyjafjallajökli í apríl 2010.

Mynd / HKr.

er víða búið og þar getur þurft að tæma landsvæði af fólki. Sama gildir um möguleg jökulhlaup frá Bárðarbungu til Skjálfanda eða Óxarfjarðar. Unnið hefur verið að gerð brottflutningsáætlana um langa hríð og æfingar haldnar. Gott vöktunarkerfi er eitt lyklatríði þessara varúðarráðstafana. Flóða- varnir þarf að bæta víða um land, aðallega vegna stöðugs ágangs jökulfljóta. Þau vaxa nú í 2-4 áratugi vegna hraðrar rýrnunar jökla. Einnig þarf að bæta flóðavarnir vegna hlaupa úr jarðhitaköttlum í Vatnajökli og Mýrdalsjökli. Slíkar flóðavarnir duga þó oft en ekki skammt ef stórt jökulhlaup vegna eldgoss ryðst fram. Þá er fátt til ráða annað en að byggja upp háa varnargarða á vel skilgreindum stöðum til varnar byggð þar sem líkur eru á að hlaupvatn geti leitað til hliðar frá meginflóðinu. Dæmi um það er brynn, nýr varnargarður við Víkurklett, nokkuð austan við Vík, en vestan núverandi, lágs garðs skammt frá Höfðabrekku (sem mætti styrkja). Gasmengun getur líka verið tilefni til brottflutnings, eða hraunrennsli.

Varúðarráðstafanir – sértækar

Eldingar: Hröðu uppstreymi lofts, vatnsgufu og gjósku fylgja eldingar. Þeim getur slegið niður í mannvirki. Eldingarvarar (stöng hæst á mannvirkinu og gildur koparþráður leiddur í jörð) ættu að vera á húsum og möstum næst stóru eldfjöllunum.

Öskufall: Gróf, þykk gjóska getur sligað mannvirki. Mokstur af þökum getur verið nauðsynlegur. Mikilvægt er að menn séu þá vel búnir rykkgrímum. Ef gjóska á jörð er þunn, í mesta lagi allnokkrir sentimetrar, getur allt farið vel en illráðanlegt er við tuga sentimetra lag. Meta verður hverju sinni hvaða aðgerðir eru heppilegar. Gæta þarf vel að loftræstingum. Þær geta skilað fíngerðri ösku í flókin tæki og á verustaði fólks og dýra.

Gas: Eldfjallagös, önnur en vatnsgufa, eru hættulaus, hættulítil, heilsuspillandi eða lífshættuleg mönnum og dýrum; allt eftir magni í hverjum rúmmetra lofts og eftir stöðum í tilteknu eldgos. Einna algengust er vond mengun af bláeitem brennisteinsvísýringi (-díoxíði). „Þungur“ koltvísýringur í miklu magni getur verið hættulegur nálægt eldstöðvum og hraunrennsli. Þynning gasanna er mikil og hröð með hverjum tug kílómetra sem fjær dregur frá umbrotasvæði en mikilvægt að fylgjast vel með upplýsingum um gasmengun og einnig aðgerðum, ef af verður. Einungis fullkomnar gasgrímur duga gegn hættulegri gasmengun eða þá brottför.

Orkuflutningskerfið og veitur: Eldsumbrot geta leitt til raforkutruflana eða orkutaps. Eldingar, jökulhlaup, hraunrennsli og mikið gjóskufall valda slíku ef svo ber undir. Mótvægisadgerðir eru fyrst og fremst í höndum orkufyrirtækjanna. Fáir geta stuðst við eigin raforkukerfi. Engu að síður má benda á að hafa ljós og eldunargræjur til staðar og lítil rafstöð getur gert sitt að auki. Vatnsveita og hitaveita geta rofnað á héraðsvisu og þá verða mótvægisadgerðir að vera í höndum veitna og Almannaþingar. Í flestum tilvikum, eins og reyndar við brottflutning fólks, eru húsdýr í verri stöðu en mannfólkið og allur sá vandi sjaldan auðleystur. Ekki verður fjallað frekar um það hér.

Samgöngur: Alla jafna er mikið um lokanir á vegum og í lofti þegar alvarleg eldsumbrot (eða gos nálægt byggð) ríða yfir. Mikilvægt er að hlýta beiðnum og fyrirskipunum og sýna af sér mikla varúð, t.d. í gjóskufalli. Oft er betra að halda kyrru fyrir en reyna að komast nema mjög mikið liggi við.

Ari Trausti Guðmundsson
Höfundur er jarðvísindamaður og jafnframt þingmaður VG






**Hjá okkur
færðu allt fyrir
háþrýstipvottinn**



allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h
Sími: 588 5080 | dynjandi.is



6 Serie:
All in ONE
Made in Italy

Lely Center Ísland



Einungis 19 mánaða gamall

Til sölu GEA Monobox – mjaltapjónn

Hægri mjaltapjónn, með sýnatökukassa, blautfóðurdælu, tveimur fóðurskömmturum og G5 myndavél
Gangsettur nýr í október 2017 – Til afhendingar í byrjun september 2019

Selst óuppsettur

Kaupandi verður að semja við Lífland, umboðsaðila GEA á Íslandi um uppsetningu og niðurtöku

Upplýsingar gefur Sverrir í síma 896-2866

Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 // Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



Hitablásarar og blásarar

Hafðu samband og kynntu þér úrvalið

hitataekni.is S: 5886070
Smiðjuvegur 10, 200 Kópavogur

Hitataekni

Lambamjólkurduft

- Óerfðabreytt innihaldsefni
- Hátt hlutfall mjólkurprótína
- Auðmeltanleg prótín
- Vítamín og steinefnabætt
- Einstaklega bragðgott
- Hentar einnig fyrir kið
- Auðuppleysanlegt
- Seljum einnig eftir vigt



12.500kr
25kg

Eglishöhl 1
310 Borgarnesi
Virkun opin 8-18 virka daga
10-16 laugardaga, sími: 430-5500

Höfum opnað netverslun:
www.kb.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi



plettac
distribution

FRÁBÆR ÞJÓNUSTA - GÓÐ VERÐ
SALA OG LEIGA

Plettac vinnupallar
- Protekt fallvarnarbúnaður
Láttu öryggi og lausnir ráða ferðinni

VINNUPALLAR EHF

s. 618 8418 • vinnupallarehf@gmail.com



ehjól

2019 ÁRGERÐIN AF TONGLI VINSÆLU RAFMAGNSHJÓLUNUM ER KOMIN.
HAFIÐ SAMBAND Í SÍMA 415 1690 EÐA SKOÐIÐ ÚRVALIÐ Á WWW.EHJOL.IS.
VERIÐ VELKOMIN Í SÝNINGARSAL OKKAR AÐ AUSTURMÖRK 4 Í HVERAGERÐI.



T408-3
1000W 60V
með hljómf lutningstækjum.
370.000 kr.



T408
1000W 60V
með hljómf lutningstækjum.
350.000 kr.



T418-S
1000W 60V
með hljómf lutningstækjum.
440.000 kr.

FURÐUVÉLAR & FARARTÆKI



Belaz 75710 er með tvær 2.300 hestafla 16 strokka vélar sem gefa samtals 4.600 hestöfl. Burðargetan er rétt tæp 500 tonn og heildarþyngd með farmi er 856 tonn.

Stóru vörubílar á Bítlaárunum gátu borið um 3–16 tonn: Stærstu námatrúkkar nútímans geta borið allt að 500 tonn

Í stórum námum þar sem grafið er eftir dýrmætu hráefni eins og kolum og málmgrýti af ýmsu tagi, dugar ekki að mæta á staðinn með einhverjar hjólbörur til að flytja efnið.

Á árunum eftir stríð urðu Chevrolet og Ford vörubílar algengir á Íslandi. Nokkuð var t.d. um Chevrolet af árgerð 1947 til 1955, en það voru jafnframt söluhæstu vörubílarinn í Bandaríkjunum, bæði sem pallbílar og skúffubílar. Burðargeta bílanna var frá 1/2 upp í 2 tonn, en þeir burðarmeiri voru nefndir Chevrolet Loadmaster. Á árunum frá 1960 til 1970 urðu algengir vörubílar í vegagerð og margvíslegum flutningum á Íslandi bílar eins og Mercedes Benz sem gat borið 8–10 tonn, breskur Bedford með burðargetu upp á 3–5 tonn (voru reyndar til öflugri með fjórhjóladrifi) og sænskur Scania-Vabis L55, L56 og L66 með 12–16 tonna burðargetu. Þetta þóttu stórir vörubílar í þá daga.

Með 100 til 500 tonna burðargetu

Ef litið er á hvað menn eru að dunda sér við í jarðefnanámum í dag, þá er kallað eftir vörubílum sem geta borið 100 til 500 tonn, eða tíu til fimmtíufalt meira en stóru vörubílarinn okkar á Bítlaárunum.

Stærsti námatrúkkur í heimi er Belaz 75710

Sá námatrúkkur (dump truck) sem talinn er vera stærstur í heimi heitir Belaz 75710. Þetta risatæki er smíðað í Belarus, eða Hvíta-Rússlandi eins og Íslendingar vilja kalla landið en sumum heimamönnum finnst móðgun. Framleiðsla hófst hjá Belaz fyrirtækinu í október 2013 samkvæmt pöntun frá rússnesku námafyrirtæki. Í tækniupplýsingum um þessar yfirstærðar hjólbörur segir m.a.:

- Vélbúnaður: Tvær 2.300 hestafla 16 strokka vélar sem gefa samtals 4.600 hestöfl.



Fólkið er eins og það í samanburði við hjólastellið á Belaz 75710.



Chevrolet árgerð 1947 þótti á sínum tíma alveg þokkalega stór.



Ford árgerð 1947.



Bedford árgerð 1968. Þessir bresku vörubílar voru nokkuð algengir á Íslandi á Bítlaárunum.

- Burðargeta: 496 tonn.
- Eigin þyngd: 360 tonn.
- Heildarþyngd með farmi: 856 tonn.
- Lengd: 20,6 metrar.
- Hærd: 8,16 metrar.
- Breidd: 9,87 metrar.
- Dekk: 8 stykki slöngulaus háþrýst Michelin dekk.



Mercedes Benz 1418 árgerð 1964.



Hinir sænsku Scania-Vabis L55 voru framleiddir á árunum 1959 til 1962. Voru þetta einna burðarmestu vörubílarinn á sínum tíma.

Caterpillar 797F

Annar námatrúkkur og einn af þeim stærstu í heimi er Caterpillar 797F. Framleiðsla hófst á þessu tæki 1998 og er þetta stærsti námatrúkkur sem Caterpillar framleiðir. Nú er á markaðnum þriðja kynslóð þessara trucka.

Fleiri truckar með mikla burðargetu eru t.d. Terex MT 6300AC, sem ber 400 tonn og Liebherr T 282C / T 284, sem er einnig með 400 tonna burðargetu. Þá kemur Belaz 75601 sem ber 396 tonn og Komatsu 960E-1 og 960E-1K, sem bera 360 tonn. /HK:

BÆKUR & MENNING

Ræktun, saga og landnám dúfna á Íslandi:

Dúfnaregistur Íslands

Út er komin bók um sögu dúfunnar og dúfnarækt á Íslandi. Í bókinni er farið yfir sögu dúfna og tengsl þeirra við manninn frá örófi alda og til dagsins í dag. Höfundur er Tumi Kolbeinsson, kennari í Flensborg.

Að sögn Tuma ræktaði hann dúfur sem unglingur í Keflavík. „Satt best að segja var ég á kafi í dúfunum og fannst alltaf vera skortur á lesefni. Það var mikil uppsveifla í dúfnarækt á níunda áratug síðustu aldar, m.a. mikill áhugi á bréfdúfum. Áhuginn dofnaði síðan þegar á leið en ég byrjaði svo aftur fyrir nokkrum árum á ræktuninni með syni mínum þegar mér bauðst kofi sem vinur minn var að losa sig við þegar hann þurfti að stækka við sig.“

Áhuginn rauk upp aftur

„Afleiðingin var að sonurinn fékk smá áhuga en gamla áhugamálið spratt aftur upp hjá mér. Í framhaldi af því fór ég að kynna mér sögu og



Tumi Kolbeinsson.

ræktun dúfna betur og panta mér bækur og skrá hjá mér ýmiss konar fróðleik þeim tengdum. Eg fór líka að grúska í sögu dúfnaræktar á Íslandi og víða að mér heimildum.

Eitt af því sem kom mér á óvart þegar ég fór að skoða söguna er hversu dúfur eru tengdari mönnum en halda mætti í fyrstu. Þær tengjast trúarbrögðum, eru aldar sem sendiboðar, skrautfuglar og til átu og dritið var mjög verðmætt fyrir daga tilbúins áburðar. Fjöldi ræktunarfbrigða er ótrúlegur og sum afbrigðanna eru afrakstur ræktunar munda í klaustrum fyrir mörgum öldum.

Í upphafi stóð til að ég skrifaði



smá ágrip dúfnaræktar fyrir dúfnasýningu sem ég kom að en þetta vatt upp á sig og úr varð bók.“

Saga og nytjar

Tumi skiptir bókinni í þrjú meginkafla, Sambúð og saga, Dúfur á Íslandi og Atferli og umhirða og er hverjum meginkafli skipt niður í undirkafli þar sem meðal annars er fjallað um dúfnadrit, dúfur í trúarbrögðum, sögu dúfnaræktar á Íslandi, tilhugafíf dúfna, dúfnakofa og ólíkar tegundir dúfna. Bókin er því allt í senn sagnfræðirit, félagsfræðistúdíó, ræktunarhandbók og uppspretta áhugaverðra staðreynda með matreiðsluávífi.

Dúfnabókin fyrir þig

Á bókarkápu segir. Hversu oft hefur þú velt fyrir þér sögu dúfunnar? Hefur þú kannski aldrei leitt hugann að tengslum dúfunnar og mannsins? Hefur þú ræktað dúfur eða gefið þeim brauðmola niðri við tjörn? Þykja þér dúfur ógeðslegar eða gætir þú hugsað þér að hafa þær í matinn? Þá er Dúfnaregistur Íslands bókin fyrir þig.

Auk texta sem bæði er hægt að hafa af gagn og gaman eru í bókinni fjöldi skemmtilegra mynda sem sýna hversu fjölbreytilegar dúfur geta verið og íslensk dúfnarækt gegnum tíðina. Bókaútgáfan Sæmundur gefur bókina út. /VH

Bók um tré

Hvað er hæsta tré í heimi? Hversu lengi hafa trén verið til og hvernig er líf þeirra? Hvar er boðið upp á gistingu í tréhúsi? Hvernig tryggjum við að trén lifi af umrót næstu áratuga? Öllum þessum spurningum og mörgum fleiri er svarað í bráðfallegru og fróðlegri bók sem kallast Bók um tré.

Í Bók um tré er saga trjáanna rakin frá örófi fram á þennan dag. Skoðað er hlutverk þeirra í sögunni, menningu, listum, þjóðsögum og náttúrunni sjálfri.

Gullfalleg og fræðandi bók sem tvímælalaust er óhætt að mæla með.

Stærstu lífverur heims

Trén eru stærstu lífverur á jörðinni. Við

hlíðina á risafuru virðist manneskja og jafnvel háleitir gíraffi heldur lítilfjörlegur. Jafnvel risaöldurnar sem eitt sinn byggðu jörðina gátu falið sig í skugga risafurunnar.

Tré geta líka orðið ansi gömul. Sumar tegundir lifa í margar aldir, jafnvel þúsaldir. Aðeins fáar manneskjur ná því að verða hundráð ára en fyrir flest tré er ein öld bara eins og unglingsárin. Gamalt eikartré, sem er í fullu fjöri enn í dag, man vel árin áður en langafi þinn fæddist og gæti átt eftir að lifa lengur en barnabarnabörnin þín.

Höfundar bókarnar eru Piotr Socha, Wojciech Grajkowski og þýðandi Illugi Jökulsson. Bókaútgáfan Sögur gefur bókina út. /VH





Óður til Íslands

Á síðastliðnu hausti kom út hjá Veröld bókin *Hjarta Íslands* eftir þá Gunnstein Ólafsson og Pál Stefánsson.

Hjarta Íslands er sannkallaður kjörgripur öllum þeim er unna náttúru landsins. Hér birtist hálendið í allri sinni dýrð í glæsilegu samspili fróðleiks og mynda.

Jarðfræði, náttúrufræði, þjóðtrú og bókmenntir



Gunnsteinn Ólafsson

Í bókinni sprettur hálendi Íslands fram í aðgengilegum texta og stórbrotnum ljósmyndum. Á síðum hennar fléttast saman jarðfræði, náttúrufræði, þjóðtrú og bókmenntir. Magnaðar ljósmyndir glæða frásögnina enn frekara lífi. Og lesandanum opnast með eftirminnilegum hætti sá dýri arfur sem býr í víðernum landsins.

Helstu perlur hálendisins

Fjallað er um allar helstu perlur hálendisins frá Eiríksjökli í vestri til Lónsöræfa í austri; frá Jökulsárgljúfrum í norðri til Eyjafjallajökuls í suðri – svæðið sem gjarnan er kallað hjarta Íslands.



Páll Stefánsson

Gunnsteinn Ólafsson er höfundur texta bókarinnar. Hann á að baki áratuga reynslu sem leiðsögumaður um Ísland. Páll Stefánsson tók allar ljósmyndir en hann hefur myndað náttúru landsins í meira en þrjátíu ár.

Hér leggja Gunnsteinn og Páll saman krafta sína í stórvirki sem óhætt er að kalla óð til Íslands.

Hjarta Íslands er 190 blaðsíður að lengd í stóru broti. Eyjólfur Jónsson hannaði innsíður og braut bókina um og Jón Ásgeir hannaði kápu. Bókin er prentuð í Slóveníu.

HRÍMNIR

COLLECTION

HRÍMNIR HESTAKERRUR

NÚ EINNIG
FÁANLEGAR
ÚR ÁLI

hannaðar á Íslandi
fyrir einstaka aksturseiginleika



Hrimnir hestakerrur eru hannaðar með þægindi hestsins í huga. Nútímaleg hönnun, lítil vindmótstaða, sterk og endingargóð grind, létt í drætti, ásamt einstökum eiginleikum ALKO dráttarbeislis, bremsukerfis og öxla gerir það að verkum að kerran er sérlega skemmtileg í drætti og hestunum líður vel. Hestarnir standa á ská í kerrunni sem gefur þeim meira rými og betra jafnvægi.

Útbúið eftir þínum þörfum • Tæknilysing, verð og nánari upplýsingar:

www.hrimnir.shop/trailers

@runar@hrimnir.shop • 861-4000 / 897-9353 • /hrimnir.collection • @hrimnircollection

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

Næsta blað kemur út 16. maí

EYJALIND

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

GRAMMER

Lely Center Ísland

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

**TINDAR OG
HNÍFAR
GOTT ÚRVAL**

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir

HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 770
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230

HUSQVARNA Steinsagarblöð og kjarnaborar

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verzlun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

Bjarni Þorkelsson, bóndi og kennari á Þóroddsstöðum:

Haldinn alvarlegri og ólæknandi skeiðfíkn

Bjarni er fæddur á Landspítalanum 31. júlí 1954 í Reykjavík og alinn upp á Laugarvatni í Laugardal. Hann er sagður fæddur á hestbaki og hefur löngum unað sér best í hnakknum.

Hann hallaðist þó snemma að þeirri leiðbeiningu sem felst í vísu Þorsteins á Skálpastöðum, frænda hagans af Grundarætt í Skorradal, þótt hægt gangi að ná tilætluðum árangri:

Vel ég finn mér væri það veigamestur auður ef þú gætir gert mig að góðum manni, Rauður.

Bjarni ólst upp við almenn sveitastörf, skepnuhirðingu, heyskap og útreiðar. Hann gekk í skóla á Laugarvatni en þá erum við að tala um Barnaskólann, Héraðsskólann og Menntaskólann. Fáeinum kennum þótt drengurinn ódæll, aðrir umbáru hann dável. Hann fékk stundum J í kladdann, ef mikið var að gera í járingum, gildi þá einu hvort járnað var utansóknarstöð eða innansóknarstöð. Bjarni var góður íþróttamaður enda varð hann Íslandsmeistari í blaki 1973, en eftirlætisþrótt hans var körfubolti en hann spilaði körfubolta í meistaraflökki í Skarphéðismótum og Íslandsmótum um 25 ára skeið, og vottfest er í Mbl. frá þessum árum að sóknarþungi HSK-liðsins hafi jafnan aukist stórum þegar honum var skipt inn á.

Bóndi á Þóroddsstöðum frá 1992

Bjarni hefur verið bóndi á Þóroddsstöðum í Grímsnesi allar götur frá 1982, strangt til tekið, og átt þar heima frá 1990. Hann hefur jafnan búið aðallega við hross, en löngum átt kindur, hann hefur stundum átt góð hross og hrúta.

Bjarni sat í sveitarstjórn Bláskógabyggðar um hríð og gegndi formennsku í fræðslunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps eitt kjörtímabil. Vorð 2018 var hann kjörinn í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps. Félagsstjóri, fundarsetu og framsögu um málefni hestamanna hefur Bjarni iðkað um árabil og skrifað greinar í blöð og tímarit um hestamennsku og hrossaræktarmál, sömuleiðis sveitarstjórnarmál og almenn dægurmál. Þá sat hann í Fagræði í hrossarækt um tíma. Fjölskyldan gengur fyrir, en helstu áhugamál eru hestamennska og hrossarækt, íslenskt mál, lestur góðra bóka, ljóð og tækifærisvísur. Getur átt til að breyta í söng ef „réttar“ aðstæður skapast.

Bjarni er haldinn alvarlegri og ólæknandi skeiðfíkn þegar um íslenska hestinn er að ræða.

Fjölskyldan

Þorkell Bjarnason f. 22.05. 1929, d. 24.05. 2006, hrossaræktarráðunautur B.Í., búsettur á Laugarvatni og Ragnheiður Ester Guðmundsdóttir f. 09.01. 1927, d. 28. febrúar 2018, húsmóðir og matmóðir menntskælinga, búsett á Laugarvatni, eru foreldrar Bjarna. Eiginkona hans er Margrét Hafliðadóttir f. 25. des. 1946, fædd og uppalin í Reykjavík, fyrrverandi bankastarfsmaður. Foreldrar hennar eru Hafliði Magnússon, kjötiðnaðarmaður í Reykjavík, f. 06.07. 1917 og Karla Nielsen, verkakona í Reykjavík, f. 04.08 1921. Börn Bjarna og Margrétar eru Þorkell, f. 16.01.1984, lögfræðingur hjá Ernst & Young, Bjarni, f. 13.10. 1985, tanningamaður og reiðkennari, Ragnheiður, f. 18.10. 1988, viðskiptafræðingur og fjármálastjóri ML, Guðrún Hafðís, f. 14.01. 1964, húsmóðir, búsett á Seltjarnarnesi, Lilja, f. 31.03.



Þóroddur frá Þóroddsstöðum er nafntogaðasti hesturinn hjá fjölskyldunni, marglofaður gæðingur og heiðursverðlaunastóðhestur. Hér eru þeir Bjarni saman á góðri stundu.

Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson



Ein gömul ljósmynd úr safni Bjarna, Þóroddsstaðakrakkarnir að ríða heim af kappreiðum.



Bjarni og fjölskylda una sér vel á Þóroddsstöðum í Grímsnes- og Grafningshreppi með sín hross og kindur. Bærinn stendur við veginn þar sem ekið er m.a. til Laugarvatns.

Mynd / MH

1966, leikskólakennari, búsett í Reykjavík og Erna, f. 24.11. 1971, deildarstjóri á sambyli, búsett á Seltjarnarnesi. Systkini Bjarna eru í þessari röð; Hulda Björk, f. 21.12. 1948, bókasafnsfræðingur og fyrrv. forstöðumaður bæjarbókasafnsins í Reykjanesbæ, búsett í Keflavík, Guðmundur Birkir, f. 21.12. 1948, fyrrv. skólameistari, búsettur í Kópavogi, Þorbjörg, f. 26.11. 1955, hjúkrunarfræðingur, búsett á Laugarvatni, Þorkell f. 25.01. 1957, vélamaður á Flúðum, Hreinn f. 23.07. 1959, skólastjóri, búsettur á Selfossi og Gylfi, f. 24.05. 1961, framhaldsskólakennari á Selfossi.

Þóroddur er nafntogaðasti hesturinn

Bjarni og fjölskylda geta verið stolt af sinni hrossarækt, sem hefur gengið afburðavel enda er kappkostað að rækta hreingeng og fjölhæf gæðingshross, þrúð og fótatraust. En hvað stendur upp úr í ræktuninni og hverju þakkar Bjarni þennan góða árangur?

eru á dögum eru t.d. systkinin Snótt, Hnokki og Von frá Þóroddsstöðum, skeiðsnillingarnir Hera, Vera, Glúmur og Randver. Úr hópi yngri hrossa eru t.d. stóðhesturinn Trausti og Fjöldur frá Þóroddsstöðum. Þau hafa náð verðlaunasætum á landsmótum og eru sannkallaðar vonarstjörnur sem ræktunarhross, en sem slík eru þau lítt reynd enn þá, sem von er.“

Hrossabúskapur á undir högg á sækja

– Næst víkjum við okkur að stöðu hrossaræktarinnar á Íslandi og stöðu greinarinnar í dag, hvað segir Bjarni um það?

„Já, um hrossaræktina er margt jákvætt hægt að segja, þótt blíkur séu annað slagid á lofti og ef til vill ágreiningur um hvað ber að hafa í mestum metum. Hrossabúskapur á hins vegar undir högg á sækja, um það held ég að allir geti verið sammála. Um ástæður þess ætti ég kannski ekki að fjölyrða, sumar liggja í augum uppi, þó ekki megi segja það upphátt.

Stjórnlaus útflutningur á framúrskarandi erfðaeftni í anda viðskiptafrelsis og hömlulausrar markaðsvæðingar hefur nú gert það að verkum að markaður fyrir hross í útlöndum hefur dregist stórlega saman, útlendingar eru ódum að verða sjálfum sér nógir að mestu. Miðað við ástand markaða a.m.k. allt frá hrúni, er viðkoman alveg glórlaus, allt of mörg föld hafa fæðst. Fjölmargir nýliðar hafa haslað sér völl í hrossabúskap, og byggt hann upp og fjármagnað á allt öðru en því sem til verður innan greinarinnar. Þetta hefur orðið til þess að ódýr hross hafa flætt inn á markaðinn og valdið ómældum erfiðleikum fyrir þá sem hyggjast lifa á búskapnum,“ segir Bjarni.

Til að bregðast við þessu hafi menn gripið til þess ráðs með stuðningi þeirra sem leiða hrossaræktina að rækta dýrari hross, sýninga- og túskuhross, sem ef til vill henta ekki almenningi og ferðamönnum og gera alla nýliðun í hestamennskunni þyngri fyrir fæti.

„Til þess benda a.m.k. hugmyndir eða tillögur sem nú liggja fyrir af hendi Fagræðs um breytt vægi gangtegunda og aukið flækjustig við einkunnagjöfina. Satt að segja er hér um að ræða þversagnir, sem erftit er að átta sig á hvert muni leiða

og full ástæða til að staldra nú við og hugleiða hvað farsælast sé að gera.

Að mínu mati ætti að gæta þess að breikka ekki frekar bilið á milli tískuhrossa sem henta einungis í keppni og sýningar og þægra góðhrossa sem henta almenningi til útreiða. Höfum það hugfast að það er enn þá til fjöldinn allur af fjölhæfum, alhliða gengum topphrossum sem, ef grannt er skoðað, sameina kosti beggja fylkinga. Slíkum hrossum á að hampa. Það er lykillinn að farsælum framförum, miklu frekar en að gera einhæfum klárhrossum sífellt herra undir höfði.

Ég er sannarlega ekki tilbúinn að viðurkenna að þetta sé tapað spil, þótt sjálfur sé ég nú að draga í land og hættur að halda merum. Þegar menn ná vopnum sínum aftur og þetta fer að ganga betur og því leyfi ég mér að trúa að eins gott að ekki sé búið að gera kerfisbreytingar sem gangi gegn hagsmunum hrossabænda,“ segir Bjarni ákveðinni röddu.

Hrossasjúkdómar

Bjarni segist hafa áhyggjur af fleiru í hrossaræktinni en það sé af allt öðrum rótum runnið. Hér erum við að tala um hrossasjúkdóma, sem hafa borist til landsins, herjað á og a.m.k. tvisvar sinnum lamað allt athafnalíf í hestamennsku um tíma.

„Ég er raunar sannfærður um að enn er ekki bitid úr nálinni því á hverju ári verður einhver fyrir búisfjum af völdum þessara pesta, því öll föld smitast af þessum óþverra. Þótt flest þeirra nái heilsu ný, á það ekki alltaf við. Ef hingað bærust skæðari sjúkdómar er ég hræddur um að ekki þurfi um að binda eða spyrja að leikslokum. Það væri nú meiri lítilþæginn að láta sér það vel líka. Hver getur horft á það bláeygur í krafti pólitíks rétttrúnaðar að með einu hnífbragði sé skorið á líflínu alls þess sem tengst hefur íslenska hestinum frá alda öðli, búskapur og afleiddra atvinnutækifæra, menningar og yndisarfs, þúsund ára sögu sameiginlegs leikbróður kynslóðanna og þarfasta þjónsins? Ég hef víst sagt það einhverju sinni áður að ég óskaði þess að hægt væri að sammælast um að líta á íslenska hestinn sem framlag lítillar þjóðar til heimsmenningar, og líka þess vegna beri okkur skylda til að varðveita hann með öllum sínum eðliskostum. Og þar með er málið farið að koma

fleirum við en Íslendingum einum, þótt enginn taki af þeim ábyrgðina.“

Heimsmeistarinn Hera frá Þóroddsstöðum

Nú vikur sögunni af skeiðhrossunum á Þóroddsstöðum, en skeiðhross eru eftirlæti fjölskyldunnar og myndu sumir segja að jaðri við áratú eða fíkn, að etja þeim oft og víða.

„Það þarf ekki annað en að skoða afrekasögu skeiðhrossa allt frá 1958 til að skýra áhuga fjölskyldunnar á flugskeiði og kappreiðaskeiði sérstaklega.

Margur spretturinn hefur unnist, líka á Landsmótum og Íslandsmótum. Íslandsmet hafa verið sett og raunar einnig heimsmet. Þar ber hæst Íslands- og heimsmet Heru frá Þóroddsstöðum og Bjarna Bjarnasonar í 250 m skeiði, sem stóðu frá 2014–18.

Glúmur frá Þóroddsstöðum á nú Íslandsmetið í 100 m flugskeiði, 7,08 sek. Ásamt kappreiðahrossunum má segja að kynbótahross og gæðingar með mikla skeiðgetu séu merkisberar hrossaræktarinnar á Þóroddsstöðum, og það hefur flogið fyrir að gamli bóndinn á Þóroddsstöðum telji það hreyfihamlað hross sem ekkert getur skeiðað. En það sel ég ekki dýrara en ég keypti,“ segir Bjarni og hlær.

Ekkert gefið eftir á Þóroddsstöðum

„Það er ekkert verið að gefa eftir á Þóroddsstöðum, en aðrir munu halda uppi merkinu. Ungu kynslóðin hefur tekið við búsföráðum, og þau Bjarni Bjarnason og Freyja Rós, tengdadóttir okkar, taka ekki einungis við sémilegu búi, vonandi, heldur hafa þau lagt traustan og sjálfstæðan grunn að farsælu framhaldi eigin hrossabúskapar á Þóroddsstöðum,“ segir Bjarni aðspurður um stöðuna á hrossaræktinni á bænnum í dag. Með orðum sínum á Bjarni við að að Bjarni sonur þeirra hafi ræktað sjálfur flestar af þeim hryssum sem þau hyggjast nú byggja sína ræktun á.

„Þær eru hver annarri betri og miklu jafnbetri en mínar hryssur voru, eftir að þeim fjölgaði um of, og vissulega eru þær allar afsprengr fjölskylduræktunarinnar, sem hófst fyrir meira en hálfri öld. Hlutverk okkar Margrétar verður fyrst og fremst að styðja unga fólkið í hvívetna og við verðum búsett hér á „Þóroddi“ að minnsta kosti fyrst um sinn. Hvað varðar keppnisskapið og áhugann, þá finn ég ekki annað en hann sé alveg óbilaður og gangi í arf til yngri kynslóða,“ bætir Bjarni við.

Líkar stórvel að kenna

Bjarni er virtur og vinsæll grunnskólakennari og hefur komið víða við á ferli sínum. Hann hefur m.a. kennt í Lýðháskólanum í Skálholti, í Grunnskóla Þorlákshafnar, í Kerhólsskóla í Grímsnesi og í dag er hann kennari í Bláskógaskóla á Laugarvatni.

„Ég hef kennt allt milli himins og jarðar, ef allur kennsluferillinn er skoðaður. Íslenska og enska á unglingsstigi urðu aðalkennslugreinar er síga tók á seinni hlutann. Mér líkar stórvel að kenna í þeirri gömlu góðu merkingu sem lögd var í orðið. Reglulega kemur upp sú staða, gjarnan tengd frammistöðu nemenda, sem gerir það að verkum að manni finnst til nokkurs að hafa haldið þetta út. En það má kannski segja það líka að maður hafi lengst af starfað í „vernduðu umhverfi“ fámenns skóla, umhverfi sem leyfir ýmsu að blómstra, sem tilheyrir fyrirmyndar skólustarfi. Þar nefni ég hluti eins og samkenslu árganga, einstaklingsmiðað nám, foreldrasamstarf, útinám og teymisvinnu kennara, markvissa æfingu allra nemenda í sviðslitum, upplestri og framkomu og hæfilega blöndu af sígildum viðmiðum um nám og kennslu og nýstárlegri kennsluháttum. Allt þetta einkennir skólustarfi í Laugarvatnsskólanum,



Bjarni Þorkelsson, bóndi og kennari á bænnum Þóroddsstöðum.

Mynd / Úr einkasafni



Bjarni á baki á Fáfni og barnabarnið Hrói situr Spöng.

Mynd / Úr einkasafni

þar sem ég hef verið mestaltri starfsævinni. Sama gildir um Kerhólsskóla á Borg í Grímsnesi, en þar starfaði ég um nokkurra ára skeið,“ segir Bjarni.

Situr í minnihluta í sveitarstjórn

– Bjarni er sveitarstjórnarmaður í Grímsnes- og Grafingshreppi og situr þar einn í minnihluta fyrir G-listann á móti fjórum, sem skipa meirihluta. Hvernig er það?

„Það segir í gömlum vísuhefningi, að bágt sé að róa einni ár – ef á sjó er farið. En hlutskiptið er raunar þrýðisgott, enda er valinn maður í hverju rúmi í sveitarstjórninni svo haldið sé líkingunni úr sjómanna máli. Þótt meirihlutinn eigi auðvitað ekki alls kostar við mig, ef út í það væri farið, finn ég ekki annað en að tillit sé tekið til minna sjónarmiða og ég lít svo á að ég sé fullgildur aðili að og hafi hreyft ýmsum framfarumálum sem afgreidd hafa verið í góðri sátt í hreppsnefndinni. Sumt er þegar komið fram og ég er vongóður um að fleira verði að veruleika áður en langt um líður.“

Samfélags- og fjölskyldustefna

„Efst á baugi núna er vinna að gerð samfélagsstefnu fyrir sveitarfélagið

og nýlega var haldinn almennur íbúafundur með þátttöku flestra fastanefndamanna og allra sveitarstjórnarmanna. Næsti fundur er þegar dagsettur, og þá fer þessi samfélags- og fjölskyldustefna vonandi að taka á sig skýrari mynd. En meginatriði er að hafa í huga að það þarf að vanda sem lengi á að standa.

Skipulags- og byggingamál eru annars fyrirferðarmest á sveitarstjórnarfundum, heitustu málin snúa líka að skipulagsvaldinu. Ég finn ekki betur en að sátt hafi skapast um skólamálin, eftir tímabundna ókyrrð,“ segir Bjarni þegar hann var inntur eftir því hvaða mál væru efst á baugi um þessar mundir í sveitarstjórnarmálinum.

„Ég er í forystu fyrir G-listann, sem ber mjög fyrir brjósti fræðslu- og velferðarmál. Ég er raunar nokkuð upptekinn af umboðshlutverki sveitarstjórnarmanna, sem nýlega var skýrt rækilega á opunarhátíð Rannsóknaseturs sveitarstjórnarmála á Laugarvatni. Hvað er verðugra en að gegna leiðtogahlutverki, standa fyrir breytingum, skapa jarðveg fyrir breytt hugarfar, innleiða staðaranda í skipulagsstefnu sveitarfélagsins og hyggja vandlega að sérstöðu samfélagsins? Eitt af mínum áherslumálum er að láta reglulega



Stóðhesturinn Trausti frá Þóroddsstöðum er glæsilegur hestur, sem er frábær alhlíða gæðingur, sem skarar fram úr í töltgæðum og skeiðsnilli. Hér er Glódís Rún Sigurðardóttir frá Sunnuhvoli í Ólfusi að sýna hann.

Mynd / Úr einkasafni

í mér „heyra“ á Fjasbókinni, í sveitarblaðinu og héraðsblöðunum, og segja þar helst ofurlítið fleira en fréttir frá líðandi stund,“ bætir Bjarni við.

Talar kjarnyrta íslensku

– Bjarni er þekktur fyrir að tala kjarnyrta íslensku og gott mál, hvað kemur til?

„Já, sé í þessu nokkurt sannleikskorn, er það vegna þess að gott mál hefur ævinlega verið fyrir mér haft. Af foreldrum mínum og öðru skyldliði, afburðakennurum sem ég átti marga og má ég nefna Ríkisútvarpið meðan það var og hét, þar var nú ekki töluð vitleysan. Vissulega hef ég reynt að hafa þetta í hávegum, enda kennari sjálfur, faðir og afi.“

Bóklestur mikilvægur

Bjarni segir að margt láti illa í eyrum í sambandi við tungutak landans, það þurfi að hafa fyrir gott mál, eins og áður segir.

„Að efla bóklestur er gott ráð til að spyrna við fótum, en þar eru heimilin og foreldrarinn í lykilhlutverki. Þar á að sinna lestraruppeldi og vera til fyrirmyndar. En allt of margir þumbast við. Ef ekki er hægt að ná betri og jafnari árangri að þessu leyti, þá er þetta kannski tapað spil.

Skólarnir hafa reyndar líka verið allt of seinir að taka við sér, þótt nú

horfi víða til betri vegar. Allt of lengi var lestri, einkum yndislestri, naumt skammtaður tími í eldri bekkjum grunnskóla. Það var lítið svo á að börn væru læs um leið og þau urðu stautandi í yngri bekkjunum. Það er reginmisskilningur, sá sem ekki getur gleymt stund og stað yfir góðri bók, hvernig sem allt veltist, hann er ekki læs og fer sjálfsgagt að tala ensku áður en við er lítið,“ segir Bjarni.

Hlakkar til sumarsins

– Bjarni er að lokum spurður hvernig sumarið leggist í hann og fjölskylduna.

„Ég hlakka mjög til sumarsins, og vona að það verði hefðbundið með hestaferðum og heimreið. Ég er vissulega ekki orðinn maður til að stunda útreiðar í neinni líkingu við það sem áður var.

Vonandi verður mér samt haldið vel við efnið, og við Hrói sonarsonur (sex ára) erum góðir saman. En vissulega hafa orðið hlutverkaskipti um forystu og drifkraft við útreiðarnar.“

Lokaorð Bjarna verða þessi þar sem hann vitnar í gamlan húsgang og heldur sig við við sjómanna máli:

*Nökkva lífs á nýjan vog
nú skal hrinda úr sandi
- enginn veit hvað áratog
eru mörg að landi.*

/MHH



Hús - gluggar - hurðir og klæðningar






| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is | Stangarhyl 7 | 110 Reykjavík | Sími: 588 6640 |

VIÐ SKÓGARBÆNDUR

Landssamtök skógarbænda:

Skógarauðlindin dafnar sem aldrei fyrr og verkefni skógarbænda ærin

Undanfarnar vikur hafa aðildarfélag Landssamtaka skógarbænda (LSE) haldið aðalfundi sína. Skógarauðlindin dafnar sem aldrei fyrr og verkefni skógarbænda ærin, en skemmtileg, næstu misserin sem áður.

Aðalfundur Félags skógarbænda á Austurlandi (FsÁ) var haldinn á Eiðum 20. mars og mættu 23 félagsmenn á hann. Formaður félagsins, Marianna Jóhannsdóttir, skógarbóndi í Snjóholti, fór yfir það helsta sem unnið hafði verið á starfsárinu. Helst ber þar að nefna veislu í tilefni 30 ára afmælis FSA, brunavörnum í skógi, Jólakettinum, Skógardegnum mikla, afhjúpun minnisvarða um Sherry Curl skógræktarráðunaut, fræðsluerindum, girðingarreglum og söluaðstöðu á Egilsstöðum fyrir skógarbændur sem aðra bændur til að kynna starf sitt og vörur. Stjórn félagsins er óbreytt frá fyrra ári og mun starfa ótrauð áfram í þágu skógarbænda á Austurlandi næsta starfsár. Eftir hefðbundin aðalfundarstörf hélt Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri erindi um málefni Skógræktarinnar sem sneru að skógarbændum og undirritaður hélt nokkur orð um störf LSE á starfsárinu.

Félag skógarbænda á Norðurlandi

Aðalfundur Félags skógarbænda á Norðurlandi (FsN) var haldinn í Eyvindarstofu á Blönduósi á Alþjóðadegi skóga, 21. mars. Alls mættu á hann 24 manns. Formaður FsN, Sigurlína Jóhanna Jóhannsdóttir skógarbóndi á Snartastöðum 2, fjallaði um helstu mál félagsins svo sem skipulag við næsta aðalfund LSE, skógaröngungu sem var í skógi Hróarsstaða í Fnjóskadal, hjá Agnesi og Kristjáni, félagið er með fulltrúa í jólatrjánefnd og viðarnýtingarnefnd. Breyting var á stjórn félagsins þegar Helga Sigurrós Bergsdóttir, skógarbóndi á Dunhóli, lét af störfum og í stað hennar gengur Laufey Leifsdóttir, skógarbóndi á Stóru-Gróf syðri. Eftir hefðbundin aðalfundarstörf hélt Bergsveinn Þórsson, ráðunautur hjá Skógræktinni, erindi um störf skógræktarinnar og undirritaður fór yfir störf LSE.

Félag skógarbænda á Vesturlandi

Aðalfundur Félags skógarbænda á Vesturlandi (FsV) var haldinn á Hótel Hamri, Borgarnesi, 27. mars



Aðalfundur FsV á Hamri í Borgarnesi.

Mynd / Guðmundur Sigurðsson



Aðalfundur FsN í Eyvindarstofu á Blönduósi.

Mynd / Hlynur Gauti Sigurðsson



Aðalfundur FsS í Gunnarsholti.

Mynd / Hlynur Gauti Sigurðsson

og mættu á hann 25 manns. Formaður félagsins, Bergþóra Jónsdóttir, skógarbóndi á Hrósstöðum, flutti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu störfin á árinu. Þar ber helst að nefna annars vegar fjölmenna vettvangsferð skógarbænda af Vesturlandi til kollega þeirra

á Suðurlandi og hins vegar samkomu í Selskógi í Skorradal undir merkjum „Líf í lund“ en þangað sóttu 80 manns. Þetta var samvinnuverkefni Skógræktarinnar og Skógaræktarfélags Borgarfjarðar. Einnig hafði FSV forgöngu um námskeið um umhirðu í ungskógi.

Aðalstjórn félagsins er óbreytt frá fyrra ári. Eftir hefðbundin aðalfundarstörf hélt Ellert Arnar Maríusson, ráðgjafi hjá Skógræktinni, erindi um niðurstöður viðmargmagnsúttæktar á Vesturlandi, undirritaður flutti erindi um LSE og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir,



Marianna Jóhannsdóttir, skógarbóndi í Snjóholti og formaður Félags skógarbænda á Austurlandi, færir Sigríði Hjartar, fráfarandi ritara félagsins, þakklætisvott fyrir störf í þágu FsS. Mynd / Ísólfr Gylfi Pálmason

sviðstjóri skógarauðlindasviðs hjá Skógræktinni, rak restina með umfjöllun um störf Skógræktarinnar.

Félag skógaræigenda á Suðurlandi

Aðalfundur Félags skógaræigenda á Suðurlandi (FsS) var haldinn í Gunnarsholti 6. apríl og mættu þangað tæplega 50 skógarbændur. Formaður félagsins, María E. Ingvadóttir, skógarbóndi í Akurbrekku, flutti skýrslu stjórnar. Breytingar urðu í stjórn félagsins en Sigríður Hjartar, skógarbóndi í Múlakoti, lét af ritarastörfum. Voru henni færðar þakkir fyrir langt og farsælt starf. Inn í stjórn gekk Hrönn Guðmundsdóttir, skógarbóndi á Læk. Í almennum umræðum fór formaður yfir verkefni fram undan.

Verið er að vinna í „afurðaverkefninu“ og munu þau mál skýrast fljótlega. Eftir hefðbundin aðalfundarstörf sagði undirritaður frá starfi LSE síðastliðið ár. Eftir matarhlé fjallaði Þorbergur Hjalti Jónson, sérfræðingur á Mógilsá, um áhugaverðar rannsóknir á asparrækt. Í lok dagskrár flutti undirritaður stutt erindi um tvítoppklippingu og uppkvistun. Að því loknu var farið út í skóg þar sem sýnikennsla fór fram og fólki bauðst að reyna kunnáttu sína, undir leiðsögn undirritaðs og Bergs Þórs Björnssonar, umsjónarmanns hjá Landgræðslunni í Gunnarsholti.

Aðalfundur Félags skógarbænda á Vestfjörðum (FsVfj.) verður haldinn á Reykhólum í lok júní eða júlí.

Hlynur Gauti Sigurðsson, framkvæmdastjóri LSE.

LESENDABÁS

Sjálfbær landnýting?

Í Bændablaði sem út kom 11. apríl sl. spyr Árni Bragason landgræðslustjóri hvað sé sjálfbær landnýting. Ekki kemur fram hvert spurningunni sé beint og svör við henni er ekki að finna í grein Árna.

Hugtakið sjálfbærni mun fyrst að finna í gögnum frá alþjóðlegri nefnd sem Gro Harlem Brundtland stýrði á 9. áratug síðustu aldar. Þar kemur fram að „Sjálfbær þróun

er þróun sem mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða“ (Wikipedia).

Sé þessi hugmyndafræði færð yfir á landnýtingu gæti sjálfbær landnýting verið landnýting sem mætir þörfum þeirra sem nýta landið nú, án þess að skerða möguleika þeirra sem landið munu nýta í framtíðinni.

Sé svo er ljóst að það að loka fyrir nýtingu afrétta sem eru í

jafnvægi eða framför og skerða þannig möguleika starfandi bænda getur varla talist sjálfbær landnýting. Hér verður einnig að hafa í huga að þurfi að auka uppskeru misvel gróinna afrétta í framtíðinni verður það væntanlega best gert með nýtingu köfnunarefnisbindandi jurta. Raunar virðist áburðargjöf í það mikilli hæð að áburðurinn skilar takmarkaðri uppskeru og ekki standast samanburð við

þær jurtir, hvort sem horft er til kolefnisspors eða kostnaðar.

Vera kann að finna megi svæði þar sem af gróðurfarslegum eða samfélagslegum ástæðum er skynsamlegt að loka fyrir beit sauðfjár. Stærsti hluti afrétta landsins mun hins vegar nú í þannig ástandi (jafnvægi eða framför) að þeim verður ekki lokað á grundvelli hugmyndafræði sjálfbærrar landnýtingar.

Ári Teitsson



Ari Teitsson.

LESENDABÁS

Til varnar landgræðslustjóra

Upphlaup sauðfjábænda í Biskupstungum vegna fyrirlesturs landgræðslustjóra á Fagrådstefnu skógræktar á dögnum vekur furðu, í ljósi þess að um var að ræða fullorðið fólk.

Ég hlýddi á fyrirlestur landgræðslustjóra á Fagrådstefnunni og upplifði ekki að í honum væri tilefni til þvílíkrar reiði sem greina má af frásögn Bændablaðsins. Landgræðslustjóri var bara að segja sannleikann, þ.e.a.s. að þrátt fyrir áratugalangt landgræðslustarf væri aðeins búið að græða upp mjög lítinn hluta illa farinna afrétta. Stærstur hluti þeirra væri enn ekki hæfur til nota sem beitiland.

Bændur eiga stóran þátt í því landgræðslustarfi og því ber að hæla, t.d. með landgræðsluverðlaunum og með því að birta fréttir af góðum árangri. En hólið nær einungis til þess sem gert er, ekki til þess sem á eftir að gera. Það getur því verið blekkjandi, því einstök góð verk duga ekki endilega langt til að veða á móti almennt slæmu ástandi. Þau eru „góð byrjun“ eins og sagt er. Uppgræðsla á 2–3% afréttar dagar ekki til þess að öll afréttin sé allt í einu orðin beitarhæf og allt sé í himnalagi.

Við í skógrækt þekkjum þetta mjög vel. Við „tölum upp“ skógrækt með því að gera mikið úr árangrinum, en staðreyndin er sú að sá árangur er aðeins á smáum blettum hér og hvar. Í rúmlega aldarlangri sögu skógræktar höfum við aðeins náð að gróðursetja til skógar á 0,5% landsins og stuðlað að landnámi birkis á um 1,5%. Það þýðir að 98 hundraðshlutar landsins eru enn skóglausir. Landið er svo stórt og aðgerðir til úrbóta bæði dýrar og vinnufrekar.

Það sama gildir á afréttum. Að einstakir bændur noti nokkra daga á ári til landgræðslustarfa á heidum uppi er frábært, en gagnast ekki nema á tiltölulega mjög litlum blettum. Þetta er sannleikurinn sem bændur í Biskupstungum sárreiddust svo mjög.

Landgræðslustjóri sagði þennan sannleik í því samhengi að nú stöndum við (mannkynið) frammi fyrir ógnum af völdum loftslagsröskunar og við þurfum að finna leiðir til að draga úr þeim. Meðal leiða er að nota land til að binda koltvísýring úr andrúmsloftinu og varðveita í skógum, öðrum gróðri og mold. Til þess eru nokkrar aðferðir tiltækar. Á Íslandi liggur beinast við að nota til þess auðnir, sandsvæði og annað rýrt



Pröstur Eysteinnsson.

og rofið land. En vegna þess hvað aðgerðir eru dýrar og vinnufrekar er nauðsynlegt að stóla á sjálfsáningu og sjálfgræðslu ef takast á að ná að græða upp stór svæði. Það fer ekki saman við að nota sömu svæði jafnframt til beitar, a.m.k. ekki fyrr en gróður er orðinn það öflugur að beitin rýri ekki kolefnisforðann. Því er þörf á breytingum á landnotkun. Það er mikilvægara fyrir framtíð okkar allra að nota land til að binda kolefni en að nota það til að framleiða lambakjöt.

Víða á láglandi eru mjög vel gróin lönd sem eru lítið eða ekkert nýtt til beitar. Þetta á til dæmis við um Suðurland. Þegar við okkur blasir það stóra verkefni að hamla gegn loftslagsbreytingum er skylda okkar að velja ávallt loftslagsvænni kostinn af tveimur, í þessu tilfalli beit á vel grónum láglandissvæðum í stað beitar á rýrum afréttum.

Viðbrögð sauðfjábænda í Biskupstungum við þessum ummælum landgræðslustjóra voru dapurleg. Í fyrsta lagi á þetta ekki að koma neinum á óvart. Í öðru lagi er enginn þjóðfélagshópur undanþeginn þátttöku í aðgerðum í loftslagsmálum, hvorki sauðfjábændur, bílaeigendur né aðrir. Í stað þess að fara í fýlu og hóta sambandslitum við Landgræðsluna ættu bændur að skilja orð landgræðslustjóra eins og þau voru meint, sem rýni til gagns og ákall um að breytinga sé þörf. Þar sem breytingarnar snerta hag sauðfjábænda verða þeir að taka þátt í mótun og framkvæmd þeirra. Best væri að þeir tækju forystu í þeim efnum. Það er engin framtíð í að ríghalda í óbreytt ástand.

Pröstur Eysteinnsson
skógræktarstjóri

HVAMMSHÓLAR

ROTPRÆR ÁN SITURLAGNA
SITURTANKUR Í STAÐ SITURLAGNA
SKOLPHREINSISTÖÐVAR

FYRIR:
HÓTEL
HEILSÁRSHÚS
SUMARHÚS

GRÆNT ALLA LEIÐ

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI ☎ +354 660 4085 ✉ SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

Bændablaðið Auglýsingar 56-30-300

FLOTFATNAÐUR
- fyrir allar aðstæður

Frístunda- og atvinnufatnaður frá REGATTA

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna

ÍSFELL
Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

Þýskar 2ja og 3ja hesta kerrur

Opnanlegar bæði með hlera og hurð
Ríkulegur útbúnaður

2ja hesta kerrur frá kr. 1.345.000 m/vsk

3ja hesta kerrur frá kr. 1.690.000 m/vsk



BRIMCO

EFRIBRAUT 6 (við Reykjaland)
270 MOSFELLSBÆ SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM




Umpottað er eftir þörfum en best er að gera það snemma vors.

Dyntótti Benjamín

Benjamínfíkus hefur lengi verið stofuprýði hjá landsmönnum auk þess að vera vinsæll í stofnunum og fyrirtækjum enda þolir hann ýmislegt. Hann er af mórberjaætt, eins og önnur fíkjutré.

Ættin telur yfir 1100 tegundir sem flestar finnast á hitabeltissvæðum Suðaustur-Asíu og Ástralíu. Latneska heitið er Ficus benjamina og er hann víða um heim kenndur við Benjamín. Þó virðist enginn Benjamín hafa komið við sögu við nafngiftina en það gæti verið dregið af nafni plöntunnar á sanskrít, Banij.



Útlit

Benjamínfíkus er þokkafull og spengileg stofuplanta með langar, slútandi greinar og dökkgræn gljáandi og sporöskjulaga laufblöð sem enda í einkennandi oddi. Innandyra getur hann náð 5 metra hæð en í heimkynnum sínum verður hann glæsilegt tré sem getur orðið allt að 30 metra hátt. Plantan myndar loftrætur sem stundum fléttast um nærliggjandi greinar og tré í skógum og getur valdið dauða þeirra, sbr. enska heitið "Strangling Fig". Á stofuplöntum eru þessar loftrætur yfirleitt litlar og er best að leyfa þeim að vera.

Bláfall

Benjamínfíkus getur verið dyntóttur þegar kemur að breyttum umhverfisáðstæðum og svarar þeim oft með því að fella lauf. Laufin eru aðlöguð ákveðnum birtuskilyrðum og ef þau breytast getur orðið nokkurt lauffall en plantan myndar fljótt ný lauf sem eru aðlöguð nýjum

skilyrðum. Þetta getur t.d. gerst ef plantan er færð eða pottinum snúið. Einnig getur orðið lauffall þar sem plantan stendur í dragsúgi, ef hún er vökvuð of lítið eða ef hún fær ekki næga birtu. Því er óþarfi að fyllast skelfingu þegar þetta gerist heldur að finna út hvað er að og vera samkvæmur sjálfum sér þegar kemur að umhirðu.

Umhirða

Plantan þolir beina sól hluta úr degi en þolir líka nokkurn skugga. Hún getur því staðið við glugga sem snýr í austur, norður eða vestur. Benjamínfíkusinn vill samt vera á hlýjum stað og því gott að hafa hann ekki of nálægt glugganum. Yfir vaxtartímann þarf að passa upp á vökvun en moldin má þorna ofurlítið milli vökvana. Gefin er dauf áburðarblanda í hvert skipti. Yfir vetrartímann er dregið úr vökvun og áburðargjöf hætt en þess gætt að plantan þorni ekki alveg. Vökvunarvatnið ætti að hafa sem næst stofuhita. Ef plantan er vökvuð of mikið geta laufin gulnað.

Vaxhúð er á blöðunum sem gerir að verkum að plantan þolir frekar þurr umhverfi, þrátt fyrir að vera í eðli sínu frumskógartegund. Ágætt er að skola hana með volgu vatni í sturtunni endrum og eins til að viðhalda fallegum blaðgljáanum. Umpottað er eftir þörfum en best er að gera það snemma vors. Ef plantan er orðin mjög stór er líka til bóta að skipta um efsta moldarlagið. Hægt er að klippa greinarnar til og er best að gera það á vorin. Til að halda plöntunni þétri er hægt að klípa framan af löngum greinum og örva þannig nýmyndun hliðarsprotta.

Rétt er að minnst á að plantan er þekktur ofnæmisvaldur, sérstaklega fyrir þá sem eru með latexofnæmi en það er að finna í plöntusafnanum.

Okkar öfluglu íslensku pottaplöntubændur rækta vel valin yrki af þessari sívinsælu stofuplöntu í mörgum stærðum og litbrigðum í gróðurhúsum sínum.

Anna Rún Þorsteinsdóttir, nemi í garðyrkjuframléislú.

LESENDABÁS



Geitaostar frá Finca Olivio gegna lykkihlutverki á veitingastaðnum El Olivio. Geitum er slátrað á búgarðinum og kjötið boðið til sölu á veitingastaðnum. Myndir / Sveinn Margeirsson

Regluverk og ríkisafskipti af landbúnaði:

Heimaslátrun og bein markaðssetning kjötafurða á Kúbu

Í kjölfar þess að starfsferli mín um hjá Matís lauk með skyndilegum hætti í desember sl., ákvað ég að fylgja eftir áherslum á aukna framlegð bænda af sölu lambkjöts, sem ég hafði verið mjög áfram um sem forstjóri Matís. Það er hjargföst trú mín (studd niðurstöðum rannsókna) að ein leið til þess sé að stuðla að því að neytendur og bændur geti átt í beinum viðskiptum sín á milli.

Bein markaðssetning matvæla eykst ár frá ári. Þar ræður m.a. mjög aukinn áhugi neytenda á að þekkja sögu matvæla, en jafnframt minna traust á dreifingu í gegnum hefðbundnar virðisdeðjur (sem enda alla jafna á stórverslunum), í kjölfar endurtekinnna tilvika matarsvika og rangra merkinga. Má í því samhengi nefna iðnaðarsalt og hrossakjöt sem selt var í nautakjötslíki. Reynslan sýnir jafnframt að í hefðbundnum virðisdeðjum eru hagsmunir matvælaframleiðenda (bænda) stundum látnir sitja á hakanum, milliliðir taka til sín drjúgan hluta af framlegðinni, en skella svo skuld á frumframleiðendur þegar umræða um hátt matvælaverð fer af stað.

Íþyngjandi regluverk á Kúbu

Kúba er einn þeirra staða sem ég hef heimsótt síðustu mánuðina, en fjölskyldan ákvað að breyta til í kjölfar uppsagnar minnar hjá Matís og kanna nýjar slóðir, samhliða því að fyrriverandi forstjórinn geti sinnt hugðarefnunum. Það verður að segjast eins og er, regluverkið á Kúbu er vægast sagt íþyngjandi. Einkaaðilar geta sig vart hreyft, ríkið á til dæmis öll hótél (ef ferðamenn vilja versla við einkaaðila þurfa þeir að vera í heimagistingu). Ríkið á rétt á að kaupa 90% af sumum landbúnaðarafurðum á hrakvirði og er eigandi stórs hluta landbúnaðarlands á Kúbu. Hagkerfið er í raun í heljargreipum ríkisins. Það er þó á einu sviði sem frjálsræði á Kúbu er mun meira en á Íslandi – bændur geta slátrað sjálfir heima. Þeir selja kjöt af heimaslátrunum á mörkuðum og beint inn á veitingastaði með góðum árangri.

Góðir veitingastaðir á Kúbu virðast flestir hafa bein tengsl við bændur. Þegar spurt er um uppruna afurðanna svara þjónarnir stoltir til um staðsetningu bænda sem veitingastaðurinn á í viðskiptum við og leggja áherslu á að samband



Pedro Luiz Jimenez, staðarhaldari á Finca Olivio, með hluta af lífrænni grænmetisrækt búgarðsins í baksýn. Meiripartur framleiðslunnar er seldur beint til neytenda í gegnum veitingastaðinn.

veitingastaðarinn og bændanna styðji starfsemi bændanna og þróun frjálsara hagkerfis á Kúbu (flestir betri veitingastaðir á Kúbu virðast vera í einkaeigu).

Bændur fá tækifæri til frumkvæðis

Einn þeirra veitingastaða sem fróðleiksfúsir Íslendingar hafa heimsótt á Kúbu heitir Olivio, í Vinales í vesturhluta Kúbu. Þar miðast matargerðin við framboð hráefna frá býlinu Finca Olivio og er gestum boðið að heimsækja býlið, sem er í um 3 km fjarlægð frá veitingastaðnum. Myndbönd á skjám sýna líf og störf á býli með lífræna ræktun; meðferð dýranna, ostagerð, grænmetisrækt o.fl. Þetta er dæmi um markaðssetningu bænda á sérvör. Bændur fá tækifæri til frumkvæðis, án þess að tuttugustu aldar hugsanagangur stórra eininga og ríkisafskipta hefti þá á að koma til

móts við óskir neytenda nýrrar aldar um aukna þekkingu og gagnsæi í verslun með matvæli.

Það var óneitanlega gaman að heimsækja Finca Olivio og þótt það sé ekki pláss hér til að lýsa öllu því sem þar má læra, finnst mér víðeigandi að vitna til Pedro Luiz Jimenez staðarhaldara:

„Það er alþjóðleg þróun að neytendur vilji vita hvaðan maturinn þeirra kemur. Vinales gerir út á ferðamennsku og Olivio hefur lagt sig fram um að koma til móts við þeirra óskir, með góðum árangri.“

Þetta er hægt á Kúbu. Vonandi getum við Íslendingar bráðum gert svipaða hluti!

Þetta er fyrsta af fyrirhuguðum fjórum greinum í greinaflokki Sveins og Ólafs Margeirssona um reglur og ríkisafskipti af landbúnaði víða um heim.

Sveinn Margeirsson, verkfræðingur og bóndasonur



Mikilvægt er að vernda heilbrigði búfjárstofna og fæðuöryggi þjóðarinnar. Við sem eyþjóð verðum að búa við ákveðið fæðuöryggi. Ýmsa vafur borðið að dyrum: Náttúruvá, vafur frá viðskiptalegu sjónarmiði, eins og var uppi hér eftir bankahrunið, að ógleymdum manna verkum, þegar mannkynið sýnir sínar verstu hliðar í ófriði. Mynd/ HKr.

Heilbrigðir búfjárstofnar eru meðal auðlinda Íslendinga

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um breytingar á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Aðdragandinn að lagasetningunni eru dómur héraðsdóms, Hæstaréttar og EFTA-dómstólsins sem fela í sér að íslenska ríkið hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt EES-samningnum með því að halda uppi leyfiskerfi á innflutningi á nokkrum tegundum búfjárafurða. Því sé íslenskum stjórnvöldum nauðsynlegt að opna fyrir innflutning á ófrosnu kjóti, eggjum og ógerilsneyddri mjólk með þessari lagasetningu. Óvíst er hvort boðaðar mótvægisáðgerðir dugi til að tryggja þá vernd gegn dýrasjúkdómum sem okkur er nauðsynleg.

Við Íslendingar stöndum í þeim öfundsverðu sporum að landbúnaðarafurðir sem framleiddar eru hér innanlands eru heilnæmar og að mestu ósýktar af lyfjapöllum bakteríum. Hið sama er ekki að segja um landbúnaðarvörur á stórum svæðum í Evrópu þar sem hvers kyns dýrasjúkdómar hafa verið landlægir öldum saman.

Fæðuöryggi

Mikilvægt er að vernda heilbrigði búfjárstofna og fæðuöryggi þjóðarinnar. Við sem eyþjóð verðum að búa við ákveðið fæðuöryggi. Ýmsa vafur borðið að dyrum: Náttúruvá, vafur frá viðskiptalegu sjónarmiði eins og var uppi hér eftir bankahrunið, að ógleymdum manna verkum, þegar mannkynið sýnir sínar verstu hliðar í ófriði. Fæðuöryggi snertir almannahag og er þannig almannavarnarmálefni. Mikilvægt er að hlúa að innlendi matvælaframleiðslu þannig að við séum í stakk búin að fæða íbúa landsins ef vafur ber að dyrum. Þetta snertir einnig varðveislu þekkingarinnar við umhirðu dýra, framleiðslu afurða og verklag við að vinna úr þeim, verksvitið sem þessu fylgir getur á skömmum tíma glatast.

Verndun búfjárstofna

Mál þetta snertir ekki aðeins fæðuöryggi þjóðarinnar og innlenda framleiðslu, heldur líka verndun innlendra búfjárstofna. Þar er ekki



Karl Gauti Hjaltason.

einungis verið að tala um að halda í íslenska hestinn, okkar sérstaka kúastofn, íslenska sauðféð ásamt hinum einstaka forystufjárstofni, heldur ber að varðveita sérstöðu íslenskra búfjárstofna, sem hafa verið hér að mestu einangraðir í 1100 ár og eru þess vegna veikir fyrir alls kyns smitsjúkdómum sem annars staðar, til að mynda í Evrópu, eru oft og tíðum landlægir og hafa með tíð og tíma ekki orðið eins skaðir búfjárstofnum þar. Ef íslensku búfjárstofnarnir sýktust af þessum sjúkdómum gæti það valdið gífurlegu tjóni og í versta falli útrýmt einstökum stofnum hér á landi og með þeim hætti unnið alvarlegt óafturkræft tjón.

Ónæmar bakteríur

Þá er ónefnd sú hættu að hingað berist í auknum mæli sýklalyfjaónæmar bakteríur í meira mæli en við höfum áður kynnst og með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Vísindamenn telja ógnina sem mannkyninu stafar af aukinni útbreiðslu sýklalyfjaónæmar baktería og auknu þoli þeirra gegn hvers kyns sýklalyfjum mestu heilsufarslegu hættu sem mannkynið stendur frammi fyrir um þessar mundir. Bakteríur sem eru ónæmar fyrir sýklalyfjum eru að verða landlægir í Evrópu, sem er bein afleiðing af óhóflegri notkun sýklalyfja sem dælt er í búfænað til þess að skepnurnar fái ekki neins konar kveisu, vaxi eins hratt og

nokkur kostur er og geti þannig komið fyrir til slátrunar og fengið síðan ríkisniðurgreitt flugfar til allra afkima Evrópusambandsins. Lyfjanotkun í landbúnaði hér á landi er ekki nema brot af því sem víða tíðkast í Evrópu. Nú er lagt til að Ísland verði eitt þeirra markaðssvæða sem þessar afurðir nái til.

Hér hef ég ekki nefnt ýmsar bakteríur sem valda matarsýkingum í fólki og eru landlægir í Evrópu, svo sem kamfýlóbakter. Með innflutningi er verið að bjóða heim hættu á að slíkar eitranir í matvælum færist stórlega í vöxt. Ástæða þess að flestir þessir sjúkdómur eru miklu sjaldgæfari hér á landi er hreinleiki íslenskra búfjárafurða og hreint ómengi vatn.

Ítarlegar upprunamerkingar

Sjálfsögð er sú krafa að neytendur fái með vörinni upplýsingar um uppruna þess sem boðið er til sölu og neyslu. Það eflir vitund neytenda fyrir vörinni og leggur einnig kröfur á framleiðendur að standa sig. Það er mikill munur á búfé og alidýrum eftir löndum og neytendur eiga kröfu á að vita uppruna varanna. Þetta á einnig við um allan aðbúnað dýra. Þar er ólíku saman að jafna, íslensku sauðkindinni sem hleypur frjáls um fjöll og firnindi eða dýrum í smáum stíum Evrópu.

Umhverfissjónarmið

Í lokin verður að horfa til umhverfissjónarmiða, því allar þessar vörur mun þurfa að flytja hingað inn yfir hafið með tilheyrandi útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Nú þegar allir keppast við að reyna að líta vel út gagnvart þeim mállefnum klappa sjálfskipaðir talsmenn neytenda upp heildsalaherinn þegar dómur ganga Evrópusambandinu í hag í málum sem þessu. Við megum ekki fórna íslensku landbúnaðarframleiðslu og verða smám saman háð innflutningi á vörum sem unnt er að framleiða hér innanlands með vistvænni og heilnæmari hætti en víðast þekktist.

Karl Gauti Hjaltason
alþingismaður Miðflokksins
í Suðurkjördæmi
kgauti@althingi.is



Höfum tekið við umboði fyrir IAS hreinsiefnin frá ORRA HJALTASYNI ehf

MANNOL TILBOÐ TIL BÆNDA


Mannol Traktor Súperólía 15W-40

UMBÚÐIR	TILBOÐSVERÐ	FULLT VERÐ
5 Lítrar	2.490,- kr.	3.495,- kr.
20 Lítrar	8.990,- kr.	12.495,- kr.
60 Lítrar	25.900,- kr.	33.995,- kr.



Smiðjuvegi 11, 200 Kópavogi | S: 512 3030
pantanir@automatic.is | www.automatic.is

Lely Center Ísland



6,500 - 9,500
11,000 - 13,500 lítra

HAUGSUGU-DÆLUR

HAUGSUGUHLUTIR
VARAHLUTIR



Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



SELDU HRYSSUR TIL LÍFS

Hrossabændur óska eftir hryssum

Mega vera þriggja til fimmtán vetra

Enn hækkað verð!

Greiðum nú **35.000 kr. án vsk. fyrir hryssuna.**

Sækjum frítt á Suður-, Vestur- og Norðurland.

Upplýsingar: hryssa@isteka.com eða í síma **581 4138.**

Geymið auglýsinguna!

Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í WorldFeng.

Twenty One

FLUGNAEITUR

Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjárrækt

Sölustaðir:
Bústólpi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húnavetninga
Verslunun Eyri
Vélaval

STREYMI
heilðverslun

Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4
603 Akureyri

S 588 2544
N streymi@streymi.is
V www.streymi.is



Með því að auka aðgengi nauta að kjarnfóðri, t.d. með því að setja upp einföld fóðurtrög sem þetta, má auka át þeirra og þar með vöxt.

lyfjanotkun. Ráðunautarnir gerðu allsherjarúttekt á búinu og í samstarfi við bóndann og dýralækni búinsins var sett upp nýtt vinnuskipulag og gerðar ýmsar úrbætur. Þannig var t.d. búið til sérstakt fóðurplan fyrir þau naut sem búið kaupir og eru léttari en 60 kíló þegar þeir koma á búið. Þessi naut fá nú þurrefnisbætta mjólk svo vöxturinn taki vel við sér. Þá var aðgengi nautanna að kjarnfóðri bætt og til viðbótar því að geta étíð

kjarnfóður á fóðurgangi þá voru settar upp einfaldar fóðurrennur inn í stíu nautanna. Þá var rými aukið á gripum sem voru í léttara lagi og í raun má almennt segja að allir verkferlar á búinu voru endurskoðaðir og bættir. Í raun var samt um minniháttar breytingar að ræða en þær skiluðu miklum ábata í rekstri búinsins. Niðurstaða verk-efnisins var sú að til að ná góðum árangri við eldi sláturgripa

þá sé gríðarlega mikilvægt að vera með staðlaða verkferla og sinna nautunum með sama hætti á hverjum degi. Sé það gert er næsta víst að góður árangur náist.

Síðasta erindi málstofunnar var flutt af ráðunautum SEGES í lífrænni rætkun, þeim Mogens Vestergaard og Arne Munk. Í Danmörku er mikil eftirspurn eftir lífrænt vottuðum matvörum og er nautakjöt þar á meðal. Það eru þó afar fáir sem eru í sérhæfðri lífrænt vottaðri nautakjötsframleiðslu og síðasta ár nam slátrum slíkra gripa ekki nema 1% af heildarslátruninni. Framleiðsla á lífrænt vottuðu nautgripakjöti er þó mun meiri, en það kjöt kemur frá kúabúum í mjólkurframleiðslu. Greindu þeir félagar m.a. frá því að þeir sem eru í sérhæfðu eldi fá sérstaka styrki frá Evrópusambandinu og nam meðalstuðningurinn árið 2018 um 80 krónum á hvert kíló fallsins. Erindið snéri þó að mestu um það hvernig best sé að standa að því að vera með graðnautaeldi utandyra, en það er nauðsynlegt eigi að fá lífræna vottun. Eigi að takast vel til, í Danmörku, er mælt með skiptibeit með mörgum hólfum og að færa nautin á tveggja

vikna fresti á milli hólfra. Eldistími á nautum sem er beitt á gras er auðvitað töluvert lengri en þeirra nauta sem eru alin innandyra. Oft er nautum í Danmörku slátrað í krinum 10–12 mánaða aldur en algengur aldur við slátrun nauta í lífrænni framleiðslu eru 16–17 mánuðir og er þá fallþunginn frá 260–360 kíló eftir því hvort um er að ræða naut af mjólkurkúakyni eða naut sem eru blendingar af holdakyni og mjólkurkúakyni.

6. Mjólkurkúakynin

Tíunda málstofan fjallaði fyrst og fremst um innri málefni ræknarfélaganna sem halda utan um þau kúakyn sem notuð eru til

mjólkurframleiðslu í Danmörku þ.e. hið svart-skjöldotta Holstein kyn, um Jersey kúakynið og hið þekktu danska rauða mjólkurkúakyn sem oftast er eingöngu kallað RDM. Þar sem ekkert þessara er í notkun hér á landi verður látið ógert að fara nánar út í þau erindi sem voru flutt í þessari málstofu.

Í næsta Bændablaði lýkur umfjöllun um þetta áhugaverða fagging en þess má geta að hægt er að skoða og hlaða niður öllum erindum af fagginginu með því að fara inn á upplýsingasíðu danska landbúnaðarins www.landbrugsinfo.dk. Þar þarf svo að velja „Kvæg“ (þ.e. nautgriparækt) og þar undir „Kvægkongressen“.

Lely Center Ísland DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI



Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Gripaburstar án mótors Kynningarverð frá 95.000 kr.

EasySwing®

Easy Swing gripaburstar fyrir velferð dýranna

Í samstarfi við Finneasy í Finnlandi býður BYKO nú upp á Easy Swing gripabursta af ýmsum stærðum án mótora. Burstarnir henta gripum allt frá ungum kálfum upp í fullorðin naut. Burstarnir eru smíðaðir með mikið álag í huga. Easy Swing gripaburstarnir eru auðveldir í uppsetningu og kosta mun minna en rafmagnsdrifnir kúaburstar.

Hafðu samband:
bondi@byko.is



byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIDSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur - Sími 550 3000 - Gsm 892 6000

Gott framboð
af áhugaverðum jörðum

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is
María Magnúsdóttir hdl. lögg. fasteignasali - Sjöfn Ólafsdóttir lögg. fasteignasali



Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta

Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON
á ÍSLANDI

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi
Sími 544-4656 | www.mhg.is

Nýr vörubæklingur 2019



KH VINNUFÖT - VÖRUBÆKLINGUR

1 - VINNUFÖT	4 - 17
2 - REGNFÖT	18 - 21
3 - KULDAFÖT	22 - 23
4 - MULTINORM	24 - 27
5 - SÝNILEIKI	28 - 37
6 - SKÖR & STÍGVÉL	38 - 47
7 - HANSKAR	48 - 55
8 - ÖRYGGISVÖRUR	56 - 65
9 - MATVÆLAIDNADUR	66 - 67
10 - NÝJAR VÖRUR	68 - 71
11 - ANNAD	72 - 79



Fáið sent frítt eintak með því að hafa samband í síma: 577 1000,

í gegnum facebook eða með tölvupósti á info@khvinnufot.is

Vörubæklingurinn er 80 bls. í A5 broti.

KH Vinnuföt • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is



Aðalfundur Landssamtaka raforkubænda:

Víðtækur áhugi á raforkumálum og meira litið til smærri virkjunarmöguleika

Aðalfundur Landssamtaka raforkubænda var haldinn á Laxárþakka í Hvalfjarðarsveit 10. nóvember síðastliðinn. Mæting á fundinn endurspeglar þann víðtæka áhuga á raforkumálum sem er nú á meðal bænda, sveitarfélaga, ráðgjafa og opinberra aðila.

Stærri og hagkvæmari virkjunarmöguleikum fer fækkandi, eða þeir eru aðeins fjarlæg framtíðarsýn. Því er nú meira litið til smærri virkjunarmöguleika eða að virkja sem næst notkunarstað raforkunnar.

Ákveðið var m.a. að auka sýnileika samtakanna með því að óska eftir aðild að Bændasamtökum Íslands á næsta Búnaðarþingi sem og að Landbúnaðarklasanum.

Áfram sitja í stjórn þeir Jón Snæbjörnsson, frá Eyvindartungu, Eiður Jónsson frá Árteigi og Magnús Hannesson frá Eystri-Leirárgörðum.

Smávirkjanaverkefni Orkustofnunar

Á aðalfundinum flutti gestarindi Erla Björk Þorgeirsdóttir, verkefnisstjóri smávirkjanaverkefnis Orkustofnunar (www.os.is). Verkefnið hófst af fullum þunga árið 2017 og hefur það meginmarkmið að auka raforkuframleiðslu á landsbyggðinni sökum alvarlegrar stöðu í raforkuöryggismálum. Víða



Vélbúnaður Bugavirkjunar.

um land er skortur á framboði á raforku og stendur það byggðapróun fyrir þrífum. Ekkert nútíma samfélag getur vaxið og dafnað án þess að eiga greiðan aðgang að tryggri raforku. Smærri virkjanir gætu orðið mikilvægur þáttur í því

raforkuframleiðslu skiptist með sanngjörnum hætti milli þeirra sem eru hagsmunaaðilar við orkuvinnslu. Það eru eigandi auðlindarinnar, orkuframleiðandinn, orku kaupandinn, þjóðin og nærsamfélagið.

Breið samstaða er um að breytinga er þörf.

Virkjanir í Hvalfjarðarsveit

Þriðja og síðasta erindið á aðalfundinum var erindi Magnúsar Hannessonar og Haraldar Magnússonar um virkjanir í Hvalfjarðarsveit. Bugavirkjun og vindmylluna í Belgsholti. Of langt mál er rekja alla þá virkjunarsögu hér, en vindmyllan í Belgsholti var fyrst vindmylla tengd landsnetinu, árið 2011. Bugavirkjun var tengd landsnetinu árið 2014, uppsett afl hennar er um 45 kW og vatns hverfillinn frá vélaframleiðandanum Cink í Tékklandi, er tvískiptur þverstreymishverfill (e. crossflow). Að fundi loknum bauðst fundargestum að skoða Bugavirkjun.

Framtíðin er björt

Frétt frá síðastliðnu sumri á vef RARIK, gefur tilefni til bjartsýni. Því virkjunum er tengjast beint við dreifikerfi RARIK fjölgar ört, þ.e. smávirkjunum. En í dag eru 34 slíkar virkjanir með samtals 46 MW uppsett afl. Um 80% af orkuvinnslu þeirra fór á síðasta ári beint til dreifingar í dreifikerfinu en umframgetan skilaði sér inn á flutningskerfið til dreifingar annars staðar á landinu. Þannig náðist að framleiða um 14,4% af heildarorkuþörfinni í nærumhverfinu, með hverfandi flutningskostnaði og tilheyrandi orkuflutningi frá landsnetinu.

Sagan endurtekur sig og segja má að rafvæðing sveitanna sé hafin á ný. Í því samhengi er áhugavert að líta til vefsjár Orkustofnunar (www.map.is/os) þar sem er að finna staðsetningu virkjana, bæði í rekstri sem og fyrri tíma, er hugsanlega fá nú að mala á ný ef aðstæður eru góðar. Einnig stendur nú til að flýta uppbyggingu þrífasa dreifikerfisins.

Helstu baráttumál

Á aðalfundinum kom sérstaklega fram gagnrýni á hán eftirlitskostnað sem og íþyngjandi kröfur til öryggisstjórnarkerfis smávirkjana er tengdar eru landsnetinu. Einfalda þarf rekstrarumhverfi virkjana og er það verkefni er vinna þarf í samstarfi við tilheyrandi stjórnvald.

Mikil tækifæri eru fólgin í því að styðja við aukna raforkuframleiðslu smávirkjana. Hugsanlega má leita eftir nánari samvinnu við önnur hagsmunasamtök. Þátttaka í Landbúnaðarsýningunni í kynningarbás Orkustofnunar var vonandi vísir að nánara samstarfi líkt og í Noregi þar sem árlega er þriggja daga ráðstefna smærri raforkuframleiðenda (n. smákraftdagene). Er fyrsti dagurinn á vegum Orkustofnunar Norðmanna (NVE).

Einnig bindum við vonir við aðild að Bændasamtökunum. Að samtökin verði meira áberandi í allri umræðu um orkumál, umræða sem er í dag mörgum hugleikin.

Jón Snæbjörnsson
Formaður Landssamtaka raforkubænda



Stöðvarhús Bugavirkjunar.



Jón Snæbjörnsson, formaður Landssamtaka raforkubænda.

að tryggja vaxtarmöguleika í dreifðari byggðum landsins.

Safnað hefur verið gagnlegum upplýsingum, stöðumati, á smávirkjanavef Orkustofnunar. Stofnunin býður einnig landeigendum að stilla upp frumhugmynd að vatnsaflsvirkjun (sbr. vefgátt). Veittir eru styrkir til meistaraþrófsverkefna á sviði smávirkjana ásamt því að haldnir eru fundir og kynningar.

Smávirkjanaverkefnið var kynnt síðastliðið haust á sýningunni Íslenskur landbúnaður, í Laugardalshöll. Stanslaus straumur af fólki var í sýningarbás Orkustofnunar og á annað hundrað manns skráði sig á tölvupóstlista verkefnisins. Einnig voru flutt erindi um smávirkjanir á sýningunni, og

eru fyrirlestragætur að finna á vef smávirkjanaverkefnisins.

Í haust verður svo haldin ráðstefna um smávirkjanaverkefnið.

Orkusveitarfélög

Seinna gestaerindið á aðalfundinum flutti Stefán Bogi Sveinsson, formaður Samtaka orkusveitarfélaga (www.orkusveitarfelog.is). Að samtökunum standa 21 sveitarfélög. Helsti tilgangur samtakanna er að standa vörð um hagsmuni aðildarsveitarfélaga í öllum málum sem tengjast byggingu orkuvera og virkjana, orkunýtingar, fjárhagslegum hagsmunum í þessu sambandi og umhverfismálum.

Eitt af helstu markmiðum samtakanna er að arður af nýtingu náttúruauðlinda til



RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ
LANDBÚNAÐARINS

RÁÐUNAUTUR Í NAUTGRIPARÆKT

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins auglýsir eftir ráðunaut til þess að sinna fjölbreyttri ráðgjöf í nautgriparækt.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- » Vinna í ráðgjafateymi RML.
- » Fjölbreytt ráðgjöf með áherslu á fódun og kynbætur í nautgriparækt.
- » Þróun og sala á fjölbreyttri ráðgjöf á landsvísi í samstarfi við annað starfsfólk RML.
- » Önnur tilfallandi verkefni.

Menntun og hæfniskröfur:

- » Háskólapróf sem nýtist í starfi og framhaldsmenntun á sviði fódunar, kynbóta eða annarra þátta sem tengjast framleiðsluferlum í nautgriparækt æskileg.
- » Þekking á sviði landbúnaðar.
- » Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- » Geta til að vinna undir álagi.
- » Góðir samskiptahæfileikar.

Við leitum að einstaklingi með brennandi áhuga á nautgriparækt í sínum víðasta skilningi og sem hefur metnað og frumkvæði sem nýtast til að byggja upp þekkingu sem nýtist til að efla búgreinina.

Gert er ráð fyrir að starfsstöð viðkomandi verði á Akureyri.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er ráðgjafarvirrtæki í eigu bænda sem sinnir landbúnaðarráðgjöf um allt land. Starfsemin er dreifð um landið á 13 starfsstöðvum.

Við bendum áhugasömum á heimasíðu fyrirtækisins www.rml.is þar sem sótt er um starfið, en þar er einnig hægt að kynna sér starfsemina enn frekar.

Umsóknarfrestur er til og með 15. maí.

Nánari upplýsingar veita Karvel L. Karvelsson klk@rml.is og Borgar Páll Bragason bpb@rml.is

LESENDABÁS

Megi það byrja hjá mér

Í náttúrunni er ekkert til sem heitir rusl. Þar er allt fullnýtt. Það sem er úrgangur frá einni starfsemi eða einni lífveru er nýtt af annarri og til verður hringrás efna og orku þar sem ekkert er undanskilið og allt hefur tilgang og markmið.

Þessa dagana horfum við á heilu sjónvarpsseríurnar þar sem okkur eru sýndar afleiðingar ósjálfbærs lífsstíls mannskepnunnar, hvernig heilu vistkerfin eru að hrynja undan afleiðingum skilningsleysis og meðvitundarleysis okkar mannkyns á stöðu okkar sem hluta í þessu sama kerfi. Við horfum á þættina í vantrú, frosin yfir þeim staðreyndum sem við blasa en eiginlega ekki að ná því samt að það erum ég og þú sem eigum hér sök og í ennþá meiri efa um að við getum komist af þessari braut, hvað þá fundið aðra betri.

Á hverjum einasta degi banka þessar spurningar upp á með einum eða öðrum hætti: Hvað getum við gert til að stoppa þessa þróun? Hvernig getum við tryggt börnunum okkar lífvænlega framtíð hér á jörðinni? eru ekki örugglega „hinar“ þ.e. einhverjir aðrir að gera eitthvað? ... og hinir ... hverjir eru það? Þessir hinir erum við sjálf! M.ö.o. breytingin verður að verða hjá hverjum og einum og dreifast þaðan.

Verkefnið sem við stöndum frammi fyrir er ekki eins dags átak, ekki eitthvað sem klárast á vikum eða mánuði – heldur framtíðarverkefni – sem þýðir að alger hugafarsbreyting þarf að verða hjá öllum. Ávinningurinn er stór og til hans vinnandi, lífvænlegri framtíð hér á jörð. Þetta tekst einungis með samvinnu, ekki sundrunu og nú reynir á. Hver og einn þarf að taka þátt og tíminn er núna.

Mig langar með þessum skrifum að undirstrika og draga saman það sem við áður höfum heyrt um þessi mál, þar sem góð vísa verður ekki of oft kveðin. Einnig að koma með mitt sérstaka tilboð, sem ég veit ekki til að hafi áður verið sett fram í þessum tilgangi.

Hér er það sem allir geta gert án þess að fara í stórkostlegar eða kostnaðarsamar breytingar á lífi sínu.

1. Flokka sorpið og moltugera lífrænan úrgang.
2. Versla vörur úr nærumhverfi.
3. Minnka matarsóun og fullnýta allt hráefni sem til fellur, tæma ísskápinn.
4. Hætta að kaupa einnota vörur og skipta yfir í fjölnota.
5. Minnka plastnotkun og setja í endurvinnslu að notkun lokinni. Plast er hægt að endurvinna 1-2svar sinnum.
6. Nota ál frekar en plast og skila svo í endurvinnslu. Hægt er að endurvinna ál endalaust og það á við um flesta aðra málma sem og gler.
7. Draga úr neysluhyggju – kaupa það sem þarf, ekki það sem mann langar í ef maður þarf það ekki. Fullnýta og endurnýta. Láta lagfæra það sem bilar, ekki kaupa bara nýtt.

8. Hætta að eitra í jörðum og nota lífrænar og umhverfisvænar aðferðir við að halda sníkjudýrum í skefjum í garðrækt. Auka þannig líffræðilegan fjölbreytileika og minnka mengun á jarðvegi og jarðvatni.

9. Velja með kortinu okkar – kaupa umhverfisvænar og vottaðar vörur umfram aðrar og búa þannig til hvata fyrir fyrirtæki til að vanda sig og huga að umhverfisþáttum og sýna samfélagslega ábyrgð við framleiðslu sína.

10. Ganga vel um og sýna sjálf samfélagslega ábyrgð og meðvitund. Það munar mann ekkert að hafa með sér poka eða annað flát til að stinga í rusli sem maður gengur fram á í göngutúrum eða rekest á á áfangastöðum úti í náttúrunni. Ekki bíða eftir að aðrir geri það – rusl sem ekki er hreinsað upp fýkur og endar oft en ekki í sjónum með tilheyrandi mengun fyrir lífríkið þar.

11. Hugarfarsbreyting – lána, leigja, samnýta, vinna saman – það þurfa ekki allir að kaupa og eiga alla hluti sem notaðir eru – alls staðar þar sem það er hægt, m.a. í samgöngum, þarf að auka samnýtingu og minnka neyslu.

Allir út að planta

Skógar eru lungu jarðarinnar. Þeir búa til það súrefni sem við þurfum til að geta lifað. Það gerir annar gróður líka. Það þarf að auka gróður á hvaða formi sem er til að vege upp á móti vaxandi gróðurhúsalofttegundum í andrúmslofti. Við þurfum að græða upp og við þurfum að planta trjám. Það þarf að gerast núna og það þarf að gerast hratt og í miklum mæli.

Eg og bóndi minn eigum bújörð í Borgarfirði og hluti hennar er nú þegar skipulagður undir skógrækt. Utan þess svæðis er land sem einnig hentar vel til skógræktar en er ekki enn skipulagt sem slíkt. Nú langar mig að bjóða þeim sem ekki eiga land, en langar til að planta trjám, að setja þar niður tré. Svæðið verður skipulagt með það í huga, girt af og gert aðgengilegt til plöntunar, þeim sem vilja nýta sér, í samráði við okkur landeigendur. Einnig munum við leggja til húsdýraáburð, tilsögn og verkfæri sé þess þörf. Þetta tilboð fer í gang strax í vor og mun standa meðan pláss verður fyrir tré og runna á svæðinu.

Ég sé fyrir mér að þeir sem geta nýtt sér þetta tilboð séu:

- Fólki sem vill kolefnisjafna ferðalög sín, bflinn sinn eða bara setja niður tré til að sporna við loftslagsbreytingum getur komið og sett þau niður hér.
- Fólki sem er að grísa í garðinum sínum og þarf að taka upp stálpaðar plöntur og vill ekki henda þeim. Það getur komið með þær og sett þær niður hér.
- Fólki sem á ungar plöntur, stiklinga, eða sjálfsáðar

plöntur, sem það vill losna við getur sett þær niður hér.

- Fyrirtæki sem vilja bæta ímynd sína og setja niður tré en eiga ekki land til þess geta komið og sett niður tré hér.

Ef fólk nýtir sér þetta og fleiri landeigendur bjóða upp á sambærilegt

getur skógrækt aukist margfalt hraðar en annars yrði, sem er jú okkur öllum til gagnbóta.

Ég vona að fleiri bændur opni á þennan möguleika á jörðum sínum og taki frá skika sem fólk má setja niður plöntur í. Þær vaxa upp og verða að trjám sem binda gróðurhúsalofttegundir, fepra umhverfi, auka fjölbreytileika

lífríkisins, mynda skjól og heimkynni fyrir fugla og önnur dýr og allir græða.

Þeim sem vilja nýta sér þennan möguleika er velkomið að hafa samband í gegnum netfangið sigga@purenatura.is

Sigríður Ævarsdóttir, Gufuá, 311 Borgarnes.

Stalosan® F Umhverfisvænt sóttthreinsiduft



Frábær forvörn gegn slefsýki í lömbum

Stalosan F vinnur gegn bakteríum, vírusum, sveppum og sníkjudýrum. Slefsýki í lömbum orsakast af E. coli sem berst með óhreinindum, oft á undan broddmjólkinni. Stalosan F hefur reynst vel sem forvörn gegn slefsýki. Með góðum forvörnum sparast vinna og kostnaður við lyf.

Búvörur SS | Fossháls 1, Reykjavík | 575 6070 | www.buvorur.is

ACCUTRIGGER ACCUSTOCK **SAVAGE ARMS®** ACCUTRIGGER ACCUSTOCK

Savage Mark II FV-SR 22 CAL
pungt fluttað hlaup
kr. 59,900

Model: 93R17GVXP
Cal: 17HMR og þungt hlaup og
Bushnell sjónauki 3-9x40
kr. 75,900

MarkII FVXP
Cal: 22 LR Bushnell sjónauki 3-9x40
kr. 68,900

Savage Axis II XP
Cal: 223,243 og 308 Bushnell sjónauki
3-9x40 stillanlegur gikkur og skefki
kr. 93,900

110 APEX PREDATOR XP
Cal: 223, 243, 308, 6,5 creedmoore sjónauki 4-12x44mm Vortex®
pungt fluttað snittað hlaup,
Vesturröst
kr. 149,900

Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - www.vesturröst.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

VÉLABÁSINN

Hver verður framtíðarorkugjafi ökutækja?

Vetnisknúinn Toyota Mirai rafbíll

– Á að komast allt að 500 km á tankfyllingunni miðað við 0,76 kg eyðslu á hundraðið

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Árið 1979 þegar ég var 19 ára var ég um tíma á handfærabát sem gerður var út frá Hafnarfirði. Hluthafi í þessum bát var m.a. maður sem gekk undir nafninu Þorsteinn flugkappi og hafði verið orrustuflugmaður í seinni heimsstyrjöldinni í breska flughernum og flaug meðal annars Spitfirevél, einni þekktustu orrustuvél sögunnar. Þorsteinn var mikill sögumaður og kom oft um borð í bátinn í spjall og sögur. Í einni af þessum sögustundum sagði hann ógleymanlega sögu um vetnisknúnað sem settur var í Spitfirevél sem lengdi flugdrægni vélarinnar um allt að helming.

Eftir að hafa hlustað á þessa sögu var ég þess fullviss að vetni væri framtíðarorkugjafi fyrir bílvélar og aðrar vélar.

Nokkrar tegundir vetnisknúnað komnir í tilraunaakstur á Íslandi

Framleiðendur bíla hafa verið duglegir að prófa og þróa nýja bíla og mest er um að verið sé að þróa rafmagnsbíla, vissulega hentugir bílar fyrir Ísland og sjálfbæra rafmagnnið, en hér er kalt sem dregur úr drægni (uppgæfin drægni á rafmagnsbílum miðast við hita nálægt 20 gráðum sem er sjaldan og allur hiti undir því stýttir vegalengdina). Svo eru metanbílar orðnir töluvert margir á Íslandi, ganga fyrir metangasi sem unnið er úr m.a. ruslahaugunum á Álfsnesi. Ódýrt eldsneyti sem mengar lítið sem ekkert, en þarf sérstaka meðferð á metanvélum til að þær endist. Nokkrir bílaframleiðendur eru farnir að veðja á að vetni verði ofan á sem orkugjafi framtíðarinnar og eru nokkrir bílar hér á landi sem profubílar. Þessir bílar eru almennt ekki komnir í sölu til almennings en eru leigðir út í langtímaleigu mest til fyrirtækja. Einn af þessum bílum er frá Toyota og heitir Toyota Mirai.

Nánast hljóðlaus akstur fyrir utan umhverfshljóð

Mirai er 100% rafknúinn, en þarf ekki að setja í hleðslu og hlaða með rafmagn eins og flesta aðra rafmagnsbíla. Þess í stað er hann með efnarafal sem knúinn



Toyota Mirai er frekar lágur undir lægsta punkti og ekki mikill malarvegaskelfir.

Myndir / HLJ

Date	Distance km	Average kg/100km
14/ Apr.	127.1	1.2
13/ Apr.	84.1	1.5
12/ Apr.	24.1	1.1
11/ Apr.	16.1	1.4
Daily		

Venjan er lítur á hundraðið, en hér er það kíló.



Skilaði bílnum fullum af vetni sem selt er í kílóavís.



Þegar hávaðamæling er undir 70 desibelum er það bara gott.



Aftursætin frábær, eins og góðir hægindastólar sem sumir eiga fyrir framan sjónvarpið.

í prufuakstrinum). Við akstur heyrir ekkert í vetnismótornum, en það eina sem maður heyrir er núningshljóð í vélbúnaði og veghljóð frá hjólbörðum (mæli flesta bíla sem ég prófa á sama hraða á sama stað og útkoman í Mirai var meðalmæling 69db. sem er með lægstu mælingum sem ég hef séð í prufuakstri).

Hönnun og lögun þaulhugsuð til að mótaða sé eins lítil og hægt er

Að horfa á bílinn frá hlið finnst manni hann við fyrstu sýn vera ljótur, en sé hugsað til þess að bíllinn taki sem minnst af vindi á sig og kljúfi loftið eins auðveldlega og hægt er er hönnunin greinilega þaulhugsuð. Bíllinn er eins og stór vatnsdropi séð frá hlið (enda knúinn áfram af vatni).

Grillíð framan á bílnum tekur inn loft sem súrefni og vetni flyst úr geyminum í efnarafalinn og úr verður raforka og vatnið er losað.

Hröðun og kraftur í rafmótornum er ágætur (ekki ósvipað og verið sé að keyra um 150 hestafli bíl), en samkvæmt bæklingi um bílinn þá er hann uppgæfinn 154 hestöfl, með hámarks hraða upp á 175 km og eyðir 0,76 kg af vetni í blönduðum akstri á hundraðið (ég var að eyða 1,2 kg miðað við 100 km í prufuakstrinum enda lítið að spara vetnið).

Kostir og gallar

Þessi bíll er í raun ekki til sölu og ég varð fyrir vonbrigðum að geta



Farangursrymið er ekki stórt og í bílinn vantar varadekk.

Helstu mál og upplýsingar

Lengd	4.890 mm
Hæð	1.535 mm
Breidd	1.810 mm

ekki fengið uppgæfið hjá Toyota verð á bílnum, en mér fannst gott og gaman að keyra bílinn og í honum er mikið af öryggisbúnaði s.s. akreinalesari, blindhornsvari, árekstraröryggiskerfi, umferðarskynjari að aftan, sjálfvirkir háuljósakerfi og innbyggður radarvari. Það er að verða algengur búnaður í nýjum bílum, en sjaldan er talað um það.


Ókostur er að ekkert varadekk er í bílnum og að þegar ég ók bílnum á malarvegi heyrðist ansi mikið malarhljóð undir bílnum og minnti einna helst á þegar maður hlustar á rigningu berja tjald í íslenskri sumarnótt.

Fyrir „mótornörð“, mig og fleiri, eru spennandi tímar fram undan í framtíðarorkugjafanum og verður fróðlegt að fylgjast með þróuninni í framtíðinni, en persónulega hef ég veðjað á að vetni verði framtíðin á meðan aðrir veðja á rafhlöðuknúna rafmagnsbíla eða metan.

Bændablaðið Kemur næst út 16. maí

Meðallestur prentmiðla á landsbyggðinni

Þróun lestrar síðastliðin fimm ár samkvæmt könnunum Gallup



ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Stóri plokkgaturinn:

Mikilvægt framtak fórnfúsra sjálfbóðaliða sem brýnt er að styðja

– Yfirvöld mættu þó einnig beina athygli sinni að fleiru eins og baráttunni við minkinn, hinn mikla skaðvald í íslenskri náttúru

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Síðastliðinn sunnudag, 28. apríl, var stóri plokkgaturinn. Ég verð að viðurkenna að ég var ekki einn af þátttakendum í þessum góða hópi fólks sem var að fegra meðfram Reykjanesbrautinni þegar ég átti þar leið um.

Einfaldlega hafði þetta átak einhvern veginn alveg farið framhjá mér, en þegar ég ók Reykjanesbrautina sá ég víða í vegköntunum fólk vera að tína rusl. Ég stoppaði á mótis við Vallahverfið í Hafnarfirði og spjallaði við Ágústu Harðardóttur sem var að tína rusl við veginn ásamt vinkonum sínum, þeim Sesseliu og Björgu.



Ágústa Harðardóttir var að tína rusl við veginn á mótis við Vallahverfið í Hafnarfirði ásamt vinkonum sínum, þeim Sesseliu og Björgu.

Yfir 10 stórir ruslapokar á tveim tímum

Það fer ekki framhjá neinum sem gengur meðfram Reykjanesbrautinni magnið af ruslinu í vegköntunum og nærumhverfi brautarinnar á milli Hafnarfjarðar og Reykjanesbrautar. Áberandi verst ásynðarlega séð hefur þetta verið frá Kaplakrika að álverinu einhverra hluta vegna, en einmitt á þessum kafla taldi ég yfir tuttugu manns að plokka rusl. Þegar ég gekk niður í hraunið í vegkantinum til að ræða við Ágústu sá ég að nánast alls staðar við alla steina og í gjótum var rusl, enda sagði Ágústa mér að þær vinkonurnar þrjár væru búnar að fylla yfir 10 stóra ruslapoka á um tveim tímum og mér sýndist mikið vera eftir sem mundi fylla nokkra pokana í viðbót.

Fær skammarlega litla umfjöllun

Miðað við magn af rusli og að allir eru sammála um að fegra umhverfið, tína rusl, taka til eða gróðursetja tré og plöntur fær svona

fórnfýsi og sjálfbóðavinna of litla umfjöllun í fjölmiðlum og of lítið hól frá sveitarstjórnunum og öðrum ráðamönnum fyrirtækja. Nokkrum sinnum hefur verið fjallað um verðlaun fyrir umhverfismál og ég er ekkert að leynd þeirri skoðun minni að þegar verið er að verðlauna einhverja þjóðgarðsverði fyrir það eitt að vinna vinnuna sína að mestu við skrifborð finnst mér það frekar hégómleg athöfn, nær væri að verðlauna plokpara og aðra sem fara á staðinn og vinna verkið, meindýraeyðinn sem drepur minkinn sem eyðir öllu fuglalífi eða verkmanninn sem gróðursetur trjáplöntur og kolefnisjafnar landsmenn.

Of lítill stuðningur við jákvæð verkefni

Græni herinn hefur unnið gott starf og fengið umbun fyrir vel unnin störf við hreinsun á fjörum við strandlengjuna. Ein er sú stétt manna sem mér hefur alltaf fundist mega fá meira þakklæti fyrir sín störf en það eru meindýraverðimenn. Áður hef ég

nefnt það í þessum pistlum að stærsta umhverfisslys Íslandssögunnar var þegar minkurinn slapp út í íslenska náttúru. Sennilega eru minkaveiðar með erfðari vinnu sem hægt er að vinna, kostnaður við hundahald mikill og langir vinnudagar. Árangurinn af góðri minkaveiði er sennilega best sjáanlegur í Þingeyjarsýslum með miklu sjáanlegu fuglalífi sem er afrakstur þriggja eldri borgara í Þingeyjarsýslum. Mér vitanlega hafa þessir menn ekki fengið nein verðlaun fyrir sinn hlut í fjölskrúðugu fuglalífi sýslunnar.

Mörg þúsund manns skoða snappið hjá Varginum

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef eru mörg þúsund manns sem reglulega skoða snappið hjá snappara á Snæfellsnesi sem kallar sig Vargurinn. Sjálfur hef ég gaman af veiðiaðferðum hans og dáist af hvern dauðan mink tel ég hann vera að bjarga mörgum fuglum eða fiskum og í leiðinni skapar

hann lífsvon fugla og fiska. Á Facebook-síðu þar sem veiðimenn deila veiðisögum og skoðunum hefur mér fundist óeðlilega mikið af sögum af refadrápi síðastliðin ár, sem bendir til þess að refastofninn sé of stór. Stór refastofn heggur of stórt

skarð í fuglalíf og þarf nauðsynlega að fækka ref töluvert til að ná jafnvægi í náttúruna samanber að á Reykjaneskaganum er svo mikið af ref að varla sést nokkur mófuglalíf þar lengur á stöðum eins og til dæmis í Heiðmörkinni upp af Reykjavík.

Lely Center Ísland SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR. Includes images of various water filtration products and contact information for Reykjavík and Akureyri.

KROSSGÁTA Bændablaðsins

105 Crossword grid with clues in Icelandic. Includes a picture of a mountain landscape.

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

104 Crossword grid with solutions in Icelandic. Includes a picture of a tower.

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

Leiga

Herbergi til leigu frá og með 1. maí á besta stað í Eyjafjarðarsveit. Tilvalið fyrir unga manneskju sem langar að fá vinnu í sveit og/eða sækja skóla á Akureyri næsta vetur. Allar nánari upplýsingar fást í gegnum netfangið bjarkeysig@hotmail.com

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafð samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission Akureyri, netfang einar.g9@gmail.com, Einar G.

Mættu orð mín vera þér þóknarleg og hugsanir hjarta míns koma fram fyrir þig, Drottinn, bjarg mitt og frelsari.

Sálm. 19.15

biblian.is

Til leigu

Allur búnaður í mjaltagryfju ásamt vacuum dælu, þvottabúnaði og mjólkurtanki. Selst ódyrt. Uppl. í síma 894-9249.

Spádómar

Símaspá 908-6116. Ástir fjármál heilsa.

www.bbl.is

Gluggar og hurðir fyrir íslenskar aðstæður

Í yfir 20 ár hefur Viking Window AS selt tréglugga og hurðir á Íslandi



Gluggar og hurðir með eða án alkápu, allir RAL litir í boði að innan og utaverðu. Afhendist glerjád og tilbúið til uppsetningar. Afgreiðslutími 5-8 vikur. Sjá nánar á: viking.ee

Nánari upplýsingar gefur Olafur í síma 480 0009



Aflvélar ehf. • Vesturhrauni 3 • 210 Garðabær
Sími: 480 0000 • aflvelar.is • sala@aflvelar.is

FASTEIGNASALAN BÆR

www.fasteignasalan.is

Vantar allar gerðir fasteigna á söluskrá
bújarðir og bústaði, íbúðarhús og útihús, landspildur og lóðir.
-Traust og fagleg vinnubrögð-

Loftur Erlingsson
sölufulltrúi / nemi í löggildingarnámi fasteignasala
s.896 9565 - loftur@fasteignasalan.is

Snorri Sigurfinnsson
lögg.fasteignasali
snorri@fasteignasalan.is

Fasteignasalan Bær • Ógurharf 6, 203 Kópavogur • Austurvegur 26, 800 Selfoss • Sími: 512 3400

Lely Center Ísland HAUGHRÆRUR



Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

Daggi ehf

Renni og vélaverkstæði Hveragerði

- Heddvíðgerðir
- Hedðplömun
- Hedðbrýstíprufun
- Slípa ventla og ventlasæti
- Bora og hóna blokkir
- Vélasemsetningar



S. 646-5242 Austurmörk 14 810 Hveragerði
daggi@vortex.is facebook.com/daggi ehf

Færíbanda-reimar

Eigum á lager færíbandareimar í flestar gerðir rúlluvéla



GÚMMISTEYPA P. LÁRUSSON EHF.

Gyflarhlöt 3 • 112 Reykjavík • Sími 567 4467 • Fax 567 4766 • gummisteypa@gummisteypa.is • www.gummisteypa.is

EYJALIND Varahlutir í VOLVO

- Vinnuvélar
- Vörubílar
- Rútur



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ÁSCO

BÍLARAFMAGN

Allar gerðir startara og alternatora



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengir fyrir togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlöður. Fjarstæsingar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. Áriðlar 12V og 24V í 240V. Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælur, ampærmælur, spennufellur 24V í 12V, truflanaþéttar, loftnetsframleningar. Kerrutenglar. Breytar fyrir 13P Kerrutengla. Öryggi. Sjálvvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 32mm. Postulinsöryggi. Öryggiahöldur. Stór öryggi uppi 250A. Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusettt fyrir bassakeulur. Bassakeulur. Óxulhosur. Spennustíllar. Díður. Rafgeymaskór. Jarðsamband. Díðubryr. Ríemskífur fyrir alternatora. Vöggingslíneasar. Bláarabólur. Lagar í alternatöru. Kóli í alternatöru. Vöðvarn 0,2000 uppí 950V. Ög mangt mangt fleira.

ÁSCO

Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is BÍLARAFMAGN

VEISTU HVAD FELST Í ÁBYRGUM INNFLUTNINGI?

Verum upplýst. Kynntu þér málið á **oruggurmat.is**



HÓPUR UM ÖRUGG MATVÆLI

Útvegum varahluti í flestar gerðir vinnuvéla



Vélavit S: 527-2600

Sala - Þjónusta
www.velavit.is

FRUMSÝNUM UM MIÐJAN MAÍ - NÝJAN RAM 3500



MEGA CAB

MEGA CAB OG CREW CAB

40 BÍLAR Á LEIÐINI - Í LIMITED, LONGHORN, LARAMIE
(SPORT & BLACK EDITION) OG BIG HORN ÚTFÆRSLUM



CREW CAB



RAM BOX MED 400W RAFTENGI



FJARSTÝRÐ OPNUN AFTURHLERA



MESTA INNRARÝMIÐ



12" SNERTI- OG
UPPLÝSINGASKJÁR



360°MYNDAVÉL, SKYNDARAR AÐ
FRAMAN OG AFTAN

Nýr RAM 3500 er á leiðinni til okkar. Nýtt glæsilegt útlit, nýjar útfærslur og fjölmargar tækninýjungar í boði. Öflug 6.7 lítra Cummins díselvél, 6 þrepa sjálfskipting (AISIN sjálfskipting), 370/400 hestöfl. RAM 3500 er með mesta togstöð, mestu dráttargetuna og mesta innraráymið (Mega Cab) í sínum flokki.

Íslensk-Bandaríska er umboðsaðili RAM á Íslandi. Með því að kaupa RAM hjá okkur tryggir þú þér ábyrgð framleiðanda og allar innkallanir sem kunna að berast á líftíma bílsins verði tilkynntar eiganda sem framlengd ábyrgð framleiðanda og framkvæmdar eiganda að kostnaðarlausu.

ramisland.is

